

allt

NIJALL GUNNLAUGSSON

Ekur um á sögufrægu mótörhjól



KOMIN ÚR HÁLFS ÁRS PÁSU

Birgitta Haukdal hlær að slúðursögunum

IRAFÁR MÆTIR ENDURNÆRÐ AFTUR TIL LEIKS

FÓLK 30



FINNBOGI PÉTURSSON

Rafstuð í æsku opnaði vitundina

VINNUR MEST MEÐ TÍÐNISVIÐ

HELGARVIÐTAL 28



Í MIÐJU BLAÐSINS

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. júní 2005 - 149. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Ný andlit í byrjunarliðinu gegn Ungverjum

Ísland mætir Ungverjum í undankeppni HM á Laugardalsvelli klukkan 18.05 í dag. Tveir leikmenn verða í byrjunarliðinu í fyrsta sinn í þessum leik.

ÍPRÓTTIR 35



### Eitursnjall en rættinn

Finnur Ingólfsson ávann sér virðingu innan Framsóknar þegar hann hreinsaði upp skuldahallann eftir NT-ævintýrið. Hann þykir eitursnjall og ólæknandi dugnaðarforkur sem á til að vera rættinn að óþörfu.

MADUR VIKUNNAR 16

### Sif Gunnarsdóttir skipuleggur Hátíð hafsins

Skipið Sæbjörgin fer í Akraborgarleik og siglir til Akraness eins og forðum.

FÓLK 62

### VEÐRIÐ Í DAG



SVIPAÐ VEÐUR ÁFRAM, YFIRLEITT PURRT og bjart en einstaka síðdegisskúr hér og hvar. Hæg norðanátt og hiti 6-12 stig.

VEÐUR 4

### Fréttablaðið skorar og skorar!

Lesur íþróttasiðna

FRÉTTABLAÐIÐ

39%

Morgunblaðið

26%

Íslendingar 18-49 ára

\*Lesur á íþróttasiðna blaðanna á fimmtudögum. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005



JÓHANN OG HÖRÐUR Glafir í bragði enda viðburðarík helgi framundan. Vel búnir og til í allt en höfðu enga hugmynd um áfangastaðinn.

Fjöldi fólks hélt af stað í ferðalag:

## Haldið á vit óvissunnar

FERÐALÖG „Við vitum ekkert hvert við ætlum að fara á þessari stundu en þannig eru líka skemmtilegustu ferðalögin,“ sögðu þeir Hörður Unnarsson og Jóhann Arnórsson, sem voru í hópi þeirra höfuðborgararbúa sem héldu úr bænnum um helgina. Gekk umferðin engu að síður vel fyrir sig og höfðu engin teljandi óhöpp orðið þegar blaðið fór í prentun.

Hörður sagði þá félagar búna undir hvað sem er enda með gott

tjald, góða svefnpoka og annað sem máli skipti í útilegum. „Við gætum endað norður í landi eða endað í Borgarfirði. Það veltur á því í hvernig skapi við erum á leiðinni og hvort við sjáum eitthvað skemmtilegt sem er þess virði að kanna nánar. Þetta höfum við gert áður og alltaf haft gaman af.“

Áfangastaðir voru af ýmsu tagi hjá öðrum ferðalögum sem Fréttablaðið náði tali af. Laugarvatn og Borgarfjörður heilluðu

marga og talsverður straumur af fólki var norður á Akureyri. Þó var það mat afgreiðslufólks á bensínstöðvum að umferð fólks út á land væri minni en oft áður um þessa helgi.

Helgarspá Veðurstofu Íslands er sæmileg fyrir allt landið en þó er hætta á slydduélum eða skúrum norðaustanlands. Gert er ráð fyrir að hitastig verði frá fjórum stigum og allt að sextán og hlýjast suðvestanlands.

- aðe

## Vilja þyngri dóma í mansalsmálum

Mál sem tengjast mansali hafa ratað í vaxandi mæli inn á borð dómstóla hér á landi. Fólk sem starfar að mannréttindamálum á Íslandi dregur í efa að tekið sé á þessum málum af nægilegri festu.

DÓMSMÁL Kristín Ástgeirsdóttir, sérfræðingur á rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, segir nauðsynlegt að taka á öllum málum tengdum mansali, þar sem konur um allan heim eru oftast ekki fórnarlömb, af ákveðni og hörku.

„Ég benti á það þegar þessi mál fóru að koma fram hér á landi að það væri nauðsynlegt að gefa þau skilaboð til glæpamanna sem að mansali standa að flutningsleið með fólk um Ísland sé vöndur kostur.“ Kristín dregur í efa að þau forðæmi sem dómur í þessum málum hafi sent nógu sterk skilboð. „Ég gagnrýndi það á sínum tíma að ekki væri tekið harðar á þessum málum, líkt og gert er í löndum í

kringum okkur, en þá gáfu dómstólar tóninn með því að dæma mann fyrir brot sem tengdist mansali í fimm mánaða fangelsi.“ Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, segir ekki sitt að dæma um hvort refsingarnar séu nógu harðar en það sé alveg ljóst að Ísland verði að hafa skýra stefnu hvað þessi mál varðar.

„Það verður að taka ákveðið á þessum málum hjá dómstólum, en það verður líka að huga að vandanum í víðara samhengi og taka þátt í því alþjóðlega starfi sem unnið er til þess að stemma stigu við þeim djúpstæða og umfangsmikla vanda sem mansalið er.“

Jónatan Þórmundsson, lagafrófeður við Háskóla Íslands, segir mikilvægt að tekið sé á þessum málum með svipuðum hætti og gert er í löndum í kringum okkur. „Það er óheppilegt að dæmt sé með öðrum hætti hér á Íslandi en til dæmis í nágrannlöndunum, því þá fara glæpamennirnir að leita eftir því að fara hér í gegn, þar sem hér eru vægari refsingar við þess háttar brotum.“

Þetta hefur gerst í fíkniefnamálunum annars staðar í heiminum, og það er ekki eftirsóknaveit að skapa gríðland fyrir þessa starfsemi hér á landi.

Samræmi milli ríkja í þessum málum er því afar mikilvægt.“

magnush@frettabladid.is

Íslandsbanki:

## Slegist um yfirráðin

VIÐSKIPTI Fylkingarnar sem takast á um völdin innan Íslandsbanka reyna nú báðar að komast yfir fjögurra prósent hlut Steinunnar Jónsdóttur í bankanum. Það getur ráðið miklu um framtíð bankans hvor fylkingin tryggir sér hlutinn, ef af sölu hans verður.

Talið er að Straumur og Landsbankinn reyni að tryggja aðilum sér vilhóllum hlutinn þar sem Straumur getur ekki keypt hann vegna skilyrða Fjármálaeftirlitsins. Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Einar Sveinsson stjórnarformaður hafa nýlega tryggt sér hlut Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, en hann er faðir Steinunnar.

Jón Helgi og Steinunn hafa bæði stutt Bjarna, Árna og samverkamenn þeirra til þessa. Nái Straumur og Landsbanki hlut Steinunnar breytast valdahlutföllin því nokkuð.

Sjá síðu 18

Ofbeldi gegn barni:

## Misþyrmdu meintri norn

BRETLAND Þrír Angólamenn sem búa í Bretlandi hafa verið sakfelldir fyrir misþyrmingar á barni sem þeir töldu að væri norn.

Í ársbyrjun 2003 barst ættingjum átta ára gamallar angólskrar stúlku sem býr í Hackney í Lundúnum orðrómur um að telpan væri viðriðin einhvers konar kukl. Þeir ákváðu því að særa úr henni illan anda með því að skera hana, hýða með belti og nudda chilli-pípar í augu hennar. Ættingjarnir höfðu auk þess í hyggju að varpa henni ofan í á sem rennur fyrir utan heimili þeirra.

Dómur hefur ekki verið kveðinn upp en búist er við að þremmingarnir verði settir í fangelsi. ■

Hellur & Steinar



STEYPUSTÖÐIN  
S. 540 6800  
www.steypustodin.is





## SPURNING DAGSINS

Hafsteinn, ætlaðu að bjóða Davíð í Monopoly í Perlunni?

„Nei. Ég er mjög sár að Alfred hafi skilað spilinu því hann hefði hugsanlega getað fengið útrás fyrir þörf sína til þess að taka áhættu með annarra manna fé.“

Hafsteinn Þór Hauksson er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem gaf Alfred Þorsteinssyni Monopoly til að mótmæla eyðslu Orkuveitunnar. Alfred endursendi spilið og stakk upp á ungr sjálfstæðismenn biðu Davíð Oddssyni að spila við sig Monopoly í Perlunni, sem Davíð lét reisa, því hún hefði reynt borginni þungur baggi.



AF SLYSSTAÐ Billinn fór nokkrar veltur utan vegar.

Alvarlegt umferðarslys:

## Tveir mikið slasaðir

**LÖGREGLUMÁL** Tveir slösuðust alvarlega í alvarlegu umferðarslysi á Austurvegi í fyrrinótt. Ökumaður missti stjórna á bíl sínum, keyrði á ljósastaur og valt nokkrar veltur utan vegar.

Ökumaður og þrír farþegar voru í bílnum og slösuðust þeir sem fram í sáttu alvarlega. Farþegarnir sem sátu í aftursætu sluppu með minniháttar meiðsl.

Þrjú sjúkrahús frá Grindavík og Keflavík voru kallaðir út auk lögreglu og slökkviliðs Grindavíkur. Farþegarnir og ökumaður voru öll flutt á slyssadeild Landspítalans í Fossvogi. Farþeganum sem sat í framsæti er nú haldið sofandi í öndunarvél.

- mh

## SÝRLAND

**SCUD-ELDFLAUGAR VEKJA UGG** Sýrlendingar hafa að undanförunu gert tilraunir með meðaldrægar Scud-eldflaugar. Þetta hefur vakið ótta meðal Ísraelsmanna um að þessir óvinveittu nágrannar þeirra geti gert efnavopnaðrás á Ísraelskar borgir en talið er að Sýrlendingar búi yfir slíkum vopnum.

## LÖGREGLUFRETTIR

**TEKNIR MEÐ FÍKNIEFNI** Lögreglan í Vestmannaeyjum tók fjóra menn með lítilræði af hassi í heimahúsi í fyrrinótt. Mennirnir voru færðir á lögreglustöð en var síðan sleppt að lokinni skýrslutöku.

Enn hækka stýrivextir Seðlabankans:


## Gengið líklega áfram sterkt

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um hálf prósentustig í gær. Allar líkur eru því á því að vextir á skammtímalánum, yfirdrætti og kreditkortaskuldum hjá bönkunum hækki í kjölfarið.

Seðlabankinn hefur nú hækkað vexti úr 5,3 prósentum í 9,5 síðan í maí í fyrra. Sem fyrr eru rökinn fyrir hækkingunni þau að hætta sé á að verðbólga verði í hagkerfinu þegar yfirstandandi tímabili stórförumkvæmda lýkur.

Greiningardeild KB banka sagði í hálf fimm fréttum í gær að vaxtahækkingin væri meiri en búist hefði verið við. Það þýðir að allar líkur eru á því að gengi krónunnar styrk-

### STÝRIVEXTIR SEÐLABANKANS FRÁ ÁRINU 2003



ist enná frekar á mánudaginn, en gengið hafði lækkað nokkuð skarpt í aðraganda vaxtaákvörðunarinnar þar sem búist var við minni hækkingu.

Fram kom í máli Birgis Ísleifs Gunnarssonar seðlabankastjóra í gær að nú væri verðbólga engin eftirlit væri framhjá hækkingu á húsnæðisverði. Hins vegar væri sú

hjöðnun á verðbólgu líklega tímabundin. „Sennilegt er að verðbólga aukist á ný þegar áhrif gengishækkunar krónunnar frá desember síðastliðnum og breytinga á meðferð vaxtakostnaðar í húsnæðislið vísitölu neysluverðs hafa fjarad út og dregur úr áhrifum óvenjumikillar verðsamkeppni á lágvöruverðsmarkaði,“ sagði Birgir Ísleifur. - þk

## Skuldir fátækra ríkja verði strokaðar út

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, hefur kynnt áform ríkisstjórnarinnar um að gefa fátækustu ríkjum heims upp skuldir sínar. Bretar skora á ríkisstjórnir annarra auðgra ríkja að gera slíkt hið sama.

**FÁTÆKI** Breska ríkisstjórnin ætlar að berjast fyrir því að striki verði slegið yfir stóran hluta skulda þróunarlandanna og mannúðaradstoð við þau verði snaraukin. Bandaríkjamenn eru hins vegar í mörgum atriðum andvígir þessum áformum.

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, kynnti áætlanir sínar um það sem hann kallar „Marshall-adstoð okkar tíma“ á fundi í Edinborg á fimmtudagskvöldið. Samkvæmt tillögnum verða fátækustu ríkjum heims, sem flest eru í Afríku sunnan Sahara, gefnar upp skuldir sínar hjá stofnunum á borð við Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Afríska þróunarbann. Verði þetta ekki gert þurfa þróunarlöndin að greiða um þúsund milljarða króna í afborganir á lánum næsta áratuginn.

„Nú er hvorki tími fyrir hálfkák né ótta um of háleit markmið. Nú er tækifæri fyrir okkur til að snúa gæfuhjólum heimsálfu henni í vill og gerbreyta lífi milljóna manna,“ sagði Brown á fundinum. Brown hefur lengi verið áhugamaður um að draga úr skuldabyrði þróunarlandanna og því hafa Bretar einsett sér að gera málefnið að sínu höfuðmarkmiði meðan á formennsku þeirra í hópi átta helstu iðnríkja heims stendur. Fundur þeirra hefst í Gleneagles í Skotlandi 6. júlí næstkomandi og tímang þangað til ætla Bretar að nota til að sannfæra aðrar þjóðir um nauðsyn áætlana sinna.

Fyrir utan afléttingu skulda



**ÁÐGERÐA ER ÞÖRF** Fátækustu ríki heims verða að greiða um þúsund milljarða íslenskra króna í afborganir af lánum næsta áratuginn. Litlar líkur eru á að þau nái að vinna sig úr fátæktinni verði ekki létt undir með þeim á einhvær hátt.

hyggst Brown beita sér fyrir auknum framlögum til mannúðar- og þróunarástoðar og að viðskiptahindrunum verði rutt úr vegi svo að fátækari þjóðir eigi hægar um vik að selja vörur sínar á heimsmarkaði. Bróðurpartur þeirra fjármuna sem löndin fengju vegna þessara ráðstafana yrði sérstaklega eyrnamerkur menntamálu.

Bretar hyggjast ganga sjálfir á undan með góðu fordæmi og greiða tíu prósent skulda 22 fátækustu ríkja heims við alþjóðastofnanirnar. Kanadamenn og Hollendingar ætla að gera slíkt



**GORDON BROWN** Hann kallar áform ríkisstjórnar sinnar „Marshall-adstoð vorra tíma.“

hið sama. Bandaríkjamenn hafa hins vegar lýst því yfir að margir liðir áætlunar Browns séu þvert á hagsmunum þeirra og fjárlagastefnu. sveinng@frettabladid.is

Kvóti til Hornafjarðar:

## Skinney kaupir Helgu

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirtækið Skinney Þinganes á Hornafirði hefur fest kaup á fiskveiðiskipinu Helgu RE 49 af útgerðinni Ingimundi hf. í Reykjavík. Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri segir að skipið verði afhent um miðjan ágúst og gert út frá Hornafirði.

Með skipinu fylgja aflaheimildir sem nema fjórtán til fimmtán hundruð þorskígildistonnunum, einkum í þorski, ýsu og ufsa. Kaupverð skipsins fæst ekki gefið upp en miðað við gangverð á aflaheimildum gæti Skinney Þinganes hafa greitt 1,6 milljarða króna fyrir kvótann. ■



**PÓLSKA SKÚTAN** Sé grannt skoðað má sjá talsverðar skemmdir á hlið skútunnar sem liggur í Vestmannaeyjahöfn.

Skúta hætt komin við Eyjar:

## Árekstur við stórhval

**SJÓSLYS** Áhöfn pólskrar skútu komst við illan leik í höfnina í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld eftir að hafa lent í árekstri á hafi úti. Vildi fólkíð meina að skútan hefði lent í árekstri við hval en hlið skútunnar er löskuð og tók hún á sig vatn alla leiðina til Vestmannaeyja.

Ólafur M. Kristinsson hafnarstjóri segist aldrei hafa heyrt um árekstur stórhvelis og báta og vel geti verið að um rekavið hafi verið að ræða. Hins vegar sé ljóst að skemmdirnar á skútu útlendinganna séu það miklar að einhver tími muni líða áður en fólkíð geti haldið för sinni áfram til Kanada eins og til stóð.

-aþe

Ólöglegt vinnuafli:

## Yfir fjörutíu ábendingar

**ATVINNUMÁL** Átak Alþýðusambands Íslands gegn félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi gengur vel, en það hefur nú staðið yfir í rúman mánuð.


Á því tímabili hafa borist um 40 ábendingar um hugsanlega ólöglega atvinnustarfsemi og koma þær víða að. Að sögn Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra sambandsins, eru flestar ábendingarnar vegna fólks í bygginga- og veitingageiranum suðvestanlands en einnig talsvert um ábendingar vegna verkataka sunnanlands.

-aþe

## Ráðskona óskast í sveit má hafa með sér barn

METSÖLU-ÁSTARSAGAN EFTIR SNJÓLAUGU BRAGADÓTTUR FRÁ SKÁLDALÆK ER KOMIN AFTUR!

„Fyrst hann vildi þetta, var hún reiðubúin. Hún átti þó þá afsökun að hún elskaði hann...“



KILJA

STÖNG Sími: 554 7700

Lík kornabarna finnast í frystikistu:

## Móðir játar að hafa myrt börn sín

**VÍN, AP** Mikill óhugnaður ríkir í Austurríki eftir að lögreglan í Graz skýrði frá því að hún hefði fundið lík fjögurra kornabarna. Móðir þeirra hefur játað að hafa banað þeim í órvæntingu sinni vegna fjárhagsstöðu.

Fyrstu tvö líkin fundust á mánudaginn í frystikistu í húsinu þar sem konan býr en nágranni hennar ætlaði að ná sér í rjómaís. Lögregla var þegar kölluð á vettvang og fann tvö lík til viðbótar, eitt í málningarfötu sem fyllt hafði verið með steypu og grafin í jörð og annað sem grafið var undir rusli í skúr í garðinum.

Móðir barnanna hefur þegar játað að hafa ráðið þeim bana fljótlega eftir fæðingu þeirra. Hún ber því við að hafa fyllt órvæntingu vegna bágrar fjár-



hagsstöðu en jafnframt óttaðist hún að sambýlismaður sinn mundi yfirgefa sig vegna barnanna. Grunur leikur á að fyrsta drápið hafi átt sér stað fyrir þremur árum.

Konan starfar sem endurskoðandi en nágrannar hennar lýsa henni sem dugnaðarforki sem hélt heimili þeirra ávallt falllegu. Skóthjúin hafa þegar verið sett í gæsluvarðhald á meðan rannsókn málsins fer fram.

Austurríska þjóðin er slegin miklum óhug vegna málsins en morð og ofbeldisglæpir eru fremur fátíð í landinu. ■

**LEITAÐ AÐ VÍSBENDINGUM** Austurríska þjóðin er afar slegin vegna þessa skelfilega máls.



ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFAN/STÍKJÓ 05/2015

# Fjölskyldudagar

Opið kl. 13-17 í dag

## Dagskrá í dag

- Tívolísprell á efri bílapalli
- Kl. 13.00 - Kalli á þakinu kemur í heimsókn
- Kl. 13.00 - 17.00 - Teiknisamkeppni á Blómatorgi með Mogganum og Pennanum
- Kl. 13.15 - 15.30 - Ratleikur Kalla á þakinu
- Kl. 13.00 - 17.00 - Andlitsmálun fyrir káta krakka í göngugötu



**FJÖLSKYLDUDAGAR**  
Í SAMBÍÐUNUM KRINGLUNNI  
DAGANA 2. - 5. JÚNÍ

	300 kr.
	300 kr.
	300 kr.
	300 kr.
	300 kr.

ADDEINS 300 kr. Á HESSARI MYNODI

## Dagskrá á morgun, sunnudag

- Tívolísprell á efri bílapalli
- Kl. 13.00 - Kalli á þakinu kemur í heimsókn
- Kl. 13.00 - 17.00 - Teiknisamkeppni á Blómatorgi með Mogganum og Pennanum

## Frábær tilboð á máltíðum á Stjörnutorgi!

**Kringlan**  
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
<b>Verslanir</b>	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
<b>Ævintýraland</b>	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,65	65,97
Sterlingspund GBP	119,32	119,90
Evra EUR	80,59	81,05
Dönsk króna DKK	10,83	10,90
Norsk króna NOK	10,19	10,25
Sænsk króna SEK	8,82	8,88
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	96,69 97,27

## Gengisvísitala krónunnar

113,05 +1,49%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breska ríkisstjórnin skorin úr snörinni:

## Atkvæðagreiðslan sett í salt

**EVROPUMÁL** Fastlega er búist við að Bretar muni slá því á frest að ákveða hvenær eða hvort þjóðar-atkvæðagreiðsla fer fram í landinu um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

Enda þótt leiðtogar ESB hafi hvatt þau aðildarríki sem eftir eiga að staðfesta sáttmálann til að halda sínu striki ríkir svo mikil óvissa um stöðu hans eftir atkvæðagreiðslurnar í Frakklandi og Hollandi að lítil tilgangur virðist vera með því.

Breska dagblaðið The Independent greindi frá því í gær að allar líkur væru á að Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, myndi draga til baka tillögu um

þjóðar-atkvæðagreiðslu í landinu í breska þinginu á mánudag vegna þessarar óvissu. Blaðið hermir að með þessu sé ekki verið að slá sáttmálann af heldur vilji stjórnin bíða með að afhafast nokkuð þar til Frakkar og Hollendingar hafi tekið skjalið í sátt.

Áður hafði því verið staðfestlega haldið fram að engar breytingar yrðu gerðar á sáttmálanum en í fyrradag sagði talsmaður framkvæmdastjórnarinnar að það kæmi til greina í ljósi úrslitanna í vikunni. Endurbætur á honum verða því ef til vill gerðar á leiðtogafundi ESB-ríkjanna í Brussel síðar í þessum mánuði. ■



**JACK STRAW** Breska ríkisstjórnin er því eflaust fegin að fá gálgafrast til að halda þjóðar-atkvæðagreiðslu.

Hampað af PC World:

## Opera fær verðlaun

**UPPLÝSINGATÆKNI** Greint var frá því í gær að Opera netvafrinn hafi unnið til sérstakra verðlauna tölvutímaritsins PC World, annað árið í röð. Blaðið hampar þar nýjstu útgáfu vafrans, sem kallast Opera 8 og segir hann bæði aðlaðandi og haganlega sniðinn þar sem notagildi fái að njóta sín.

Norska hugbúnaðarfyrtækið Opera Software býr til vafrann, en forstjóri þess og annar stofnandi, er Íslendingurinn Jón S. von Tetzchner. „Það er okkur mikill heiður að taka við þessari verðlaunaúthlutun,“ sagði hann.

-óka



**DREPNIR MEÐ KÖLDU BLÓÐI** Myndirnar af fjöldamorðunum voru sem blaut tuska í andlit margra Serba.

Hugarfarsbreyting:

## Horfst í augu við voðaverk

**BELGRAD, AP** Hugarfarsbreyting kann að vera í vændum hjá stórum hluta serbnesku þjóðarinnar eftir að myndir af fjöldamorði á bosnískum múslimum í bænum Srebrenica árið 1995 voru birtar.

Saksóknarar við stríðsglæpadoomsstólinn í Haag sýndu myndbandið við réttarhöldin yfir Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, á miðvikudaginn og um kvöldið var það svo sýnt í Serbíu.

Margir Serbar hafa ekki viljað horfast í augu við voðaverkin sem unnin voru í stríðinu og því hefur gengið illa að handsama eftirlýsta stríðsglæpamenn. Í gær létu hins vegar viðbrögðin við myndunum ekki á sér standa því þá voru tíu meintir stríðsglæpamenn handteknir í landinu. ■

## KÝPUR

**LEIÐTOGAR FUNDA** Leiðtogar Tyrkja og Kýpur-Tyrkja hittast í Ankara í fyrradag og réðu ráðum sínum um hvernig binda mætti enda á skiptingu Kýpur. Eynni var skipt á áttunda áratugnum eftir að Tyrkir gerðu þar innrás en í fyrra felldu Kýpur-Grikkir tillögu um sameiningu. Því er einungis suðurhluti Kýpur hluti af Evrópusambandinu.



**NÝIR BÍLAR Á HAFNARBAKKANUM** Algjör sprenging hefur orðið í sölu nýrra bíla það sem af er ári.

## Sjö þúsund nýir bílar

Nýir bílar hafa selst hraðar það sem af er ári en áður hefur þekkt hér á landi. Í maí var slegið met í nýskráningu bíla en þá voru nýskráðir meira en 2.000 fólksbílar á einum mánuði. Meirihluti þessara bíla eru keyptir á lánnum.

**BÍLASALA** Aldrei hafa jafn margir bílar selst á jafn stuttum tíma hér á landi og í maímánuði. Þá voru nýskráðir 2.012 nýir fólksbílar og þá hafa selst meira en 7.000 nýir bílar það sem af er ári. Metið í nýskráningu bíla á ári síðustu ár eru rúmlega fimmtán þúsund bílar árið 1999. Ef fram heldur sem horfir fellur það met í ár.

Þórður Kristinn Jóhannesson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármögnunarfyrtækisins Glitnis, segir að líklega megi að hluta til skýra þessa sprengingu með því að bílaleigurnar séu að endurnýja flota sinn fyrir sumarið. Hann segir það ljóst að að minnsta kosti 50 til 60 prósent af þessum nýju bílum séu fjármagnaðir af fyrirtækjum sem sérhæfa sig í því, fyrirtækjum eins og Glitni, Lýsingu og SP fjármögnun.

Þórður segir að markaðurinn

hafi breyst nokkuð frá síðasta ári. Þá hafi margir viljað nýta sér rekstrarleigusamninga en nú sé það að færest mjög í vöxt að einstaklingar vilji sjálfir „eiga“ bílinn, það er kaupa hann á lánnum. Hann telur einnig nær öruggt að þeir fáu sem staðgreiða bílinn hjá umboði hafi þá margir tekið bankalán og fjármagni þannig kaupin á annan hátt en þess þó að eiga beinlínis fyrir bílnum.

## NÝSKRÁNINGAR NÝRRA FÓLKSBIÐLA Á ÁRINU 2005

Janúar	1.314
Febrúar	1.092
Mars	1.167
Apríl	1.561
Maí	2.012
Samtals á árinu 2005	7.146
Sama tímabil árið 2004	4.610

Heimild/Umferðarstofa

P. Samúelsson hf. umboðsaðili Toyota á Íslandi á ansi stóra sneið af markaðnum ef litíð er á tölur frá Umferðarstofu. Í maímánuði einum seldi umboðið meira en 600 nýja bíla. Haraldur Þór Stefánsson, sölustjóri P. Samúelsson, segist aldrei hafa kynnst öðru eins. Hann segir að bílaleigurnar endurnýji alltaf flota sína á þessum árstíma og það sé með svipuðu móti nú og fyrri ár og því hljóti sprengingin að skýrast af því að einstaklingar séu að endurnýja. Hann segir fólk vera að kaupa allt frá smábílum upp í jeppa og að P. Samúelsson hafi til að mynda selt meira en eitt hundrad nýja Land Cruiser-jeppa í maí.

Nú á fyrstu þremur dögum júnímánaðar hefur P. Samúelsson þegar selt 54 nýja bíla þannig að júní gæti slegið maí út ef fram heldur sem horfir.

oddur@frettabladid.is

Úrslit atkvæðagreiðslna:

## Erdogan er vonsvikinn

**ANKARA, AP** Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, lýsti í viðtali við AP-fréttastofuna í gær vonbrigðum sínum með að Frakkar og Hollendingar hefðu fellt stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins en sagði að Tyrkir myndu engu að síður þýsta á um að fá aðild að sambandinu.



**RECEP TAYYIP ERDOGAN**

Úrslitin í vikunni þýða að líkurnar á aðild Tyrkja að ESB hafa dvínað verulega en stór hluti þeirra sem hafnaði sáttmálanum er talinn mjög andsnúinn henni. Þegar við bætist andstaða Angelu Merkel, sem gæti orðið kanslari í Þýskalandi í haust, við inngöngu Tyrkja er útlitið fyrir þá dökkt. ■

Táningspiltar dæmdir:

## Teknir með fíkniefni

**DÓMSMÁL** Fjórir piltar á aldrinum 18 til 19 ára voru í gær dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex til tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaðarbrot og brot á fíkniefnalöggjöf.

Lögregla lagði hald á tæp 10 grömm af hassi og um hálf gram af amfetamíni í bíl eins sakborninganna sem og nokkuð magn af þýfi sem piltarnir höfðu tekið ófrjálsri hendi hér og þar til að fjármagna fíkniefnaneyslu. Pilturinn sem ók bílnum var líka dæmdur fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Öllum sakborningum var einnig gert að greiða verjendum sínum málsvarnarlaun.

-óa

## Frábær tómstundablöð

... full af spennandi verkefnum!

VAKA-HELGAFELL


## VEÐRIÐ Í DAG

Hægur norðanvindur það er svo sannarlega lognmolla í veðrinu, það blása hægir vindar um helgina og er hitinn að mjakast upp á við. Yfirleitt verður bjart þessa næstu daga en það má reikna með einhverjum síðdegisskúrum í innsveitum Suðurlands og á Norð-austurlandi í dag og á morgun. Veðrið næstu daga ræðst af þessari paulsetnu hæð sem hefur verið yfir landinu, á meðan svo er má reikna með áframhaldi andi veðurleysu, en gefi hún sig gæti farið að rigna og jafnvel blása eitthvað.



Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

## Í dag




## Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	16°C skýjað	Algarve	27°C sk.m.köflum
Oslo	12°C rigning	Las Palmas	24°C heiðskýrt
London	17°C skýjað	Krít/Chania	23°C heiðskýrt
Paris	17°C sk.m.köflum	Barcelona	24°C sk.m.köflum


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

## Á morgun



Hæg breytileg átt. Hætta á síðdegisskúrum hér og hvar.

## Mánudagur



Hæg norðlæg eða breytileg átt, lítilsháttar væta á stöku stað.

Mallorca	22°C sk.m.köflum
Alicante	28°C sk.m.köflum
Portoroz	26°C sk.m.köflum
Rimini	23°C sk.m.köflum



**4.990**

~~8.990~~



**Útimálning, 10 ltr.**

Akrýlbundin plastmálning á stein utanhúss.  
7207040-46

nýtt



**3.595**

~~4.590~~

þarf aðeins að bera á þriðja hvert ár.

**Trebitt Terrassebeis**

Pallaolía 5 ltr.  
7049308

Pallaolía 1 ltr.  
7049307

Verð áður 1.790  
**1.395**



**Garðborð**

150x90  
3901481

**9.990**



**Garðstóll**

m/örmum  
3901477

**5.990**



**Veislutjald 3x3 m.**

Fjórar lausar hliðar, 2 með glugga. 165 g polyester 3M Scotchguard vörn grind úr 25/19/19 mm.  
5869250

**5.990**



**Garðsett**

90 sm borð m/glerplötu, 4 stólar m/stíllanlegu baki og sóhlíf  
3901454

**12.990**



**Farangursbox 260 ltr**

1.25 x 0.75 m  
5794410

Verð áður 26.995  
**18.995**

**390 ltr**

1.45 x 0.95 m  
5794412

Verð áður 29.995  
**24.995**



**12.900**



**50% afsláttur**  
af reiðhjólajálmum ef keypt er hjól

**Reiðhjól 26"**

Rautt/Blátt/Silfur. með dempara að framan og aftan. V bremsur að aftan en diskabremsur að framan.  
3899940

Álstell

Diskabremsur

**Njóttu sumarsins...**



**HÚSASMÍÐJAN**

...ekkert mál





## KJÖRKASSINN

Vinna Íslendingar Ungverja í forkeppni HM í fótbolta?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	23,9%
Nei	76,1%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fær RJF-höpurinn Aron Pálma Ágústsson lausan úr fangelsi í Texas?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Hátt gengi krónunnar hefur viðtæk áhrif:

# Ferðamönnum fækkar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamönnum sem komu hingað til lands fyrstu 5 mánuði ársins fækkaði um 5,6 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta kemur fram í nýju fréttabréfi frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

„Menn benda á hátt gengi krónunnar sem eina af helstu ástæðum fyrir fækkuninni því það kemur okkur gríðarlega illa eins og öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnuvegum,“ segir Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Önnur ástæða sem Erna nefnir er afnám sérstaks fjórframlags sem ríkið veitti til eflingar ferða-

þjónustunnar. Framlagið var aðallega notað til landkynningar erlendis. Þetta framlag nam 170 milljónum árið 2004.

„Eftir 11. september 2001 var byrjað að veita meira fé til landkynningar en áður. Þetta sérstaka framlag var tekið í burtu á þessu ári. Við vörudum við þessu og sögðum að verja þyrfti ferðaþjónustuna meðan gengi krónunnar væri svona hátt,“ segir Erna.

- ifv

**ERNA HAUKSÐÓTTIR** Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir afnám sérstaks framlags frá ríkinu til ferðaþjónustunnar koma niður á landkynningu erlendis.



Stálu fartölvu:

## Par dæmt í fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður og kona voru í gær dæmd í fangelsi fyrir innbrot og þjófnaði. Þau stálu meðal annars fartölvu úr bifreið og gerðu tilraun til þess að brjótast inn í skóla í Hörgárbyggð en flúðu þegar þjófvarnarkerfi skólans fór í gang.

Maðurinn fékk tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi á meðan konan fékk tvo mánuði skilorðsbundið.

Maðurinn á langan brotaferil að baki, hann hefur hlotið alls 25 refsidóma fyrir ýmiss konar brot frá árinu 1990.

Hann rauf skilorð með brotnum sem hann var dæmdur fyrir nú, en hann hafði skömmu áður fengið reynslulausn úr fangelsi.

Konan hafði ekki áður hlotið refsidóma.

- mh

Tryggingastofnun:

## Yfir 20.000 tryggingakort

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega tuttugu þúsund evrópsk sjúkratryggingakort voru gefin út í maí, fyrsta mánuðinn eftir að útgáfa kortanna hófst.

Eins og tölur bera með sér hafa viðtökur Íslendinga við evrópska sjúkratryggingakortinu verið mjög góðar og áberandi hversu margir nýta sér þá leið að sækja rafrænt um kortið á heimasíðu Tryggingastofnunar.

Vefumsóknir ná til um 83% af útsendum kortum.

Sjúkratryggingakortin hafa í flestum tilvikum borist viðtakendum 2-3 dögum eftir að sótt hefur verið um.

- jss



**KEYPT INN TIL HEIMILISINS** Flestir ganga út frá því að sama verð gildi í öllum búðum hvernar verslunarkeðju fyrir sig en svo er þó alls ekki samkvæmt könnun Alþýðusambandsins.

# Mikið ósamræmi í verðlagningu

Talsvert ósamræmi er í verðlagningu allra stærstu lágvörverslanakeðjanna hér á landi samkvæmt nýlegri könnun. Í versta tilfallinu var ekki sama verð í átján af tuttugu verslunum sömu keðjunnar

**NEYTENDUR** „Það kom okkur í opna skjöldu hversu algengt þetta er og við hyggjumst skoða þetta nánar enda alvarlegt mál,“ segir Henny Hinzi, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, en í nýlegri verðkönnun samtakanna kom í ljós að mikið ósamræmi er í verði milli keðjuverslana.

Verst reyndist Krónan standa sig hvað þetta varðaði en þar voru 18 verslanir af 20 ekki með sama verð. Ósamræmi var í 15 tilvikum hjá verslunum Kaskó og 14 sinnum hjá Bónus. Um mismun var að ræða í öllum keðjuverslunum hérlandis.

Henny segir að munurinn hafi verið frá nokkrum krónum og upp úr en afar erfitt getur verið fyrir

neytendur að glöggva sig á því hvað rétt verð skuli vera þegar svo stendur á. „Það er augljóslega athugasvert þegar neytendur eru ekki að greiða sama verð fyrir sömu vöru í verslunum sem gefa sig út fyrir að sama verð gildi í öllum verslunum. Í þessari könnun varð reyndar ekki vart við að neytendur úti á landi greiddu sérstaklega hærra verð en höfuðborgar-búar eins og kannski hefði mátt búast við. En niðurstaðan er þannig að við ætlum að skoða þetta ósamræmi nánar.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir regluna þá að sé vara verðlögð í auglýsingu án fyrirvara eigi það verð að gilda um allar verslanir

hverrar keðju fyrir sig. Honum kemur hins vegar verulega á óvart hversu algengt er að munur sé milli verslana eins og könnun ASÍ gefur til kynna. „Ég hélt sjálfur að þessi mál væru í góðu lagi. Í gegnum tíðina hafa komið upp fjölmörg slík dæmi en verslanir hafa verið að bæta sig hvað þetta varðar auk þess sem tæknin gerir verðlagningu auðveldari en áður. Þetta sýnir hins vegar að betur má ef duga skal og í mörgum tilfellum er um mannleg mistök að ræða. Það er hins vegar skýrt að auglýsi verslunarkeðja verð á tegundum sem svo reynast mismunandi verðlagðar milli verslana er um lögbrot að ræða samkvæmt ströngustu skilgreiningu.“ [albert@frettabladid.is](mailto:albert@frettabladid.is)

Óhugnanlegt morð:

## Eldri hjónum ráðinn bani

**SVÍÐJÓÐ** Roskin hjón fundust látin á heimili sínu í Hárnön, skammt norður af Sundsvall í Svíþjóð, í fyrradag. Allt bendir til að þeim hafi verið banað.

Það var dóttir hjónanna, sem voru um sjötugt, sem fann þau en hún var farin að undrast að hafa ekki heyrt frá þeim í nokkra daga.

Lögreglan í Hárnön fer nú með rannsókn málsins en að sögn Dagens Nyheter hefur hún engar vísbendingar um hverjir hafi verið að verki. Ekkert morðvopn hefur heldur fundist. Helst er þó talið að innbrotshjófari hafi framið ódæðið. ■

Lettneska þingið:

## Staðfestu stjórnarskrá

**RÍGA, AP** Lettneska þingið hefur staðfest stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins með afgerandi hætti. 71 prósent þingmannanna greiddi henni atkvæði sitt í fyrradag en aðeins fimm prósent sátu hjá.

„Þetta var táknrænt skref,“ sagði Janis Lagzdins, formaður í Lýðfloknum. „Þetta sýnir að Lettland og önnur ný aðildarríki styðja nýja og sameinada Evrópu.“



**LETTNESKA ÞINGIÐ** Lettneskur þingmaður greiðir hér stjórnarskránni atkvæði sitt.

Eftir atkvæðagreiðsluna lagði Aigars Kalvitis, forsætisráðherra Lettlands, áherslu á mikilvægi stjórnarskrárinnar. Hann rakti úrslit kosninganna í Frakklandi og Hollandi til óskýrrar framtíðarsýnar leiðtoga ESB, frekar en að innihald stjórnarskrárinnar væri orsök. ■

Lögreglan í Kópavogi:

## Níu ákærðir

**LÖGREGLUMÁL** Tölvuverður erill var hjá lögreglunni í Kópavogi í fyrrinótt og komu meðal annars upp fjögur fíkniefnamál.

Níu einstaklingar voru handteknir í tengslum við fíkniefnamálin og var í einu málaanna um sölu efna að ræða. Þeir voru allir kærðir í kjölfarið.

Þá voru sex teknir fyrir of hraðan akstur, flestir á Reykjanesbrautinni. Einn öku mannanna var langt yfir leyfilegum mörkum og var hann stoppaður á 129 kílómetra hraða, á svæði þar sem 70 kílómetra hraði er hámarkið. ■



**TÖLVUGJÖF** Nemendur Ísaksskóla veita gjöfinni frá EJS viðtöku.

Tölvufyrirtækið EJS:

## Gaf Ísaksskóla tölvur

**SKÓLAMÁL** Tölvufyrirtækið EJS færði Ísaksskóla tölvur að verðmæti 2,5 milljóna króna á dögnum.

Það þótti við hæfi að fulltrúar ungu kynslóðarinnar sæju um að færa skólanum gjöfina og veita henni viðtöku. Bjarki Viðarsson, 9 ára sonur Viðars Viðarssonar framkvæmdastjóra EJS, færði Ísaksskóla gjöfina frá fyrirtækinu og tóku nemendur skólans þau Halldór Stefán Jónsson, Rannveig Íva Asparadóttir og Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir við henni. ■

Ráðist að sjíum:

## Sjálfsmorðssprengjuárás í skjóli nætur

**BAGDAD, AP** Ekkert lát er á ofbeldinu í Írak en í fyrrinótt biðu tíu manns bana í sjálfsmorðssprengjuárás sem gerð var í þorpinu Yethrib skammt frá Bagdad.

Hinir látnu voru flestir meðlimir í dulspækiherfingu sjáa og höfðu safnast saman við trúarathöfn.

Uppreisnarmenn skutu auk þess til bana tvo háttsetta íraska embættismenn í Kirkúk og Samarra. Þá létust tveir Írakar, annar þeirra barn, í árekstri við bandarískan herjeppa.

Að minnsta kosti 825 manns hafa fallið í ofbeldishrinunni sem hefur geislað í landinu síðan ríkisstjórn al-Jaafari tók við völdum í apríllok. ■



**IBRAHIM AL-JAAFARI** Þótt írösk stjórnvöld hafi skorið upp her að undanförunu gegn uppreisnarmönnum þá hefur þeim ekki tekist að stöðva ofbeldið í landinu.

Taktu þátt...

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á [visir.is](http://visir.is)  
og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

# GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við:





Allir frostþolnir útipottar  
20% afsláttur



Petúniur  
5 stk.  
999



Hengilobelia 499

# Gróðurátak í Blómavali



Hansarós  
3ja greina 499



Stjúpur  
20 stk.  
hreinir litir  
799



Sérræktaðar  
trjáplöntur 699/stk  
Birki, Stafafura, Sitkagreni, Blágreni



Regnblómið  
vatnsúðari 499  
Verð áður 2.995

Bekkir  
Verð frá 5.900

  
**blómavali**  
heillandi heimur

Reykjavík - Akureyri - Keflavík - Selfoss  
Kringlan - Smáralind



# Blásu til veislu



## Langskorið lambalæri

(Lambalærið er sagað í tvennt langsum eftir beininu.)

### Kryddblanda

1/2 tsk óreganó  
1/2 tsk salvia  
1/2 tsk paprikuduft  
1 tsk sitrónuþipar  
1 tsk timjan

1 tsk rósarín  
1/2 bolli ólífuolía  
safí úr hálfri sitrónu  
salt og pipar

### Skýrsósa

1 lítill dós hrært ósætt skyr  
2 hvítlauksgeirar, pressaðir  
1/2 agúrka, rifin á grófu rifjárnri  
10 fersk mintublöð, smátt söxuð  
1/2 tsk. salt

Stráíð salti yfir rifnar agúrkurnar og látið standa í 3–4 mínútur, kreistið rifnu agúrkurnar lítillega milli handanna og hrærið saman við skýrið ásamt hvítlaug og mintu. Látið sósunu standa í u.þ.b. klst. áður en hún er borin fram.

Biðjið kjötkaupmanninn að skera lambalærið langsum. Blandið öllu þurrkryddinu saman í skál, setjið ólífuóluna og sitrónusafann saman við og hrærið. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og látið það bíða í 1–2 klst. Setjið á grillið í u.þ.b. 9–10 mínútur á hvorri hlið, snúið því samt nokkrum sinnum svo það brenni ekki. Bragðbætið með salti og pipar. 1/2 lambalæri er tilvalið fyrir 2–3 í mat og einnig er mjög þægilegt að grilla lærið á þennan hátt þó svo að það séu fleiri í mat, það sparar tíma og gefur meiri skorpu.



**lambakjöt – léttur réttur**

Upphald íslensku þjóðarinnar  
Fjöldi uppskrifta á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

Sjúkrasjóður Eflingar um heyrnartækjakaupin:

## Átti ekki rétt á styrkveitingu

**FÉLAGSMÁL** „Staða þessa einstaklings gagnvart sjúkrasjóði Eflingar var sú, að hann var fyrir nokkru farinn af vinnumarkaði og því höfðu vinnuveitendur ekki greitt af honum iðgjöld til sjóðsins. Þess vegna hafði hann ekki rétt á styrkveitingu til kaupa á heyrnartækjum.“

Þetta segir Guðrún Kr. Óladóttir forstöðumaður sjúkrasjóðs Eflingar.

Kristján Vilmundarson, 74 ára ellilífeyrisþegi, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær, að honum hefði verið hafnað um styrk úr sjóðnum til að kaupa sér nýtt heyrnartæki. Honum þótti þetta ósanngjarnt, þar sem hann hefði greitt í félagið alla tíð, eins og hann orðaði það.

„Þarna gætir misskilnings,“ sagði Guðrún. „Iðgjöld til sjúkrasjóðsins og félagsgjöld til Eflingar eru tveir aðskildir hlutir. Félagsgjöldin standa því ekki undir styrkjum sjóðsins, heldur undir starfi félagsins í þágu félagsmanna. Við erum með þónokkurn hóp af fólki hér, eldra en þessi maður, sem fær styrki úr sjóðnum. Það fólk er allt í vinnu og því greidd fyrir það iðgjöld.“

-jss

**HJÁLPARTÆKI** Margir missa heyrn á efri árum og þurfa þá nauðsynlega á heyrnartæki að halda.



## Sumarhúsalóðir seldar á útsöluverði

Fasteignasali á Suðurlandi segir jörðina Úlfjótuvatn hafa verið seld á spottprís. Forstjóri Orkuveitunnar segir samanburðinn ekki raunhæfan og segir verðmætaaukninga verða til við þróun landsins.

**FRÍSTUNDABYGGÐ** „Ef sumarhúsalóð, á þessum stað, kostar ekki nema tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur er það spottprís,“ segir Sigurður Sveinsson, löggiltur fasteignasali hjá fasteignasölu Bakki.com á Selfossi. Hann segir að eins hektara lóðir í Grímsnes- og Grafningshreppi seljist á um tvær til tvær og hálf milljón og landið á Úlfjótuvatni sé ekki síðra.

Hin nýja byggð Orkuveitunnar og Klasa við Úlfjótuvatn á að rúma að minnsta kosti 600 sumarhús en jörðin var lögð fram sem hlutafé í nýtt félag í eigu aðilanna fyrir hundruð og fimmtíu milljónir króna. Í hluthafasamkomulagi milli félaganna kemur fram að gert sé ráð fyrir því að lóðirnar sem byggjast eiga, verði um hálfur hektari að stærð. Þannig má ætla að hver lóð sé að jafnaði um tvö hundruð og fimmtíu þúsund króna virði en það getur verið breytilegt eftir stærð og legu hverrar lóðar.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir að ákvörðun um verð fyrirtækisins hafi verið ákveðið eftir mat Magnúsar Leópoldssonar fasteignasala. „Það var miðað við það verð sem hefur verið í gangi þarna undanfarið.“ Magnús segir að verðmætaaukningin á landinu verði til þegar landið verði þróað og það skipulagt með Klasa sem sé fyrirtæki sem búi yfir þekkingu. „Við hefðum auðvitað getað staðið í því sjálfir að skipuleggja og selja landið en teljum réttara



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Segir jörðina Úlfjótuvatn hafa vera lagða inn sem hlutafé á raunhæfu verði.

að leita til aðila sem hafa sérþekkingu á þessu sviði,“ segir Guðmundur.

Hann gefur lítið fyrir þá aðferð að bera saman verð sumarhúsalóða með þessum hætti. „Við hefðum sjálfir getað sett nokkur hundruð milljónir í það að búa til vegi, byggja bryggju og svo framvegis

og hver lóð hefði þá orðið meira virði. Við höfum ákveðið að gera það ekki og ætlum að láta aðra í þessa vinnu og þannig búum við til verðmæti en tökum ekki einir áhættuna að því þar sem við höfum fagaðila með okkur í þessu verkefni,“ segir Guðmundur.

[hjalmar@frettabladid.is](mailto:hjalmar@frettabladid.is)

## Heimilisostur með 20% afslætti í næstu verslun!

**20% afsláttur**



Nú færðu Heimilisost í sérmerktum kílóastykkjum á tilboði í næstu verslun!



# Blómamarkaður

Hagkaupa Skeifu, Spöng, Eiðistorg, Garðabæ og Akureyri



Lóbelía



Cypris



Stjúpur blandaðir litir 30 stk.



Nellikka



Sólboði



Hreppa gróðurmold 6 ltr.

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

## HAGKAUP

Skemmitilegast að versla



Nicholas Cage leikur útsmoginn svikarhapp sem lifir á því að féfletta gráðugt fólk. Einfalt líf hans flækist svo verulega þegar 14 ára gömul dóttir hans birtist óvænt. Stórskemmtileg svikamylla sem þú mátt ekki láta framhjá þér fara.

**MATCHSTICK MEN**

Í kvöld kl. 21:20



Framhaldsskólanemar:

## Kolféllu í fjármálalæsi

**FJÁRMÁL** Framhaldsskólanemar fengu fallelkunn í fjármálalæsi í könnun sem Breki Karlsson, nemandi í Háskólanum í Reykjavík, gerði í vetur. Breki segir að niðurstaðan hafi verið skelfileg. Könnunin hafi staðfest grunsemdir sínar en sér hafi komið óvart hve mikinn yfirdrátt nemarnir hafa.

Um 17,5 prósent framhaldsskólanema hafa yfirdrátt í bönkum og er yfirdrátturinn 146 þúsund krónur að meðaltali. Hæsti yfirdrátturinn nam þó 600 þúsundum króna en algengastur var yfirdráttur að fjárhæð 50 þúsund krónur.

Tæp 24 prósent nemanna eru með mánaðarlegar afborganir af lánum og 13 prósent hafa lent í vanskilum en 72,4 prósent hafa aldrei reynt að fylla út skattframtal. 63 prósent þeirra vita ekki hvað það þýðir að taka gengistryggt bílalan.

Breki sendi 40 spurninga krossapróf til tæplega 70 framhaldsskólanema. „Meðaleinkunn var 4,6 sem er fall. Skólakerfið virðist ekki gera ráð fyrir að þurfa að mennta krakka í þessum efnum,“ segir hann.

Sjálfur fékk hann 9,5 sem var hæsta einkunnin í vor.

-ghs



**GAF FALLEINKUNN Í FJÁRMÁLALÆSI** Breki Karlsson, nýtskrifaður nemandi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík, kannaði fjármálalæsi framhaldsskólanema og gaf þeim fallelkunn fyrir kunnáttuna. Sjálfur fékk hann 9,5 eða hæstu einkunn sem gefin var frá Háskólanum í Reykjavík við útskriftina í vor.



**ORMARR ÖRLÝGSSON** Megnið af framleiðslu Skinnaiðnaðar á Akureyri, 98 prósent, hefur verið flutt til landa Evrópu, Asíu og Ameríku.

## Skinnaiðnaður stefnir í þrot

Skinnaiðnaður á Akureyri hefur sagt upp um 40 manns og fyrirtækið rær lífróður til að halda starfseminni gangandi. Fátt bendir til að félagið nái landi og útlit fyrir að skinnaiðnaður sem atvinnugrein leggist af á Akureyri með haustinu.

**IÐNAÐUR** Nær öllum starfsmönnum Skinnaiðnaðar á Akureyri verður sagt upp um næstu mánaðamót en flestir þeirra eru með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Fimm starfsmenn munu starfa áfram við hrávinnslu skinna á Saudárkróki og hugsanlega einn eða tveir starfsmenn á skrifstofu félagsins. Ormarr Örlýgsson, framkvæmdastjóri Skinnaiðnaðar, segir fátt í spilunum sem komið geti í veg fyrir að starfsemi félagsins leggist að mestu leyti niður. „Reksturinn hefur verið mjög erfiður að undanförunu vegna sölu-tregðu og gengismála. Þar að auki höfum við þurft að liggja lengi með hráefnisbirgðir en því fylgir hárfjármagnskostnaður. Efnahagsástandið í Evrópu hefur valdið því að færri hafa áhuga á þeim hágæða kuldaflúkum sem framleiddar eru úr afurðum okkar og sumir segja að sölutregðuna megi einnig rekja til hlýnandi loftslags,“ segir Ormarr.

Skinnaiðnaður á Akureyri ehf. er í 54 prósentu eigu Staka en það er félag sem starfsmenn Skinnaiðnaðar eiga. Aðrir eigendur eru Landsbankinn og KEA. „Félagið var stofnað árið 2002 á grunni almenningshlutafélags sem Landsbankinn eignaðist. Reksturinn gekk mjög vel á fyrsta starfsári, heldur verr árið 2003 en í fyrra, og það sem af er ári, hefur reksturinn verið mjög dapur,“ segir Ormarr.

Til að bregðast við erfiðleikum í rekstrinum í fyrra var gripið til uppsagna. „Við sögðum þá upp um 30 manns og fækkuðum niður í um 40 en það dugði ekki til. Við erum að gera allt sem hægt er til að bjarga starfseminni og endanleg niðurstaða ætti að liggja fyrir innan mánaðar en útlitið er ekki gott,“ segir Ormarr.

Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) byrjaði með skinnaiðnað á Akureyri árið 1923 þegar Gæruverksmiðja SÍS í Listagilinu á Akureyri hóf starfsemi. Nú er útlit fyrir að verkun skinna leggist af á Akureyri en skinnaiðnaðurinn er einu leifarnar af iðnaðarstarfsemi Sambandsins sem eftir eru á Akureyri. [kk@frettabladid.is](mailto:kk@frettabladid.is)

Könnun meðal fólks á vinnumarkaði:

## Margir þekkja lítið til réttar síns

**RÉTTINDI** Rúmur þriðjungur starfandi Íslendinga veit ekki í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða að sögn Guðjónu Bjarkar Sigurðardóttur, útskriftarnema við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Guðjóna gerði á vormánuðum rannsókn meðal tæplega þrjú hundruð starfsmanna á vinnumarkaði og kannaði hversu vel þeir þekkja ýmis réttindi sín.

„Þekking ungmenna reyndist almennt langminnst,“ segir Guðjóna en í ljós kom að nær helmingur starfsmanna á aldrinum 16-25 ára hafði ekki hugmynd um í hvaða stéttarfélag þeir greiða. Þessi aldurshópur kom einnig verst út þegar fólk var spurt hvort brotið hefði verið á rétti þeirra, en 40 prósent ungmenna töldu svo vera. „Þeim sem helst er brotið á virðist síst kunnugt um réttindi sín,“ segir Guðjóna.

„Þessi niðurstaða er áhyggju-



**GUÐJÓNA BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR** Rannsakaði hversu vel Íslenskir starfsmenn þekkja réttindi sín á vinnumarkaði og komst að því að mest er brotið á yngsta aldurshópnum sem jafnframt þekkir síst réttindi sín.

efni,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Grétar bendir þó á að sambærileg rannsókn hafi að sínu viti ekki verið gerð áður. „Ég efast um að

niðurstöðurnar hefðu orðið öðruvísi fyrir tíu eða tuttugu árum, en við þurfum að gera meira af því að upplýsa okkar fólk.“

- ht





# Fjölskylduhátíð Sjóvá

verður haldin  
í Hafnarfirði  
í dag, 4. júní



HVITA HÚSID / SÍA

Við ætlum að skemmta okkur saman yfir fjölbreyttri dagskrá frá morgni til kvölds þar sem allir finna eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi.



## Dagskrá

**10.00-13.00 Fótbolta- og handboltamót Sjóvá milli Hauka og FH**  
Spilað verður í Kaplakrika og á Ásvöllum.

**13.00-17.00 Fjölskylduhátíð í miðbæ Hafnarfjarðar**

- 13.00-13.30 Verðlaunaafhending fyrir kappleikina
- 13.30-14.00 Skotkeppni milli Hauka og FH í MFL í handknattleik
- 13.30-15.00 Mótorhjólásýning frá AHÍ
- 13.40-14.00 Fimleikafélagið Björk
- 13.30-16.00 Hjólaþraut
- 13.30-16.00 Go-kart
- 14.00-14.30 Reiðhjólakunstir – BMX töffarar
- 15.00-15.30 Solla stírða
- 15.00-17.00 Goggi frá Íslandsbanka
- 15.30-16.00 Birgitta Haukdal og Vignir úr Írafári
- 16.15-16.35 Öldutúnskórinn
- 16.35-17.00 Karlakórinn Prestir

**Bárður og Birta verða kynnar**

Við hvetjum fólk til að koma hjólandi og lögreglan mun yfirfara reiðhjólin fyrir þá sem þess óska.

**18.00-22.00 Tónleikar í miðbæ Hafnarfjarðar**

Bubbi  
Hildur Vala  
Búdrygindi  
Botnleðja  
Selma  
Úlpa  
Í svörtum fötum

**Leiktæki og fjör  
allan daginn!**



Egils og Nói Sírius gefa gos og nammi og grillaðar verða Goða pylsur.



**SJÓVÁ**

Njóttu lífsins – áhyggjulaus



# skoðun

**SJÓNARMÍÐ**  
**SIGURJÓN M. EGILSSON**

Allt er gert til að horfa á umbúðirnar til að forðast að skoða innihaldið. Ráðamenn og undirsátar þeirra keppast við að forðast að ræða bankamálið.

## Já, ráðherra

Það er dapurt að sjá með hvaða hætti sjónvarpsstöðvarnar hafa fjallað um einkavæðingu bankanna og skrif Fréttablaðsins þar um. Ekkert hefur verið gert til að skoða málið, afla viðbótarupplýsinga eða nokkuð annað til að auka vitneskju fólks um það sem á gekk. Þess í stað hefur verið farin sama leið og svo oft áður. Vitnað í Fréttablaðið einu sinni eða tvisvar og síðan beðið eftir að oddvitar ríkisstjórnarinnar gefi færi á viðtali. Það hafa þeir báðir gert og á fimmtudagskvöld sýndu báðar sjónvarpsfréttastöðvarnar sama viðtalið við Davíð Oddsson þar sem hann tjáði sig um samantekt Fréttablaðsins.

Hann hélt hindrunarlausa einræðu án þess að nokkur reyndi svo mikið sem að spyrja eins né neins. Eftir að ráðherrann hafði lokið sér af var slökkt á græjunum og fréttastofurnar töldu sig vera með frétt á spólunum.

Ekki þarf að koma á óvart að fréttamennirnir sameinuðust um að setja hljóðnemana að andliti Davíðs, sem hóf lesturinn. Hann var ekki truflaður. Hann hélt hindrunarlausa einræðu án þess að nokkur reyndi svo mikið sem að spyrja eins né neins. Eftir að ráðherrann hafði lokið sér af var slökkt á græjunum og fréttastofurnar töldu sig vera með frétt á spólunum. Alltént var einræðu ráðamannsins sjónvarpað á báðum stöðum án þess að nokkrum þætti nokkuð við það að athuga.

Er þetta þrælsótti? Hvað rekur fjölmiðla til að sleppa allri gagnrýni, taka upp mismálefnalegar einræður og flytja þær sem fréttir? Er auðmýktin svona mikil eða er þetta merki um ótta og þá ótta við hvað? Eftir stendur að ráðherrann sakaði Fréttablaðið um að fara með kjaftasögur, en ekki hverjar. Ekki mátti spyrja hann, svo það er þá þannig.

Davíð Oddsson sagði í einræðunni að það hefði ekkert verið athugavert við að þeir sem lægst buðu fengju að kaupa annan bankann, bara ekkert athugavert. Ekki var hann spurður hvers vegna, ekki hve miklu munaði á hæsta og lægsta boði og ekki hvað var að þeim sem hæst bauð. Þó að Fréttablaðið hafi riðið á vaðið og upplýst lesendur sínar, bæði með nýjum upplýsingum og ekki síður því sem er afar mikilvægt: að safna á einn stað því sem tekið hefur verið saman í skýrslum, sagt á Alþingi og í fjölmiðlum, bannar það ekki öðrum fjölmiðlum að fjalla um þetta sama mál. Best væri að það yrði gert sjálfstætt.

Þeir sem mest hafa gagnrýnt Fréttablaðið fyrir að hafa upplýst lesendur um hvernig saga einkavæðingar bankanna gekk fyrir sig hafa meðal annars fundið að því að sumt sem blaðið birti hafi áður komið fram í skýrslum. Sú gagnrýni er óskiljanleg, enda ekkert við það að athuga að slíkt sé birt aftur. Eins er það lenska hér á landi að þegar æstu ráðamenn eru gagnrýndir eða til umfjöllunar í fréttum fá þeir að tala hindrunarlaust á öldum ljósvakans. Þau vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Vinnubrögð Fréttablaðsins voru til fyrirmyndar. Þorbjörn Broddason lektor hefur sagt að í umfjöllun blaðsins séu engin merki um mistök og að fjölmiðlar eigi að vinna eins og Fréttablaðið gerði. Þorbjörn sagði líka að engu hefði verið andmælt sem hefði breytt þeirri skýru heildarmynd sem Fréttablaðið dró upp.



**Talstöðin**  
FM 90,9

MESSUFALL  
Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur.  
Alla sunnudaga kl. 10.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki er álið sopið

Sú var tíðin að áratugir liðu án þess að nokkuð bólaði á orkufrekum erlendum fjárfestum hér á landi með óslökkvandi áhuga á orku íslenskra fallvatna. Um og fyrir 1990 var skriður á viðræðum við evrópska og bandaríska álfralemiðendur sem vildu reisa risaálver á Keilisnesi. Flytja átti hluta raforkunnar frá Fljótsdalsvirkjun yfir á suðausturhornið. Þetta var í tíð Jóns Sigurðssonar, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ekkert varð af þessum áformum, líklega vegna hruns Sovétríkjanna um svipað leyti. Fáeinum árum síðar skaut upp kollinum Bandaríkjamadurinn Kenneth Peterson. Hann vildi reisa álver í Hvalfirði. Hann fékk að gera það, flutti inn notuð tæki að hluta, reisti Norðurál og samdi um raforku kaup. Þetta var í tíð Finns Ingólfssonar, þáverandi iðnaðar- og

viðskiptaráðherra, seint á tíunda áratugnum. Á svipuðum tíma var Straumsvíkurláverið stækkað og breytingar urðu á eignarhaldi þess þegar állsinn Alcan frá Kanada gleypti áhluta Alusuisse.

### Ýmist of eða van

Nú var komið að Norsk Hydro, sem gerði sig líklegt til fjárfestinga í risaálveri á skilmálum sem íslensk stjórnvöld settu upp. Norðmennirnir gengu úr skaftinu, meirihluta Austfirðinga til mikilla vonbrigða. En skyndilega stóð Alcoa, stærsti álrisi heims, í hlaði. Kárahjúkavirkjun og Fjarðaál urðu að veruleika, stærstu og kostnaðarsömustu mannvirki Íslands sögunnar. Mestu spellvirki sem unnin hafa verið á is-



johannh@frettabladid.is

## Við erum ekki laus við 1968

Auðvitað er það hálf innihaldslausi að kalla Íraksstríð annað Víetnamstríð. Ekki vegna þess að það megi ekki finna endalaugar samlíkingar með þessum tveimur stríðum. Þótt kommúnismi og íslamstrú eigi fátt sameiginlegt má ekki á milli sjá hvort fyrirbrigðið stendur sig betur í hlutverki hugmyndalega óvinnarinnar. Innlendir skjólstaðingar Bandaríkjahers eru líka álíka sviplitlir karakterar, enda fá þeir úr litlu að spila í þessari uppsetningu. Og sjálft inntak verkisins er nú sem fyrr jafn erfitt í framsetningu – að á ögurstundum séu engin önnur úrræði en að beita illsku til að ná fram mennsku; að stundum verndi dauðinn best lífið. Nei, það er endalaust hægt að finna samlíkingarnar með þessum tveimur krossferðum bandarískra stjórnvalda en eftir sem áður er samlíkingin innihaldslaus. Ástæðan er sú að Víetnamstríð er fyrir löngu orðið ofnotuð samlíking. Það er Watergate stríðsrekstrarins. Stjórnmalámennt mega ekki stela sér vindli án þess að það verði að vindlagate og það eru ekki til þær erjur að þeim hafi ekki verið líkt við Víetnam.

En samt. Það er ekki bara stríðsreksturinn sjálfur sem fær okkur til að hugsa um þessi tvö stríð samtímis. Það er líka svo margt í samfélagi okkar á Vesturlöndum sem svipar saman. Sjáid bara hárið á gelgjustrákum í dag. Er þetta ekki sama klipping og Brian Wilson var með 1966? Og er ekki poppið okkar allt að verða álíka tilfinningasamt og einmitt það ár? Hver er munurinn á Mugison og Donovan? Erum við ekki að fá fram aðra velmegunarkynslóð ungs fólks sem hefur efni á að vera á móti stríði og lofsyngja ástina? Velmegunarkynslóð sem er svo örugg um afkomu sína að hún kallar það arðrán sem í gær

### LAUGARDAGSBRÉF

HRINGRÁS SÖGUNAR

### GUNNAR SMÁRI EGILSSON



*Erum við ekki að fá fram aðra velmegunarkynslóð ungs fólks sem hefur efni á að vera á móti stríði og lofsyngja ástina?*

hét atvinnusköpun, heimsvaldastefnu sem í gær hét alþjóðasamfélagið, morð og kúgun það sem í gær hét friðarferli.

Ég velti þessu fyrir mér þegar ég gekk út af leikmannasýningu ársins í íslensku leikhúsi – þar sem Stúdentaleikhúsið sýndi Þú veist hvernig þetta er. Þetta var kröftug sýning. Leikhópurinn tók stórt upp í sig og þrugaði því út af sannfæringu sem jadræði við sjálfsbirgingshátt. Samandregin heimssýningarinnar er eitthvað í þessu veru: Stjórnmalámennt eru spilltir og grimmir, fjölmiðlar sleikja rassinn á ráðamönnum en niðurlægja allt venjulegt fólk, samfélagið heldur ekki uppi neinni virðingu fyrir mannskepnunni, maðurinn er einmana í köldu og tillitslausu samfélagi, við getum engum treyst, samborgarar okkar eru álíka víraðir og við sjálf; við óttumst þá og ekki að ástæðulausu.

Auðvitað er svona heimsmynd ávaforn og fyrir löngu orðin klassik. Þetta er til dæmis andlegur grundvöllur allra símatíma í útvarpi og spjall-

þráða á netinu – nema þar á mannkynið sér von í þeim sem hringir inn eða bloggar. En í stúdentaleikritinu var enginn slíkur lítill drengur sem benti á að keisarinn væri nakinn. Í leikriti stúdentanna voru allir naktir; ráðamenn sem almúgin. Ég sá hins vegar viðtal við leikstjórnann um daginn og datt í hug hvort hann væri þessi drengur – en það er önnur saga.

En sem sagt. Þar sem ég er að ganga út af sýningunni velti ég því fyrir mér hvort 1966 væri komið aftur. Úti var sumar ástárinna en inni var kominn vísir að því sem síðar varð 1968 – höfnun stórrar kynslóðar velmegunarbarna á bláeygðri bjartsýni Kennedy-áranna sem spannst utan um fegurð, frama, peninga og völd. 1968 drógu reið ungmenninn upp afdankaða svartstýnisrausara út úr frönskum háskólum og settu þá á sama stall og ástarfólkið hafði sett undir skeggjæða og utangátta einsetumenn austan af Indlandi sumarið 1966. Ég heyrði ekki betur en að sýning stúdentanna endurómáði þessa brúnaþungu spekinga. Ég kannaðist í það minnsta við frasa og upphrópanir sem ég hafði ekki heyrt síðan í leshring hjá Einingarsamtökum kommúnista – marxistum, lenínistum um árið.

Og mér varð hugsað til Marðar Árnasonar – jafnvel Össurar Skarphéðinssonar. Manna sem lögðu í langa göngu í gegnum Alþýðubandalag og Alþýðuflokk, Þjóðvaka og Nýjan vettvang til að ná landi í borgarlegum jafnaðarmannaflokki akkúrat þegar þeirra tími loksins kom. Ekki í nýja flokknum heldur einmitt þar sem þeir lögðu af stað. Væru þeir ekki flottari sem glæstir, gamlir menn þessarar nýju kynslóðar dólga marxismans – eins og Iggy Pop var afi pönksins og Ronald Reagan faðir allra uppa. ■

## ORÐRÉTT

**Hugað að náungans högum**  
Sem eðlilegt er hafa Íslendingar mikinn áhuga hver á öðrum. Þannig hefur það verið frá því land byggðist. Hér og nú hyggst leggja sitt af mörkum til að viðhalda þessari sagnahefð. Það teljum við mikilvægt. Maður er manns gaman sögðu forfeður okkar og hittu þar naglann beint á höfuðið.

Garðar Örn Úlfarsson ritstjóri leggur línuna í leiðara.

Hér og nú, 2. júní.

### Til varnar bótaþegum

Mér er kunnugt um mörg dæmi þess að sjúlingar sem eru bótaþegar vegna geðrænnar vanheilsu eða vandkvæða eru meðal

þeirra sem taka mjög nærri sér dólgslagar aðdróttanir um misnotkun opinberra bóta. Hvað gengur mönnum til að hrinda svona bulli úr vör? Er verið að sleikja sig upp við fjárveitingarvaldið? Auðveldara kynni að vera að ríffa upp dæmi þess að fólk hengslist hópum saman í vellaunum stöðum eða sé hátekjufólk af öðrum sökum án þess að vinna ærlegt handtak nema síður sé, heldur en ég geti minnst eins einasta dæmis um örorkumisnotkun af því tagi sem verið er að velta sér upp úr.

Magnús Skúlason geðlæknir fjallar um boðaðar aðgerðir Tryggingastofnunar ríkisins gegn fólki sem svikur út bætur.

Morgunblaðið, 3. júní.

### Hver er þá lausnin?

Vandinn í heiminum um þessar mundir er einfaldur. Bandaríkin hafa gengið af göflunum. Þau sparka á allar alþjóðareglur og öll alþjóðalög, sem hefta svigrúm þeirra, til dæmis reglur um meðferð stríðsfanga, sem hafa orðið til vegna langrar reynslu af ógnum stórstyrjaldra fyrri áratuga og alda. Heimsfriðurinn er ótryggur, af því að eina heimsveldi nýrrar aldar gengur berserksgang í utanríkismálum og hefur breytt þeim í stríðsmál.

Jónas Kristjánsson ritstjóri fjallar um gagnrýni Amnesty International á framferði Bandaríkjanna.

DV, 3. júní.


## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórunn Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANGI: UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871











# 66 mínútur á verði 6

Eftir klukkan 6 á kvöldin og um helgar geturðu talað í allt að 66 mínútur í GSM símann þinn, en þú borgar bara fyrir 6 mínútna símtal.\*

## Línu-skautar

Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví símalínuskautar á 2.000 kr.\*\*\*



2.000 KALL

## 3 vinir

Sjallaðu eins og þú vilt við 3 flippaða vini\*\*

- Þú getur talað án þess að greiða mínútuverð við einn vin í:
- GSM í 1200 mínútur á mánuði
- Heimasíma í 1200 mínútur á mánuði
- Útlöndum í 120 mínútur á mánuði

Kynntu þér málið á [siminn.is](http://siminn.is).



Sony Ericsson K508  
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

**980** Léttkaups-  
útborgun  
og 1.000 kr. á mánuði  
í 12 mánuði  
Verð aðeins 12.980 kr.



Sony Ericsson K750i  
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

**5.980** Léttkaups-  
útborgun  
og 2.000 kr. á mánuði  
í 12 mánuði  
Verð aðeins 29.980 kr.

## Myndir & músik

Sæktu foxý músik og fönki myndir á [siminn.is](http://siminn.is)



# DV Helgarblað

## Dráp pabba fyrir jóla og vinnur á videoleigu í sumar



Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

# Sálarlífið í takt við háralitinn

FINNUR INGÓLFSSON FORSTJÓRI VÍS

Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, hefur verið í sviðsljósinu undanfarna daga í kjölfar greinaflokks Sigríðar Daggar Auðunsdóttur um sölu ríkisbankanna. Kom Finnur meðal annars í Kastljóspátt Ríkissjónvarpsins á dögunum í svokallað drottningarviðtal þar sem hann svaraði fyrir sig og hjó mann og annan svo mörgum þótti nóg um.

Segja sumir að árásir Finns á Egil Helgason í þættinum hafi verið fyrir neðan beltisstað og fann Egill, sem ekki er þekktur fyrir að vera sérstaklega viðkvæmur, sig knúinn til að svara fullum hálsi. Telja menn þetta lýsa dekkri hlið Finns: hann eigi það til að vera rættinn að óþörfu.

Mönnum ber hins vegar saman um að Finnur sé eitursnjall, ólæknandi dugnaðarforkur. Finnur Ingólfsson er kvæntur Kristínu Magnúsdóttur hjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjú börn. Hann er fæddur í Vík í Mýrdal, lauk stúdentsprófi frá Samvinnuskólanum 1979 og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1984.

Finnur ávann sér fljótlega virðingu innan Framsóknarflokksins fyrir að taka að sér erfið og vanþakklát störf. Hann hreinsaði meðal annars upp skuldahalann eftir útgáfuveintýri flokksins en mörgum þótti hann á gráu svæði þegar hann seldi Vífilfelli þrotabú NT.

Ýmsir kunnu Finni þakkir fyrir framgönguna og hann kleif metorðastigann hratt og örugglega í flokknum, varð formaður Sambands ungra framsóknarmanna, tók sæti í mið-, lands- og framkvæmdastjórn og var um tíma ritari flokksins. Árið 1991 tók Finnur sæti á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn. Hann varð formaður þingflokksins 1994 til 1995 og settist á stól iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1995, en því embætti gegndi hann til ársins 1999.

Í ráðherrastólnum lét Finnur heldur betur til sín taka. Í ráðuneytinu var rómað samstarf hans við Halldór J. Kristjánsson, sem nú er bankastjóri í Landsbankanum, og var þeim öðrum fremur þakkað að hreyfing komst á virkjana- og stóridjúframkvæmdir í landinu eftir margra ára kyrrstöðu.

Hófst sú uppstokkun sem átt hefur sér stað í bankamálum og á fjármálamarkaði á tímum hans í ráðuneytinu. Kunna margir honum þakkir fyrir að hafa

lagt grunninn að því blómaskeiði í efnahagsmálum sem nú stendur.

Þarna komum við að einum höfuðkosta Finns. Hann þykir góður í samstarfi, safnar í kringum sig duglegu og kraftmiklu fólki og fær það besta út úr því. Finnur þykir líka einstakur dugnaðarforkur og vilar ekki fyrir sér að vinna átján tíma á dag svo mánuðum skiptir.

Betra þykir að hafa Finn með sér en á móti, en í því sambandi hefur verið bent sérstaklega á framgöngu hans í prófkjöri

Framsóknarflokksins fyrir alþingiskosningarnar árið 1991. Segja kunnugir að þar hafi Finnur gersamlega gengið frá sínum aðalkeppinauti, jafnvel svo að sá hafi ekki borið sitt pólitíska barr á eftir.

Finnur er umdeildur maður svo ekki sé meira sagt. Hann á sér marga óvildarmenn og sumir segja hann duglegan að skara eld að eigin kóku.

Frægt er orðið þegar hann hugðist söðla um og hætta afskiptum af pólitík og ganga óvildarmenn hans svo langt að segja hann hafa skipað sjálfan sig í embætti Seðlabankastjóra – eða svo gott sem. Hann hafi vitaskuld fengið annan ráðherra til að skrifa undir skipunarbréfið.

Finnur situr sem sagt ekki á fríðarstóli þó hann sé hættur í pólitík. Eða er hann hættur? Hann heldur að minnsta kosti góðu sambandi við forsætisráðherrann en þeir fara saman á fjöll um lönd og álfur.

Segja margir óvinsældir Finns stafa af því að hann hafi aldrei haft áhuga á því að stunda vinsældapólitík. Sé hann sannfærður um eitthvað keyrir hann það áfram og lætur almenningsálitið lönd og leið.

Finnur Ingólfsson er útivistarmaður. Aðaláhugamálið er hestamennska en hann stundar líka laxveiði og göngufærðir. Segja vinir Finns hann hafa jáðareinkenni ofvirkni, ekki skipti máli hvað tindurinn eða hnjúkurinn heiti eða hve langt sé í hann. Finnur hoppi upp í bíl og standi á toppnum fyrir kvöldmat.

Finnur er toppdregur sem hlotið hefur óverðskuldaða gagnrýni, segja vinirnir. Þeir gefa honum hæstu einkunn og segja sálarlífið í takt við háralitinn, bjart og ljóst. ■



TEKNI: HELGI SIG. WWW.HUGVERKAS

## Vopnafjörður og hringvegurinn

GUNNSTEINN KARLSSON SKRIFAR UM VEGTENGINGAR

Nú styttest í að ákveðin verði leiðin frá Hólkná út í Vopnafjörð. Helst eru líkur á að valin verði leiðin norður yfir Vopnafjarðarheiði og út Vesturárdal. Ég tel það ekki vera rétt val, því þá verðum við áfram of hátt uppi í þokunni og hríðinni og enn verra veðri þegar nær dregur fjallgarðinum inn af Hauksstöðum.

Ég tel nauðsynlegt að leggja veginn sem lægst út Fossdal og Hofárdal. Þar mun hann verða í besta veðrinu og koma öllum að sem bestum notum, bæði vegna flutninga og ferðamanna. Svo ég tali ekki um hvað hann kæmi að góðum notum fyrir þá sem stunda laxveiði í Hofsa, því aðkoma að ánni í Fossdal er mjög slæm í svenefndum Ytri-Sniðum norðan árinna, en þar er illa gerð slóð utan í snarbrattri brekku og í raun bara tímaspursmál hvenær þar verður slys. Innar í dalnum er léleg eða engin slóð.

Talað hefur verið um að umferð um veg sem kæmi niðri í dalnum trufla veiði eða veiðimenn. Það er ekki líklegt, því að í Fossdal er áin að mestu í djúpu gili og þótt vegurinn lægi eftir

dalbotninum væri hann hvergi nærri ánni, nema þar sem væri brúað. Þó að það væri á góðum veiðistað má geta þess að óviða er betri veiðistaður í Hofsa en við brúna neðan Þorbrandsstaða. Ég hef hvergi frekar fengið lax en þar. Víða liggja vegir meðfram laxveiðiá, til dæmis meðfram Laxá í Dölum, og ég hef ekki heyrt að það trufla veiði.

Ef vegurinn verður lagður sem lægst eftir dalnum mun hann fara vel og falla betur að landslaginu en ef hann væri skorinn ofar í brekkurnar austan árinna. Ég vil að hann verði lagður frá Hólkná, þar sem malbikið endar núna, út neðsta hjallann stutt ofan við eyðibýlin Brunahvamm og Foss. Síðan niður utan við Foss, nálægt beitahúsunum Skor og áfram út með ánni langleiðina að sumarbústað innan Fremri-Sniða. Nokkru innan við þennan bústað er sveigur á ánni og þar mundi koma brú (en tvær brýr þarf á ána út dalinn). Brúarstæði þar mun liggja mjög vel við veglínunni. Síðan væri haldið áfram austan árinna og kæmi önnur brú norðan Tungusels og svo væri farið áfram út Bustarfellsland, á mörkum eyranna og gróurlendisins, þar mun hann fara mjög vel í landinu. Ég tala

ekki um hversu gaman væri fyrir ferðafólk að aka þar um og sjá heim að stórbýlinu og minjasafninu á Bustarfelli og mjög stutt yrði að fara til að skoða gamla bæinn. Ég kann illa við að Bustarfelli sé skákað út í horn, sem óneitanlega er gert með því að leggja veginn norður heiði og út Vesturárdal.

Með því að fara sem lægsta leið út Fossdal held ég að hvergi sé um verulegan bratta að ræða. Hvað varðar snjósofnun getur verið að hún sé einhver. En ég ber það ekki saman hvað það er auðveldara að halda opnum vegi í betra veðri niðri í dal heldur en uppi á heiði í dimmviðri. Ég þekki það vel þar sem ég vann um árabíl við snjómokstur bæði á heiðum og niðri í dölum.

Vegurinn frá hringvegi að Hólkná finnst mér vera vel gerður og fara vel í landinu. Ef vegagerðarmenn fá að fara með veginn út Hofárdal, þar sem þeir telja að hann sé á bestum stað, mun það vera í góðum farvegi.

Ég held að allflestir Vopnfirðingar vilji fá veginn lagðan út Hofárdal. Nálægt þrjúhundruð manns skrifuðu sig á lista því til stuðnings. Því miður virðist lítið hafa verið gert með þennan undirskriftalista. ■



**NÝTT!**

Ódýrar, ósamsettar innréttingar í eldhúsið, baðherbergið, svefnherbergið

## HTH GÆÐIN Í FYRIRRÚMI

ORMSSON hefur boðið upp á HTH eldhús- og baðinnréttingar auk fataskápa undanfarin ár við vaxandi vinsældir, enda um fallegar og vandaðar vörur að ræða.

Nýlega hóf ORMSSON í Smáralind að bjóða „Settu það saman“ sem er ósamsett lína frá HTH. Þessi ósamsetti vöruflokkur HTH gefur fólki tækifæri á að fá enn meira fyrir peninginn – leggja til hæfilega handlagni og dálítinn dugnað og uppskera góðar innréttingar á einstöku verði. Enginn afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



NÝJASTA  
ELDHÚSINNRETTINGIN  
HORIZON HVID/3000



...og þvottahúsið.



Þú getur keypt tilbúinn kassa með nær öllum þeim áhöldum sem þú þarft að nota við uppsetninguna.  
Kr. 2.590,-



Einn, tveir og tilbúið!  
Það er ekkert vandamál við að setja lamirnar á og þú þarft engin verkfæri. Festingunni er einfaldlega smeltt í.



Lömunum er einfaldlega smeltt í og skápauppsetningin verður leikur einn.

Settu það saman og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!

AEG heimilistæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.

**SETTU ÞAÐ SAMAN** **HTH**

ORMSSON · SMÁRALIND

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ – ORMSSON Í SMÁRALIND ER MEÐ FRÁBÆR TILBOÐ!

ÞVOTTADAGAR

### HIN FULLKOMNA ÞRENNNA

Þessar frábæru **AEG** þvottavélar eru á einstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast.

ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ • ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK • 3JA ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**  
PAKKINN

Einstakt tilboð á hágæða AEG heimilistækjum.

Tilvalið í heimilið eða sumarbústaðinn!



AEG VIFTA  
1200 D-W



AEG BAKSTURSOFN  
B 3051-4-W



AEG HELLUBORD  
111 K-W m/snúningrofum

**AEG veggofn**  
**AEG helluborð**  
**AEG vifta**

**Kr. 69.900**

Áður kr. 105.474

HVÍTT **AEG** SETT  
Í SÉRFLOKKI



**AEG**  
**Lavamat 76820**  
1600/1200/1000/600 sn.  
6 kg.  
TILBOÐSVERÐ:  
**KR 90.000,-**



**AEG**  
**Lavamat 74639**  
1400/1200/900/700/400 sn.  
5,5 kg.  
TILBOÐSVERÐ:  
**KR 74.900,-**



**AEG**  
**Lavamat 52820**  
1200/1000/600 sn.  
6 kg.  
TILBOÐSVERÐ:  
**KR 69.900,-**

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA ÞESSA HELGI OG NÆSTU HELGAR

**TEFAL**  
Blandari  
Tilboðsverð:  
**Kr. 4.990**  
Áður kr. 5.990



**TEFAL**  
Straujárn  
Tilboðsverð:  
**Kr. 3.690**  
Áður kr. 4.790



**AEG**  
Matvinnsluvél  
Tilboðsverð:  
**Kr. 9.990**  
Áður kr. 13.900



**OPIÐ:**  
Laugardag 11-18  
Sunnudag 13-18  
Sími: 530 2900

**ORMSSON**  
SMÁRALIND

Nánari upplýsingar á [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.081 +0,51% Fjöldi viðskipta: 247  
Velta: 4.036 milljónir

## MESTA HÆKKUN

Actavis 3,20%  
HB Grandi 1,19%  
Tryggingamiðst. 0,96%

## MESTA LÆKKUN

Össur -0,65%  
Og fjarskipti -0,50%  
Bakkavör -0,28%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,90 +3,20% ... Atorka 5,96 -0,17% ... Bakkavör 35,40 -0,28% ... Burðarás 14,70 +0,34% ... FL Group 14,45 - ... Flaga 4,95 - ... Íslandsbanki 13,50 - ... KB banki 535,00 +0,75% ... Kögun 60,70 - ... Landsbankinn 16,50 - ... Marel 56,80 - ... Og fjarskipti 4,00 -0,50% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,80 - ... Össur 76,50 -0,65%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Hvert fer spilið næst?

Það vakti athygli í gær þegar Samband ungra sjálfstæðismanna afhenti Alfreði Þorsteinssyni, stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur, eintak af spilinu Monopoly – sem einnig er þekkt undir nafninu Matador. Með afhendingunni vildu ungir sjálfstæðismenn vekja athygli á umsvifum Orkuveitunnar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins – sumum þeirra sem ekkert tengjast rekstri orkuveitna. Alfreð lét ekki ungu sjálfstæðismennina slá sig út af laginu og sendi þeim spilið aftur og bað þá um að koma því til Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Ekki skal fullyrt um hvort ungir sjálfstæðismenn verði við tilmælum Alfreðs og sendi formanni sínum spilið. Gárungarnir telja þó víst að viðbrögðin yrðu svipuð þar á bæ – og Davíð myndi umsvifalaust senda spilið til baka með þeim skilaboðum að koma ætti því rakleiðis til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs.

## Óskabarnið til útlanda?

Kaup Magnúsar Þorsteinssonar á Eimskipi hafa vakið mikla athygli og miklar vangaveltur um hver verði örlög skipafélagsins, nú þegar Björgólfsfeðgar hafa sleppt takinu á því. Eimskip var í marga áratugi hornsteinn í íslensku atvinnulífi en hefur á undanförunum árum breyst í að vera undirdeild í fjárfestingarfélagi og verður nú undirdeild í flugfélagi. Mörgum finnst þetta áhugaverð örlög og velta fyrir sér hvort þrautagöngu fyrir tækisins sé ekki enn lokið. Talið er víst að Björgólfsfeðgar hafi skoðað mjög alvarlega þann kost að selja Eimskip úr landi fyrir nokkrum misserum. Það hefði ekki verið líklegt til vinsælda að selja „óskabarn þjóðarinnar“ erlendum kaupahéðnum. Það er þó líklegt að Magnús Þorsteinsson ætti auðveldara með að gera slíkan samning heldur en hinir virðulegu Björgólfsfeðgar og því ekkert hægt að útiloka um hvar Eimskip endar.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Íslandsbanki varð aðili að kauphöllinni í Osló samkvæmt frétt á vefsetri norska blaðsins Dagens Næringsliv. Íslandsbanki hefur því heimild til að eiga viðskipti með hlutabréf í kauphöllinni í Osló líkt og í Kauphöll Íslands.

Lyf og heilsa hafa keypt rekstur verslunar Össurar í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut og hefur Össur því dregið sig út úr öllum rekstri á innanlandsmarkaði sem ekki tengist kjarnastarfsemi félagsins.

Þórshafnarhreppur hagnaðist um þrjár milljónir á síðasta ári.

Vinnlustöðin hefur keypt 43 prósent hlut í útgerðarfélaginu Huginn ehf. á 605 milljónir króna.

## Lyf á markað í nýu löndum

Sala hófst um leið og einkaleyfin féllu úr gildi.

Actavis Group hefur sett tvö ný samheitalyf á markað í nýu Evrópulöndum í gegnum dótturfyrirtæki sitt, Medis. Í fréttatilkynningu frá Actavis segir að viðskiptavinir félagsins hafi getað hafið sölu lyfjanna um leið og einkaleyfin féllu úr gildi. Um er að ræða taugalyfið Lamotrigine í tveimur mismunandi formum. Um 40 milljón töflur eru í upphafsendingunni en þó er ekki búist við að lyfið verði í hópi tíu söluhæstu lyfja samstæðunnar.



ACTAVIS SETTI TVÖ NÝ LYF Á MARKAÐ Í NÝU LÖNDUM Upphafssendingin var 40 milljón töflur.

- dh

## Safnað í lið fyrir Íslandsbankaslag

Aðilar tengdir Straumi vilja kaupa fjögurra prósent hlut Steinunnar Jónsdóttur í Íslandsbanka. Þetta gæti gjörbreytt valdahlutföllum í bankanum. Átökin um bankann hafa harðnað og stjórnendur Íslandsbanka eru sakaðir um óeðlilega varnarbaráttu.



HART ER BARIST UM ÍSLANDSBANKA Tvær fylkingar takast á um áhrif í bankanum og reyna að tryggja stöðu sína. Nú er bitist um hlut Steinunnar Jónsdóttur.

Viðræður standa yfir um sölu á fjögurra prósent hlut Steinunnar Jónsdóttur í Íslandsbanka. Báðar fylkingar innan Íslandsbanka eru líklegar til að vilja kaupa hlutinn enda getur eignarhluturinn skipt miklu um valdahlutföllin innan bankans. Í gærkvöld hafði sala á hlutnum ekki átt sér stað og óvíst hvort af henni yrði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða það hvorki Straumur né Landsbankinn sem kaupa bréfin beint þar sem hendur Straums eru bundnar vegna skilyrða Fjármálaeftirlitsins. Líklegt er að Straumur reyni að komast framhjá þessu með því að selja aðila tengdum sér hlut Steinunnar ef salan gengur í gegn og sjá fram á að geta nýtt sér hlutinn á hluthafafundi ef til átaka kemur. Ljóst er að Fjármálaeftirlitið mun fylgjast vel með því hvort slíkar trakteringar séu viðhafðar enda ber Straumi að gefa upplýsingar

um öll þau atkvæði sem bankinn hefur yfirráð yfir á hluthafafundi. Þó er talið víst að Straumur safni nú liði og sé bakhjarl kaupenda á bréfum með það fyrir augum að nýta sér stöðuna síðar.

Tvær fylkingar hafa áttst við innan bankans. Annars vegar hópur í kringum Bjarna Ármannsson forstjóra og Einar Sveinsson stjórnarformann en hins vegar hópur sem tengist Straumi og Landsbankanum. Nýlega keyptu Bjarni, Einar og fleiri stjórnendur bankans hlut Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, föður Steinunnar. Þau viðskipti höfðu ekki áhrif á valdahlutföllin þar sem bæði Jón Helgi og Steinunn hafa staðið með stjórnendum bankans. Ef aðilum tengdum Straumi tekst að kaupa hlut Steinunnar getur það breytt jafnvæginu á þann veg að Straumsmenn nái að bæta við manni í stjórn bankans.

Ákveðin ró hafði skapast innan Íslandsbanka eftir töluverð átök undanfarið ár. Þegar stjórn bankans ákvað að selja Karli Wernerssyni Sjóvá Almennar í apríl ýfðust gamlar deilur í hluthafahópnum upp þar sem Straumsmenn töldu óeðlilega að sölnunni staðið. Harðorðar yfirlýsingar í kjölfar þeirrar sölu bentu til þess að stríðsástand ríki milli Straums og Íslandsbanka.

Greinilegt er að erjurnar milli fylkinga í bankanum hafa farið stigvaxandi. Gagnrýnisráddir eru á lofti um kaup Bjarna Ármannssonar og annarra stjórnenda á hlut Jóns Helga og sterklega látið að því liggja að það sé Íslandsbanki sem fjármagni kaupin og að það sé ólöglegt eða að minnsta kosti óeðlilegt. Aðspurður um þessar ásakanir segir Einar Sveinsson: „Við stundum ekki ólöglegt viðskipti.“

dogg@frettabladid.is



50 síðna umfjöllun um garða í borg og sveit  
Flottustu garðhúsgögn sumarsins  
Brúðkaupið í garðinum  
Klassískar brúðargjafir

Hús og híbýli - Þinn lífstíll

## Burðarás fjárfestir í Noregi

Burðarás hefur keypt um 6,6 prósent hlut í norska olíuleitarfyrirtækinu Exploration Resources, sem er skrásett í norsku kauphöllinni. Nær sextán prósent hlutafjár skiptu um hendur á markaði í gær. Félagið, sem hagnaðist um tæpar 62 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi, varð til í mars þegar Rieber Shipping setti olíuleitarhlutann inn í sérstakt félag.

Burðarás stefnir að því að þrjár fjórðu hlutar eigna félagsins verði erlendis.

- epa

EXPLORATION RESOURCES  
- HELSTU STÆRÐIR

Markaðsvirði: Um 10 milljarðar króna

Eigið fé: Um 3,9 milljarðar króna

Hækkun frá skráningu: 18,5 prósent.

## Aväxtakarfan

Seinustu sýningar fyrir sumarfrí

Laugardagur 4. Júní kl: 11:30 (Hádegissýning)

Laugardagur 11. Júní kl: 13:30

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700

IsMedia

www.ismedia.is

www.midi.is

www.avaxtakarfan.is

SPARISJÓÐURENN



# Gæða trampólín og öryggisnet



**Jumpy trampólín**  
Öryggið í fyrirrúmi  
GS/TÜV gæðavottun  
Sérstyrktar galvaniseraðar grindur  
Rafgalvaniseraðir gormar  
Hoppflötur sérstyrktur  
Mjúk klæðning yfir gormum

**7.999** kr  
Trampólín verð frá

**Trampólín 55" 140 cm 7.999,-**  
Vnr. 683664  
**Trampólín 96" 244 cm 19.999,-**  
Vnr. 683665  
**Trampólín 156" 396 cm 29.999,-**  
Vnr. 683666  
**Öryggisnet f/156" 396 cm 14.999,-**  
Vnr. 683667  
**Öryggisnet f/96" 244 cm 11.999,-**  
Vnr. 683669  
**Ábreiða f/156" 396 cm 2.799,-**  
Vnr. 683670  
**Ábreiða f/96" 244 cm 1.999,-**  
Vnr. 683673  
**Stigi f/trampólín 2.499,-**  
Vnr. 683674

**Nýtt**  
í Hagkaupum

**JDBUG**



**Hlaupa- tvihjól 5.999** kr  
fislétt ál  
Vnr. 683648

**XTREME**



**Línuskautar 3.999** kr  
st. 29-42  
Verð frá



**Hlaupahjól 3.999** kr  
barna m/premur  
hjólum  
Vnr. 683651



**Hlaupahjól 3.999** kr  
án/dempara  
vnr. 683646

**JDBUG**

Model: ES-456  
Óbrotið: 940 mm x 140 mm x 265 mm  
Brotið: 905 mm x 140 mm x 100 mm  
Þyngd: 7,75 kg  
Hámarks hraði: 12 km/h  
Meðalending hleðslu: 30 mín.  
Burðarþol: 55 kg  
Mótor: 12V 80Watt DC  
Dekkjastærð: 6" loftfyllt  
Rafgeymir: 6V/7AH x 2  
Hleðslutími: 8 klst.  
Bremsur: Afturbremsur  
Drifbúnaður: Beltadrifið

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



## UMMÆLI VIKUNNAR

„Því var haldið fram í þessum greinarflokki að ég hafi hótad stjórnarslitum út af þessu máli. Það hef ég aldrei gert. Því er líka haldið fram að ég hafi átt sérstakan fund með Davíð Oddssyni um þetta mál. Sá fundur hefur aldrei átt sér stað.“

Halldór Ásgrímsson um greinaflokki Fréttablaðsins þar sem sagði að hann hefði hótad að stöðva einkavæðingu ríkisbankanna, sem hefði getað leitt til stjórnarslita. Fréttablaðið 1. júní.

# stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

## Ofurkrónan



Allt orkar tvímælis þá gert er, segir í Njálu. Vera má að þessi fleygu orð hafi sótt að Birgi Isleifi Gunnarssyni seðlabankastjóra skömmu áður en hann tilkynnti ákvörðun bankans um hækkun stýrivaxta um hálf prósentustig í gær. Á fundi með blaða- og fréttamönnum síðdegis talaði hann um óvissu. Efnislega sagði hann að ójafnvægi væri ríkjandi og því væri framkvæmd peningastefnu vandasöm.

Hvað er peningastefna? Er hægt að bjarga Bílddælingum og Skinnaflokknum með réttu peningastefnu? Er til sú peningastefna sem gæti fengið Marel til að hætta við að stofna fyrirtæki í Slóvakíu en fjárfesta þess í stað í rekstri og góðum störfum í Garðabæ?

Visir menn hafa stigið fram og sagt að svona myndi þetta fara. Allt sem hitnar þenst út. Og það sem þenst út vegna vaxandi hita ryður frá sér. Ryður burt rekstri sem neyðist til að selja afurðir sínar fyrir auma dollara eða lækkandi evru. Sjáum við fyrir okkur Þórólfi Árnason, nýjan forstjóra Icelandic Group, segja við viðskiptavinum í Bandaríkjunum: „Fyrirgefðu, en getum við fengið greitt fyrir sendinguna í íslenskum krónum?“ Eða verður nærtækara fyrir hann að stofna fiskvinnslufyrirtæki á vegum Icelandic Group í Litháen. Þar er að minnsta kosti ekki íslenska ofurkrónan að þvælast fyrir félaginu.

Seðlabankinn hefur eitt markmið sem stendur öllum öðrum markmiðum ofar. Að halda verðbólgu í skefjum. Þar á bæ eru allir glaðir þegar verðbólguáætlunin stendur í 2,5 prósentum. Þar vita menn að fari verðbólgan úr böndunum tapa allir. Heimilin ekki síst. Afborganir af húsnæðislánum gætu hækkað á skömmum tíma til dæmis úr 70 í 90 þúsund krónur á mánuði. Kannast einhver við tölurnar?

Eigum við að treysta því að ráð Seðlabankans dugi? Eða eigum við bara að kasta krónunni, taka upp evruna og sjá hvað gerist?

Framtíð herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli:

## Viðræður hefjast á næstunni

**VARNARMÁL** Viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um framtíð herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli verður fram haldið snemma í sumar.

Nefndin sem endurskoðar starfsemi Bandaríkjahers leggur fram tilmæli í fjórum liðum og fjallar einn liðurinn sérstaklega um Ísland. Þar segir að Bandaríkin ættu að endurskoða samning sinn við Ísland á þann hátt að hann endurspeglir öryggisástandið eins og þær voru að loknu kalda stríðinu. Hin tilmælin fjalla um öryggishagsmuni Bandaríkjamanna og herstöðvar þeirra í Japan, Afríku, Suður- Ameríku og Evrópu.

Al Cornella, formaður nefndarinnar, sagði þegar skýrslan var birt í nýlið-



**PENTAGON** Bandarísk yfirvöld endurmeta nú þarfir fyrir heraflo og herstöðvar á erlendri grundu.

um mánuði að nefndarmenn skildu vel þörfina á breytingum en vegna umfangs verkefnisins og þarfa á samræmingu hefðu nefndarmenn efasemdir um

að áætlanir um niðurskurð stæðust tímaáætlanir. Nefndin telur raunar óráðlegt að hraða endurskoðuninni um of.

Í skýrslunni eru þrjár niðurstöður nefndarinnar tilgreindar sérstaklega. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að sem minnst röskun verði á starfsemi og lífi hermanna og annarra starfsmanna Bandaríkjahers í viðkomandi herstöðvum til síðasta dags. Í öðru lagi að hægja verði á svo umfangsmikilli endurskipulagningu eða einstökum liðum hennar. Í þriðja lagi er talin þörf á að Bandaríkjaping fylgist vel með umfangi, afleiðingum og kostnaði við framkvæmd áætlana um fækkun mannafla eða niðurskurð í starfsemi herstöðvanna. -jh



**ÚT AF SKERJAFIRÐI OG ÁLFTANESI ERU LÖNGUSKER** Alfreð telur að uppfylling fyrir nýjan Reykjavíkurflugvöll á Lönguskerjum kosti innan við 20 milljarða króna.

## Höggvum á flugvallarhnútinn

Alfreð Þorsteinsson telur að ekki verði vikist undan því að ákvarða sem fyrst framtíð Reykjavíkurflugvallar. Alfreð kveðst óttast að sjálfstæðismenn einkavæði Orkuveitu Reykjavíkur komist þeir til valda eftir næstu borgarstjórnarkosningar.

Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi hefur um árabil verið oddviti Framsóknarflokksins í borgarstjórn og í samstarfi flokksins innan Reykjavíkurlistans. Hann hefur fullan hug á að leiða flokkinn áfram í borgarstjórnarkosningarnar á ári.

Áhrif Alfreðs í borgarstjórnarmeirihlutunum eru sögð mun meiri en ætla mætti, en þau áhrif hefur hann meðal annars í krafti stjórnarformennsku í Orkuveitu Reykjavíkur.

Eitt helsta kosningamálið á næsta ári verða ugglaut atök um framtíð Reykjavíkurflugvallar og Vatnsmýrarinnar. Framtíðarskipulag gerir ráð fyrir að völluminn víki að hluta árið 2016 og að fullu átta árum síðar. En þrýstingurinn vex og þykir skipulagsfræðingum, stjórnmalámonnum og almennum borgurum brýnt að endurmeta stöðuna. Þeir vilja með öðrum orðum flýta því að flugvölluminn fari úr Vatnsmýrinni. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í minnihluta borgarstjórnar, sagði efnislega í samtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu að óraunhæft væri að flytja völluminn að hluta en vildi þó biða átekta eftir niðurstöðum viðræðna ríkisvaldsins og borgarinnar um framtíð hans. En í nýjum tillögum sjálfstæðismanna um byggð á eyjunum við borgarsundin er ekki tekin afstaða til framtíðar Vatnsmýrarinnar.

Alfreð Þorsteinsson hefur fyrir



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON BORGARFULLTRÚI:** „Sterk öfl innan Sjálfstæðisflokksins vilja einkavæða opinber fyrirtæki komist flokkurinn í aðstöðu til þess.“

sitt leyti tekið afstöðu: „Ég tel tilögur sjálfstæðismanna um svo nefnda Eyjabyggð athyglisverðar og fyllstu ástæðu til að skoða þær nánar. Hins vegar er alveg ljóst, að þessi mál eru ekki næsta stóra viðfangsefnið á sviði skipulagsmála í Reykjavík. Þar hlýtur Vatnsmýrin að koma á undan. Og hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né R-listinn geta skotið sér undan því að taka afstöðu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.“

### Höggvum á hnútinn

Alfreð telur ljóst að aldrei muni nást sátt um að Reykjavíkurflugvöllur verði í Vatnsmýrinni til frambúðar, hvorki í núverandi mynd né smækkaðri. „Það er hins vegar jafnljóst í mínum huga, að það er skylda höfuðborgarinnar að greiðar flugsamgöngur séu í næsta nágrenni hennar og þá er ekki að tala um Keflavíkurflugvöll heldur flugvöll, sem staðsettur yrði nær Reykjavík.“

Ég tel tímabært að höggva á þennan hnút og ákveða að reisa innlandsflugvöll á uppfyllingum við Löngusker í Skerjafirði. Framundan er alþjóðleg samkeppni um Vatnsmýrina. Að mínu mati ætti Reykjavíkurflugvöllur ekki að vera inni í skipulagsforendum þessarar samkeppni. Með slíki ákvörðun væri tryggt, að innlandsflug yrði áfram á höfuðborgarsvæðinu í góðum tengslum við miðborg Reykjavíkur og Vatnsmýrin yrði samfelld byggingarsvæði fyrir íbúa, fyrirtæki og stofnanir, sem einkum tengdust háskólunum veimur, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur. Kostnaður við nýjan flugvöll ásamt landfyllingu og vegagerð gæti numið 10-20 milljörðum króna, en á móti koma tekjur af sölu lóða í Vatnsmýrinni langt umfram þennan kostnað,“ segir Alfreð.

### Vill ekki einkavæða Orkuveituna

Alfreð hallast að áframhaldandi samstarfi innan Reykjavíkurlistans eftir kosningarnar á ári liðnu og kveðst ekki líta á Sjálfstæðisflokkinn sem mikla ógn við það samstarf. „Ógnun kemur innan frá. Hún býr í fólki sem áttar sig ekki á hvernig valdatíð sjálfstæðismanna var. Ég vona þó, að menn nái áttum og haldi áfram því mikla uppbyggingarstarfi sem gert hefur Reykjavík að

eftirsótttri alþjóðaborg. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki verið öflugur sem minnihluti. Tveir af borgarfulltrúum flokksins eru jafnframt þingmenn og annar þeirra ráðherra. Hvort starfið um sig, að vera borgarfulltrúi eða þingmaður, er fullt starf þannig að ljóst er að borgarstjórnarflokkur þeirra veikist fyrir bragðið. Neikvæð afstaða sjálfstæðismanna í margvíslegum málum hefur ekki aukið þeim tiltrú. Þeirra reyndasti maður er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Hann hefur verið farsæll í störfum sínum, en aðrir borgarfulltrúar flokksins eru mistækir, svo vægt sé til orða tekið.

Ef sjálfstæðismenn komast til valda í Reykjavík óttast ég það mjög að Orkuveita Reykjavíkur verði einkavædd. Sterk öfl innan Sjálfstæðisflokksins vilja einkavæða opinber fyrirtæki komist flokkurinn í aðstöðu til þess. Verði Orkuveitan seld munu fjárfestar vilja fá arð af fjárfestingu sinni, sem einungis yrði náð með hækkun orkugjalda. Orkugjöld í Reykjavík eru þau langlægstu sem þekkjast, ef borði er saman við höfuðborgir annarra Norðurlanda enda er það stefna núverandi borgaryfirvalda að hafa orkugjald íbúanna í lágmarki.

### 50 milljarða á 20 árum

Orkuveita Reykjavíkur er í þeirri stöðu í dag, að hún er valkostur fyrir erlenda fjárfesta, sem vilja ráðast í stóriðju. Svo var ekki í tíð sjálfstæðismanna, þegar hér voru rekin þrjú veitufyrirtæki. Þá vantaði kraftinn sem fylgir stærð fyrirtækisins í dag.

Þessi nýja staða hefur styrkt atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu, því að með virkjanaframkvæmdum á Nesjavöllum og Hellisheiði ásamt stækkun Norðurláls olg stækkandi markaði að öðru leyti hafa tugir milljarða króna streymt inn á Suðvesturhornið sem nýta má til uppbyggingar og framkvæmda. Samningar þeir, sem Orkuveitan hefur þegar gert vegna Norðurláls nema um 50 milljörðum króna næstu 20 árin. Slíkir samningar eru gríðarlega þýðingarmiklir fyrir Orkuveituna. Þeir hafa líka orðið til þess að lækka orkuverð til almennings, en ekki öfugt, eins og haldið hefur verið fram.

johannh@frettabladid.is

# BJARTIR DAGAR

Í HAFNARFIRÐI

## Í dag ...

**LAUGARDAGUR 4. júní**

- 10-13 FÓTBOLTA- OG HANDBOLTAMÓT**  
Sjóvá á milli Hauka og FH. Spilað verður í Kaplakrika og Ásvöllum.
- 13-18 FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ SJÓVÁ**  
við Íþróttahúsið Strandgötu.
- 13:10 DAGUR LÚÐRASVEITANNA**  
Þrjátíu trompetleikarar blása til hátíðar með lúðrakalli af Hamrinum.
- 13:30 HÁTÍÐARSKRÚÐGANGA LÚÐRASVEITA**  
Lagt af stað frá gamla Lækjarskóla.
- 14:00 SKÓGRÆKT Í UNDIRHLIÐUM**  
Mæting við Kaldársel. Gangan tekur rúmar 2 klukkustundir. Leiðsögumaður er Jónatan Garðarsson. Í boði Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.
- 14:30 SKEMMTIDAGSKRÁ LÚÐRASVEITA**  
Í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.
- 17:00 ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR**  
Ólafs Kolbeins Guðmundssonar píanóleikara í Hásölum við Hafnarfjarðarkirkju. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.
- 18:00 ÚTITÓNLEIKAR SJÓVÁ**  
Við Íþróttahúsið Strandgötu. Bubbi, Selma, Í svörtum fötum, Hildur Vala, Botnleðja, Búdrýgindi og Úlpa.
- 20:00 MÓÐIR MÍN DÓTTIR MÍN**  
Nýtt íslenskt leikverk eftir Ingibjörgu Reynisdóttur í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikshússins, Strandgötu 50. Miðasala fer fram í síma 555 2222 alla virka daga frá kl. 16-19 og 16-20 sjúningardaga.

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 • Sími 585 5500 • www.hafnarfjordur.is



# 3

# 11

# MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

**Nú er potturinn þrefaldur!**

Náðu þér í Lottómíða á næsta sölustað  
eða á [lotto.is](http://lotto.is) – þú gætir unnið 11 milljónir.

Það getur allt gerst!



**VILTU VINNA FERÐ TIL  
SAN FRANCISCO?**

Farðu á [lotto.is](http://lotto.is) og skráðu netfangið þitt á  
póstlista og þú gætir unnið ferð fyrir 2 til  
San Francisco.







# Helgarsprengja á svínakótilettum!

# 498 kr./kg

*Tómataveisla um  
helgina í Nóatúni!  
Nú er tækifæri að prófa  
nýjar tegundir t.d. í  
salatið eða á grillið.*







LAMBAINNRALÆRI  
ÚR KJÖTBORÐI

**1.998** kr. kg

Pú sparar 1000 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 2.998 kr./kg.



**35%**  
afsláttur  
við kassa

GOURMET BBQ  
GRÍSAHNAKKI

**999** kr. kg

Pú sparar 540 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.539 kr./kg.



**25%**  
afsláttur  
við kassa

RANZONI HEILVEITI PASTA	
PENNI RIGATE HEILHVEITI	112 kr
ROTINI HEILHVEITI PASTA	112 kr
SPAGETTI HEILHVEITI	149 kr
THIN SPAGETTI HEILHVEITI	149 kr



**Frítt!**  
Pú kaupir 2 stk. af  
Freschetta salami pizzum  
og færð pakka af 2 garlic pizza bread  
**FRÍTT með!**

FRESCHETTA PIZZA  
SALAMI

**489** kr. stk

**SPARAÐU**



NÓA  
HJÚPLAKKRÍS

**129** kr. pk

Pú sparar 56 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 185 kr./pk.

NÓA  
PÚKAHLAUP

**129** kr. pk

Pú sparar 50 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 179 kr./pk.

NÓA KROPP  
POKI 150g

**199** kr. pk

Pú sparar 50 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 249 kr./pk.

**63%**  
afsláttur  
við kassa

LAYS  
FLÖGUR

**99** kr. pk



**NÓATÚN**

**OPIÐ**  
TIL  
KL. 21  
ALLA  
DAGA



**GEORG III (1738-1820)**  
fæddist á þessum degi.



„Svikari er hver sá sem er mér ósammála.“

Ævi Georgs III var harmsaga mikil; hann varð geðveitur á þrítugsaldri og missti smám saman öll tök á tilverunni.

# TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Fjöldamorð á Torgi hins himneska friðar

Á þessum degi árið 1989 fjölmenntu kínverskir hermenn á Torg hins himneska friðar í Peking og drápu hundruð stúdenta við mótmæli og þúsundir til viðbótar voru handteknar.

Sjö vikum áður hófu kínverskir stúdentar mótmæli á Torgi hins himneska friðar og er talið að allt að því milljón manns hafi safnast á torginu þegar mest lét. Mótmælendur kröfðust afsagnar leiðtoga Kommúnistaflokksins og lýðræðislegra umbóta í stjórnkerfi landsins.

Stjórnvöld gerðu nokkrar misheppnaðar tilraunir til að reka fjöldann á braut áður en herinn lét til skarar skriða. Þó að margir hafi vissulega átt von á að það myndi slá í brýnu milli mótmælenda og hersins kom ofsafenga árásin flestum í opna skjöldu. Mikill glundroði skapaðist þegar tugþúsundir manna reyndu að flýja undan hermönnum.



Sumir börðust á móti og grýttu hermennina og kveiktu í bifreiðum þeirra og skriðdrekkum. Erlendir erindrekar á staðnum töldu að að minnsta kosti 300 manns hefðu látið lífið í átökunum og allt að tíu þúsund manns hefðu verið handteknir. Sennilega verður aldrei endanlega ljóst hversu margir létu lífið þennan dag.

## MERKISATBURÐIR

- 1070 Roquefort-ostur er búinn til í fyrsta skipti í helli skammt frá Roquefort í Frakklandi.
- 1913 Súfragettan Emily Davinson kastar sér fyrir veðhlaupahross konungs og lætur lífið.
- 1927 Johnny Weissmüller setur met í hundrað og tvö hundruð metra sundi.
- 1944 Hornsteinn lagður að Sjómannaskólanum.
- 1956 Leyniræða Krútsjoffs er gerð opinber.
- 1959 Sjálfsbjörg, landsamband fatlaðra, er stofnuð.
- 1965 Rolling Stones gefa út lagið „Satisfaction“.
- 1977 Hornsteinn er lagður að Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna.

## ANDLÁT

**Kristján Belló Gíslason**, fyrrverandi leigubílstjóri, Vogatungu 101, Kópavogi, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að kvöldi þriðjudagsins 31. maí.

**Sigurður Þorgrímsson**, Sóltúni 2, áður Langholtsvegi 150, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 18. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurður Ingi Sigurðsson**, áður til heimilis að Viðvöllum 4, Selfossi, lést á Hrafnistu í Reykjavík aðfaranótt 1. júní.

## JARÐARFARIR

13:30 **Guðný Bjarnadóttir**, frá Gerðisstekk, Norðfirði, Lóurima 6, Selfossi, verður jarðsungen frá Selfosskirkju.

14:00 **Sigurður Matthías Benediktsson**, frá Kirkjubóli, Lækjartúni 21, Hólmavík, verður jarðsungen frá Hólmavíkurkirkju.

14:00 **Anna Friða Stefánsdóttir**, Grund, Vestmannaeyjum, verður jarðsungen frá Vestmannaeyjakirkju.

14:00 **Þórarinn Pálsson**, bóndi, Seljalandi, Fljótshverfi, verður jarðsungen frá Kálfafellskirkju.

14:00 **Minna Elísa Bang**, Aðalgötu 19 (gamla apótekinu), Sauðárkróki, verður jarðsungen frá Sauðárkrókskirkju.

## AFMÆLI



**Páll Skúlason** háskólaeignaror er 60 ára.

**Þórður Ægír Óskarsson**, sendiherra í Japan, er 51 árs.

**Stefán Sturla Sigurjónsson** leikari er 46 ára.



**Erla Rut Harðardóttir** leikkona er 44 ára.

**Sesselja Kristjánsdóttir** söngkona er 35 ára.

**Lárus Orri Sigurðsson** knattspyrnumaður er 32 ára.



**Róbert I. Douglas** leikstjóri er 32 ára.



**COOT** Teikning af Coot, fyrsta togara Íslendinga.

FYRSTA SÝNING VÍKURINNAR:

## Togara í 100 ár

Fyrsta sýning hins nýja safns, Víkurinnar – Sjóminjasafnsins í Reykjavík, verður opnuð með formlegum hætti í dag klukkan hálf ellefu. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands mun opna sýninguna ásamt Gísla Jónssyni sjómanni sem starfaði lengi á skipum Bæjarútgerðarinnar og vann í frystihúsinu sem hýsir sjóminjasafnið nú.

Þessi fyrsta sýning safnsins er sett upp í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að Íslendingar hófu útgerð togara og nefnist hún Togara í 100 ár. Sambærileg sýning er varðar sögu togaraútgærdar hefur ekki verið sett upp hér á landi áður.

Sýningin verður opin almenníngi frá klukkan tvö til fimm í dag og á morgun og er aðgangur ókeypis þessa helgi. Þar sem sýningin er hluti af hátíð hafnsins sem haldin er þessa helgi verður boðið upp á ókeypis ferðir frá Miðbakkunum og upp í safn.

GISTING VIÐ LEGOLAND BRYNDIS OG BJARNI S. 0045 75885718 [WWW.BBG-ISTING.COM](http://WWW.BBG-ISTING.COM)

Ódýr svefnpokagisting í Reykjavík. Mjög góð 40 fm séraðstaða með sjónvarpi, eldunarstöðu, aðgang að þvottavél og baði. Uppl. í s. 557 9548 & 692 9308.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Starfsfólk!  
Við erum að bæta við duglegu söluhöfðum!  
Góð verkefni – góð laun  
BM ráðgjöf ehf.  
Reykjavík 822 5052  
Vestmannaeyjum 693 2488  
Reykjanesbæ 862 1180  
[bm@bm.is](mailto:bm@bm.is)

### 10-11-Select-Shell

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í sumar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.

**Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. [www.10-11.is](http://www.10-11.is) eða á stöðvunum sjálfum.**

### Framtíðarstarf og sumar-afleysingar

AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstarf og einnig í sumarafleysingum. Við bjóðum upp á góða tekju- og möguleika, góða vinnuástandi og mótuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Umsóknareyðublið má fá í mót-töku Aðfanga að Skútuvoigi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á [www.adfong.is](http://www.adfong.is)**

# Talstöðin

FM 90,9

SÖGUR AF FÓLKI  
Í umsjón Róberts Marshall.  
Alla laugardaga kl. 13.



**Óska eftir Rafvirkjum** til starfa á höfuðborgarsvæðinu. **Umsóknir sendist á tölvupósti á [straumver@isl.is](mailto:straumver@isl.is) og uppl. í s. 899 1993.**

#### Select - Suðurfelli.

Óskum eftir áráðanlegum og duglegum starfsmanni í verslun okkar í Suðurfelli. Um er að ræða hlutastarf til framtíðar. Getur hentað vel með skóla. Lágmarksaldur 18 ár. **Umsóknur skal skilað á vefnum [www.10-11.is](http://www.10-11.is) eða hjá verslunarstjóra á staðnum.**

#### Fulning ehf

Óskar eftir trésmiðum og laghentum mönnum til úti og inni vinnu. **S. 564 3090, 421 6903 & 897 1327.**

#### Næturæstingar

Viljum gjarnan ráða sem fyrst manneskju í næturæstingar. Unnið aðra hvora viku. **Upplýsingar á [www.hreint.is](http://www.hreint.is) eða hjá Hreint ehf, s. 555 6088.**

#### Vantar starfsmann sem fyrst

Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í verslun okkar ekki yngri en 25 ára.

**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702. Sirrý.**



Starfsmaður óskast til sumarrafleysinga til að sjá um matseld og þrif í mötuneytinu okkar. Uppl. í s. 555 4711.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 [www.HalldoraBjarna.is](http://www.HalldoraBjarna.is)

#### 22-hlutastörf

Vantar skemmtilegt og duglegt fólk í miðasölu, glös og bar. Uppl. í s. 823 7977 Gauja.

Starfsfólk óskast. Í fullt starf eða aukavinnu. Í söluturni með videoi og grilli. Uppl. í s. 899 4194. Bíógrill Grafarvogi.

Óskum eftir starfskrafti í veitingahúsi. Dagvinnu. Uppl. í s. 861 2410.

Skartgripaverslun óskar eftir starfsfólki í sumarrafleysingar. Upplýsingar sendist á [raggisi@simmet.is](mailto:raggisi@simmet.is)

#### Framtíðarstarf.

Óskum eftir laghentum manni, til að aðstoða á trésmiðaverkstæði og fleiri. Ekki yngri enn 18 ára. Uppl. í s. 661 2669.

maður með meirapróf óskast til starfa, fjölbreytt vinnu s:8610401

Málarar eða menn vanir málningsvinnu óskast. Uppl. í s. 896 6148.

Smíðir eða verk taki óskast til að steypa upp einbýlishúsi í Kópavogi. Uppl. í s. 896 6005.

Vídeóleiga óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu, aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Sími 899 4461.

Vantar starfsmann á bóntöð í Kópavogi. Þarf að vera duglegur, stundvís. Uppl. í s. 663 5282.

#### Sumarvinna

Óskar eftir vönu fólki á dráttarvél í slátt réttindi ekki skilyrði. Umsóknir á <http://www.gardlist.is>

Vantar fólk í uppskipun tvo daga í viku. Umsóknir á [www.Gardlist.is](http://www.Gardlist.is)

Starfsmaður óskast til afgreiðslu virka daga í sjoppu í Kópavogi. Uppl. í s. 564 2325, Gunnar.

#### Sjómenn ath

Skipstjóra með 30tonna réttindi vantar á trillu sem fer til hákarla- og handfæraveiða. Uppl. í s. 698 0315.

#### Atvinna óskast

Lærður Málarar, get bætt við verkum. Flest kemur til greina. S. 897 2945, Kristmundur.

Vanur togarasjómaður óskar eftir að komast í afleysingar á ísfisktogara, er í stýrimannaskólanum og langt kominn með annað stigið. Uppl. í síma 452 4479 & 864 3132.

#### Málarar

Málarar geta tekið að sér verkefni, fagmenn. Uppl. í síma 897 4814.

Rúmlega þrítugur karlmaður óskar eftir vinnu. Ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 844 0831.

#### Viðskiptataækifæri

Hefurðu hugleitt að stunda eigin viðskipti? Skoðaðu [www.orvandi.is/upplýsingar.htm](http://www.orvandi.is/upplýsingar.htm)

## TILKYNNINGAR

#### Einkamál

100% trúnaður. Mjög góður og heiðarlegur maður á miðjum aldri með flogaveiki óskar eftir að kynast konu með gott samband í huga. Svör sendist til Fbl, Skafthlíð 24 merkt 100%

#### Tilkynningar



#### Árbók Ferðafélags Íslands er komin út.

Munið eftir að greiða árgjaldið kr. 3900 og fáð bókina senda heim. Hjörleifur Guttormsson skrifar Árbókina 2005 um norðanverða Austfirði.

**Ferðafélag Íslands, Mörkini 6, S. 568-2533, 895-6810, fax 568-2535 & [www.fi.is](http://www.fi.is),**



Allt sem þú þarft og meira til

# allt

Allt um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.





Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

## Pípulagningamenn

**Bechtel – HRV óskar að ráða pípulagningamenn til vinnu á næstu vikum þegar hafist verður handa við frárennslislagir.**

Leitað er að pípulagningamönnum, verkamönnum, flokkstjórum og verkstjórum með reynslu.

Umsókn skal skila á Ráðningarstofu Bechtel, Búðareyri 25, 730 Reyðarfirði eða á Suðurlandsbraut 4, Reykjavík.

Upplýsingar í síma 470 7400 og 470 7595.  
Netfang: [rkristia@bechtel.com](mailto:rkristia@bechtel.com), Fax: 470 7591.

Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Bechtel, [www.fjarmaalproject.is](http://www.fjarmaalproject.is) sem og umsóknareyðublað.



Innritun er hafin í **Menntaskólanum á Ísafirði** og stendur til **14. júní**. Nýnemar geta fengið **aðstoð við rafræna innritun** dagana 13. og 14. júní milli kl. 10:00 og 14:00.

Inntaka í skólann fer eftir reglugerð nr. 98/2000 og ákvörðun menntamálaráðuneytis um nemendafjölda næsta skólaár.

### Dagskóli

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut)

Verknámsbrautir (húsasmíðabraut, rafíðnir, málmíðnir, vélstjórn)

Almenn námsbraut (leiðir I og II)

Starfsbrautir (I – III)

### Kvöldskóli

Öldungadeild

Nýbúanám

Skólafarir hefist með skólasetningu miðvikudaginn 24. ágúst kl. 10:00.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu skólans [www.fvi.is](http://www.fvi.is).

Skólameistari.

## OPIÐ HÚS LAUGARDAG OG SUNNUDAG VESTURGATA 69



VESTURGATA – REYKJAVÍK Rúmgóð og falleg 3ja til 4ja herb. Endaíbúð á fyrstu hæð í nýlegu fjölbýlishúsi. Stærð 102,0 fm. Stórar svalir í suðvestur. Íbúðin skiptist í anddyri, stóra stofu, tvö rúmgóð svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Innrétting í eldhúsi er sérsníðuð úr kirsuberjavið, flisar á milli skápa, uppþvottavél og ísskápur fylgja. Fallett parket er á öllum gólfum, en flisar á baðherbergi. Hús og sameign í góðu ástandi.

**Hlökkver og Katrín taka á móti þér milli kl. 15.00 og 17.00**



TRAUST OG ÖRUGG ÞJONUSTA

SÍMI 533 4040

FAX 533 4041

OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17

Dan V.S. Witum hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • [kjoreign.is](http://kjoreign.is) • [www.kjoreign.is](http://www.kjoreign.is)

## Efstihjalli



Skemmtileg og björt 86,2 fm. og 4ra herbergja íbúð í góðu fjölbýlishúsi á þessum vinsæla stað. Góð gólfefni á allri íbúð. Hús og sameign í ákaflega góðu ásigkomulagi og nýlega standsett Verð **18.4 millj.**



BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

## HÚSEIGN

Fasteignamiðlun



### KEILUGRANDI 6 – PENTHOUSE

Lýsing eignar: Glæsileg og björt penthouse íbúð með miklu útsýni í vesturbænum á tveimur hæðum með rúmgóðum vestursvölum. Sérbílstaði í bílskyl. Um er að ræða íbúð sem er skráð 119,1 fm. og bilageymslu sem er skráð 26,8 fm. Gólfhlötur íbúðar er þó töluvert stærra en kemur fram í skráningu fasteignamats ríkisins þar sem efri hæð íbúðar og hluti neðri hæðar er undir súð og mælast fermetrar ekki með í skráningu ef þeir eru undir 1.80 cm. í lofthæð. Falleg eign á draumastað í Vesturbænum! Stærð í fermetrum: 145,9 • Fjöldi herbergja: 5

Tegund eignar: Fjölbýli

Verðtilboð óskast

Falleg eign á frábærum stað í Vesturbænum.

Áslaug Baldursdóttir, sölumaður á staðnum í dag. S:822-9519

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100



Áslaug sölumaður



# Aktu taktu

**Vaktstjóri óskast**

Hentar þér að vinna á kvöldin og um helgar? Vilt þú starfa í liflegu vinnu-umhverfi á nýja veitingastaðnum okkar í Fellsmúlanum? Um er að ræða *framfærðarstarf* hjá traustu fyrirtæki. Æskilegir eiginleikar: hæfni í mannlegum samskiptum, geta unnið vel undir álagi, þjónustulípurð, jákvæðni og dugnaður. Æskilegur aldur: 20-40 ára. Góð laun í boði. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Upplýsingar veittar alla daga milli kl. 9 og 15 í síma: 892 0274 (Herwig)  
Umsóknareyðublað á veitingastaðnum Aktu Taktu og [www.aktutaktu.is](http://www.aktutaktu.is)

FoodCo ehf • Bolholti 4 • 105 Reykjavík • [www.aktutaktu.is](http://www.aktutaktu.is)

*Foreningen til fremme af Waldorf pædagogik i Norden*

## Foreningen til fremme af Waldorf pædagogik i Norden

### Uppeldisfræði á Íslandi Sumarvikutilboð

Við hleyfum 8 manns að í vikunni 24. til 30. júlí 2005.

Sprachgestaltung (listræn framsögn með aðferð  
byggða á andlegum vísindum).

Kennari Skúli Ragnar Skúlason.  
Unnið verður með æfingar og ævintýri.

Seks morgnar frá mán. 25. júlí til og með lau. 30. júlí.  
22 kennslustundir. Verð 20.000 krónur.  
Ævintýratúlkun

Kennari Zilla Mørch Pedersen. Kennt á ensku.  
Seks eftirmiddagar frá mánudeginum 25.júlí til  
og með laugardeginum 30. júlí.  
28 tímar. Verð 20.000 krónur.

Líffærafræði frá mannspekilegu sjónarhorni.  
Kennt fjögur kvöld frá mánudeginum til og með föstudeg-  
inum. Kennari Gerhard Böhmer hjúkrunarfræðingur. Það  
verður túlkað. 10 tímar í allt. Verð 10.000 krónur.

**Upplýsingar, skráning og greiðsla fyrir 24. júní til:**  
**[kreativlaering@yahoo.dk](mailto:kreativlaering@yahoo.dk), eða 00-45-43425113**

## Talstöðin

FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

# MARKAÐURINN

# Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:

# 550 5600



# Taktu þátt...

**visir**

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is  
og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

## GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við:





## SJÓNARHORN



Þeir voru að dytta að fleytunni sinni feðgamir Sigursteinn Jónsson og Jón Jónsson á Hjalteyri, fullvissir um að fiskurinn biði þeirra úti á gjöfulum firðinum. Ljósmynd: gun

## Vissir þú ...

... að tungumál deyr út í heiminum á tveggja vikna fresti að meðaltali?

... að 1% grænlenku þjóðarinnar býr í fjölbýlishúsi sem kallast Blok P.?

... að orðið lachanophobia merkir ótti við grænmeti?

... að samkvæmisdansar eru háskólagrein í Brigham Young-háskólanum í Utah í Bandaríkjunum?

... að indíánar mála gjarna úti-hurðina bláa til þess að halda illum öndum frá heimilinu?

... að þriðjungur Bandaríkjanna er skógi vaxinn?

... að loftið í Tasmaníu kvað vera það hreinasta í heimi?

... að Fiji-eyjar eru 332 talsins?

... egypska drottningin Kleóptra elskaði fjólubláan lit? Til að fá eitt gramm af tyrkneskum fjólulit lét hún þjóna sína setja tuttugu þúsund snigla af tegundinni Purpura í bleyti í tíu daga.

... þeir sem léku dauðar eða dauðvona persónur í leikritum á miðöldum voru alltaf í gulu?

... í Frakklandi á tíundu öld voru útidyrnar á heimilum föðurlands-svikara og glæpamanna gjarnan málaðar gular?

... tónskáldið og sérvítrungurinn Richard Wagner samdi óperur sínar inni í fjólubláu herbergi?

... Forn-Grikkir sváfu í hvítum náttfötum til að tryggja sér góða og skemmtilega drauma?

... að Brasília státar af flestum plöntutegundum allra landa eða ríflaga 56 þúsund?

KT jeppa & útvistarverslun  
Pallhús loftdætur skriðgírar ferðabúnaður  
S:466-2111  
www.kliptrom.is



Allt sem þú þarft og meira til

Allt um tísku og ferðir á fimmtudögum í Fréttablaðinu.

allt



Leikföng í miklu úrvali fyrir börn á öllum aldri

DÓTAKASSINN  
Kaupvangsstr. 4 sími 4627755 Akureyri

## Keramik

Lundi 560 Varmahlíð • Sími: 453-8031  
Netfang: lundur@krokur.is • Vefang: www.krokur.is/ashlundur

Myndlistasýningar, Gallerí Handrenndur leir, íslenskir jarðvegglerungar, málverk og grafík

Opið alla daga frá 10.00 – 18.00 eða eftir samkomulagi  
Verið velkomin

ato

BÓKHALDSPJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldspjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldspjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

Tökum að okkur verkefni varðandi:

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/ sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl

Hamraborg 1-3  
200 Kópavogí  
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404





**FAGNAÐ** Stúdentar í háskólanum í Bremsen fagna útskriftinni innilega.



**75 ÁRA SKÓLASTARF** Líf og fjör verður í portu Austurbæjarskóla í dag.

## Afmæli Austurbæjarskóla

75 ára afmæli Austurbæjarskóla verður fagnað með videigandi hætti í dag. Skrúðganga leggur af stað niður Barónsstíg klukkan 11 og fer sem leið liggur niður Laugaveg, upp Klapparstíg og Skólavörðustíg og til baka að skólanum um Eiríksstötu og Barónsstíg.

Pema göngunnar er tíminn sem skólinn hefur starfað og munu nemandur túlka tiskusveiflur og tíðaranda árána 1930 til 2005. Slagverkssveitir leika við hvurn sinn fingur og í fararbroddi verða fáanberar og fólk búið þjóðbúningum. Fjölmenningsfélög skólans mun að auki setja sinn svip á hátíðarhöldin.

Að göngunni lokinni verður safnast saman í skólaportinu og grillað, leikið og sprellað.

Þess verður sérstaklega minnst að öld er liðin frá fæðingu Stefáns Jónssonar, rithöfundar og eins ástælasta kennara skólans fyrr og síðar og meðal annars mun Vilborg Dagbjartsdóttir rifja upp kynni sín af honum.

Klukkan þrjú í dag hefjast svo rokktonleikar í portinu. ■



**GAMLI BÆRINN** Gömlu húsin á Hvanneyri

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI:

## Auglýsir eftir gömlum kúskum

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri óskar eftir gömlum og ungum kúskum, vinnumönnum og öðrum starfsmönnum, sem deila minningum frá Hvanneyri fyrir árlegan kúskadag sem haldinn verður þann 13. ágúst næstkomandi.

Stórt og umfangsmikið skólabú hefur alla tíð verið rekið á Hvanneyri og á öldum áður þurfti marga starfsmenn við búreksturinn og þá ekki síst kúska.

Efnt verður til sérstakrar sögu-dagskrár í tengslum við daginn og verður Búvélasafnið opið að vanda. Veitingar verða fánlegar í verslunarmiðstöðinni Kertaljósinu, sem er í gömlu hestaréttinni þar sem oftast en ekki þurfti kúska við.

Myndir og annað sem varpað getur ljósi á starfssöguna á Hvanneyri eru vel þegnar en hafa þarf samband við ráðsmann með fyrirvara til að hægt sé að búa þær til sýningar í tæka tíð. ■

## Kynning á nýjum varalit frá Bourjois

Í Lyfju Laugavegi

í dag laugardag frá kl. 13 til 17



### Kaupauki

Með kaupum á Lovely Rouge varalit fylgir flott burstasett frá Bourjois! Gildir á meðan birgðir endast.

Snyrtifræðingur verður á staðnum og gefur góð ráð.

„Það er þá satt, varaliturinn er það eina sem skiptir máli!“



*Nýir* **LOVELY ROUGE** varalitur, þeir klæða þig betur.

**BOURJOIS**  
PARIS

Útsöluastaðir | Hagkaup snyrtivörudeildir | Lyfja | Apótekið Grafarvogi | Apótekið Lúðfelli | Árnes Apótek | Bjarg Akranesi | Jara Akureyri | Lyfjaval Mjódd



## Styrkir til samfélagsmála

Við viljum leggja okkar af mörkum til samfélagsins og höfum í því skyni stofnað sérstakan sjóð, sem hlotið hefur nafnið Samfélags sjóður Alcan.

Sjóðnum er ætlað að styrkja metnaðarfull verkefni á ýmsum sviðum sem endurspeglar gildi Alcan og falla undir eftirfarandi málaflokk:

**Heilsa og hreyfing, öryggismál, umhverfismál, menntamál og menningarmál.**

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og nú auglýsum við eftir umsóknum.

**Nánari upplýsingar um reglur sjóðsins, ásamt umsóknar-eyðublöðum, er að finna á [www.alcan.is](http://www.alcan.is).**





**SIF KONRÁÐSDÓTTUR**  
var hvatamaður að ályktun  
sem ráðstefnan Tengslanet  
– II Völd til kvenna sendi  
frá sér um launaleynd.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARIE

Ráðstefnan Tengslanet – II Völd til kvenna var haldin á Bifröst 26. og 27. maí. Doktor Herdís Þorgeirsdóttir, prófessor við lagadeildina á Bifröst, átti frumkvæði að ráðstefnunni en þetta er í annað skipti sem hún er haldin. Á ráðstefnunni voru efnahagsleg völd til kvenna í brennidepli. Fjöldinn allur af fyrirlesurum hélt erindi. Hæstaréttarlögmaðurinn Sif Konráðsdóttir flutti erindi um launajafnrétti en jafnréttismál eru henni hugleikin.

„Það er brot á almennum hugmyndum um jafnræði að skekkja sé í launum kynjanna. Það þarf að upplýsa fólk og það þarf að vera umræða um þessi mál. Lögmenn hafa jafnmiklar skyldur og hver annar til að koma með innlegg í þá umræðu,“ segir Sif. Þótt ekki hafi verið flutt mörg dómsmál um launajafnrétti eru þau nokkur og hefur Sif farið með mörg þeirra.

„Þegar ég heyrði konur tala um þennan trúnað sem þær og samstarfsmenn þeirra eru bundin varðandi launin sín fór ég að leita mér upplýsinga. Mér fannst þetta athyglisverð staða að geta ekki spurt samstarfsmenn um laun þeirra og mega ekki tala um launin sín. Og að það væri ekki vel séð að fólk væri að bera launin sín saman. Ég vildi skoða hvort það væru raunverulega einhverjar hömlur á því að fá upplýsingar,“ segir Sif. Hún segist hafa heyrt mörg dæmi um að konur í stjórnunarstöðum hjá einkafyrirtækjum væru oft að komast að því að mennirnir sem væru ráðnir í þeirra stað fengju miklu hærri laun en þær sjálfar voru með. Hún bendir einnig á að margar hefðu orð á því að þær væru að fá tilviljanakenndar upplýsingar sem þær ættu erfitt með að nota. Þær gætu átt í hættu að vera sakaðar um að fara í skjöl sem þær hefðu ekki aðgang að eða mennirnir sakaðir um trúnaðarbrot.

„Mér fannst þetta svo mikill vandræðagangur að ég vildi skoða hvort það væru ekki einhverjar

## Launaleynd er brot á jafnræði

Sif Konráðsdóttir hæstaréttarlögmaður flutti áhugavert erindi um launajafnrétti á ráðstefnunni Tengslanet – II Völd til kvenna sem haldin var á Bifröst á dögnum. Eftir ráðstefnuna sendu ráðstefnugestir frá sér ályktun og skoruðu á atvinnurekendur að endurskoða svonefnda launaleynd. **Marta María Jónasdóttir** ræddi við Sif um laun kvenna og rétt þeirra á vinnumarkaði.

aðrar leiðir í boði. Það var hvatinn að því að ég ákvað að skoða þetta nánar.“

### Launaleynd ekki sjálfsagður hlutur

Þegar Sif leitaði upplýsinga komst hún að því að launaleyndin er skrifð fyrirbæri.

„Orðið launaleynd er hjúpað leyndardómi. Það hefur fengið að

leika lausum hala og grassera í samfélaginu. Það er ekki hægt að skilgreina þetta orð en allir gera óvín úr því, enda stuðlar það að kynbundnum launamun. Hingað til hafa vinnuveitendur ekki verið látnir standa reikningsskil á þessu. Upp vakna spurningar eins og hvað starfsmaðurinn fái í staðinn fyrir launaleyndina. Það þarf að afhjúpa þetta því allt of margir taka launaleyndinni sem sjálfsgögnum hlut,“ segir Sif og bætir við að launamál séu einkamál hvers og eins, en fólk verði að geta valið hvort það vilji ræða launin sín eða ekki.

„Auðvitað er samningsfrelsi á vinnumarkaði. Menn mega semja um ráðningarkjör en þeim eru settar skorður af jafnréttislögum. Vinnuveitandi getur ekki skotið sér á bak við að hann hafi samið um trúnað við karlkyns starfsmann þegar kona sem vinnur hjá honum segir að hana gruni að á henni sé brotið. Það væri brot á jafnréttislögum. Það er ekki hægt að praktisera jafnréttisregluna ef það er ekki hægt að nálgast upplýsingar. Niðurstaða mín er að launa- og kjaraleyndin verður að takmarkast af jafnréttislögum.“

**Konur oft ragar við að fara í mál**  
Sif heldur því fram að launaleynd komi engum vel og haldi launum kvenna niðri.

„Nota atvinnurekendur launaleyndina sem stjórnþæki? Eða er þetta leið til að fá meiri arð og betri rekstrarafkomu? Hver er tilgangurinn ef hann setur þetta inn í ráðningarsamning? Mér finnst að vinnuveitendur þurfi að svara fyrir þetta núna.“ Hún kemur með þá tillögu að aðilar vinnu- markaðarins setjist niður og geri samkomulag um að atvinnurekendur sé skylt að upplýsa stéttarfélagin eða Jafnréttisstofu um laun starfsmanna þegar það á við. Eða í þeim tilfellum sem konu grunar að jafnlaunareglan sé brotin.

„Ég er bara að tala um þau tilvik út frá kynbundnum launamun. Vilja atvinnurekendur nota launa-

leynd til að viðhalda kynbundnum launamun. Vilja þeir þetta?“

Til að fá niðurstöðu í sín mál er oft nauðsynlegt að leita til dómsstóla. Því miður er kvenfólk oft ragt við að fara með sín mál alla leið.

„Ég get svo sem ekki gefið út almenna hvatningu um að fara í mál. Þetta hangir allt saman. Konur gera ekki jafn háar launakröfur og karlar. Þegar þær halda að það sé brotið á þeim eiga þær að fá upplýsingar. Fá þær upplýsingar sem sýnir að brotið sé á þeim eiga þær að krefjast réttar síns. Það þarf auðvitað að vera til staðar lagalegur grundvöllur og úrræði til þess að fara í mál út af launajafnrétti. Dómsmálin eru ótrúlega fá og einnig málin hjá

kærufnefnd jafnréttismála. Í vikunni bárust fréttir af því að launamunur hjá viðskipta- og hagfræðingum hefði aukist á einhverju tímabili, samt fjölgaði ekki kærufnum til kærufnefndar. Það eru auðsjáanlega einhverjar hindranir sem eiga sér sjálfsagt margar skýringar,“ segir hún.

### Vantar fordæmi

Spurð um ástæður þess að konur sæki ekki rétt sinn fyrir dómsstólum segir hún ástæðurnar afar margar og mismunandi.

„Það er spurning hvort úrræðin séu nógu aðgengileg og kostnaður spilar örugglega stórt hlutverk. Þegar konur eru í starfi getur það valdið þeim erfiðleikum á vinnumarkaði að fara í mál. Það vantar náttúrulega fyrst og fremst fordæmi, bæði í dómum og í álitum kærufnefndar, sem gerir það að verkum að kona hefði sterkara vopn í höndunum þegar hún er að gera þessa kröfu.“ Hún bendir á að þeir sem séu utan stéttafélaga séu í mun verri stöðu en hinir því þeir hafi engan til að aðstoða sig í fyrstu umferð við að leita réttar síns. Sif segir að á ári hverju komi upp nokkur mál þar sem konur vanti aðstoð við að afla upplýsinga um gögn hjá vinnuveitendum.

„Það væri auðvitað betra ef rétturinn til að nálgast gögnin væri meira afgerandi, ef það hefðu til dæmis fallið einhverjir dómur. Laun eru persónuupplýsingar og túlkun jafnréttisumboðsmannsins og persónuverndar í Noregi er sú að þegar starfsmaður telur að á honum sé brotin jafnlaunaregla getur vinnuveitandi ekki neitað að afhenda gögn um laun samstarfsfélaga hans. Svona niðurstaða er ekki komin á Íslandi og það væri ágætt að láta á það reyna svo hægt væri að vísa í fordæmi. Persónuvernd hefur ekki fengið svona erindi. Jafnréttisstofa hefur enn sem komið er ekki neina opinbera afstöðu. Það vantar túlkun um að þessi réttur sé til staðar. Það finnst mér mjög athyglisvert.“

martamaria@frettabladid.is

**Ný mynd eftir Dag Kára**  
leikstjóra Nóa albinósa

★★★★★  
POLTZEN  
★★★★★  
BERLINGUE TENDRE

**VAKSNE**  
MENNISKER

★★★★★  
H.L. MBL  
S.P. VIDSJÁ  
Ó.H.T. RÁS 2  
Ó.H. DV

“Fullt af stjörnum!!”  
“Dni, Eðna og Lyðna”  
“Svonefndarferðir”  
Claus Christensen - Information

“Núllið af þessari mynd. Í sínu orði sagt stórkostleg”  
Ólafur Ólafsson - Vaktablaðið

“Þegar þú stíplast sig inn um einn áþrengdrið þróunspóssamaður íslendinga.”  
Kjartan Sveinsson - Vaktablaðið





VÍSINDAVEFUR  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



**RAFMAGN** Raf er hálfagnsætt, gul- eða brúnleitt efni, myndað úr harpax sem runnið hefur af bartrjám fyrir ísöld, til dæmis í Eystrasaltslöndunum.

## Hvað er rafmagn?

Margir spyrjendur hafa sent Vísindavefnum þessa spurningu eða eitthvað henni líkt. Eðlilegt er að fólk velti þessu fyrir sér þar sem rafmagn er annars vegar svo algengt og mikilvægt í lífi okkar en hins vegar hálfpartinn ósýnilegt og ekki algengt í náttúrunni. Þannig er það líklega torskindara fyrir flestum en til dæmis þyngd eða hreyfing.

Svar: Stutta svarið er að orðið rafmagn er haft um hvers konar fyrirbæri sem tengjast rafhleðslum og hreyfingum þeirra. Rafhleðsla er einn af grundvallareiginleikum efnisins og fylgir til dæmis langflestum tegundum öreinda og kvarka, sem eru smæstu eindir efnisins. Rafmagnið sem við mætum í daglegu lífi er þó yfirleitt alltaf tengt þeirri tegund öreinda sem nefnast rafeindir, stað þeirra og hreyfingu.

### Allar öreindir hafa ákveðna rafhleðslu

Sérhver öreind eða kvarki af tiltekinni tegund hefur ákveðna rafhleðslu sem er ýmist jákvæð (plúshleðsla), neikvæð (mínus-hleðsla) eða 0 (núll, það er að segja engin) og um leið einfalt margfeldi af frumhleðslunni sem er táknud með e.

Þannig hefur rafeindin hleðsluna -e en róteindin gagnstæða hleðslu, +e. Þetta þýðir meðal annars að kerfi róteindar og rafeindar hefur heildarhleðsluna 0 (núll), en slíkt kerfi er einmitt léttasta atómið, vetni. Nifteindir hafa hins vegar enga hleðslu.

### Í flestum efnum eru jafnmargar rafeindir og róteindir

Í venjulegu efni eru nær eingöngu þessar þrjár tegundir einda, rafeindir, róteindir og nifteindir, og um leið er langoftast jafnmikið af rafeindum og róteindum. Þess vegna er venjulegt efni yfirleitt óhlaðið, hefur enga rafhleðslu sem heild, þannig að rafmagnið í því er oft og tíðum ósýnilegt út á við. Engu að síður eru það rafkraftarnir, aðdráttarkraftarnir á milli róteinda og rafeinda, sem halda atómum efnisins saman og eiga þannig mikinn þátt í því að samloðandi efni skuli yfirleitt vera til.

Rafeindir eru tæplega 1900 sinnum léttari en róteindir og ýmist frekar laust bundnar atómum efnisins eða geta ferðast alveg frjálst um það. Þetta eru ástæðurnar til þess að þær koma einmitt mest við sögu í rafmagni daglegs lífs eins og áður var sagt.

### Greiðan og pappírinn

Þegar við greiðum þurrt hár flytjast rafeindir milli efnanna, frá hárinu yfir á greiðuna. Greiðan fær þá neikvæða hleðslu en hárið jákvæða vegna þess að í því eru þá fleiri plúshleðslur á róteindum

en mínusleðslur á rafeindum. Ef við berum greiðuna að pappírspjötum á borðinu fyrir framan okkur sjáum við að þær dragast að greiðunni og lyftast jafnvel frá borðinu. Þetta gerist af því að rafeindirnar í pappírnum færast til innan pjötlunnar þannig að fram kemur aðdráttarkraftur milli hennar og hleðslunnar í greiðunni.

Þegar lítil greiða dregur að sér bréfsnifsi er gaman að leiða hugann að því að tveir hlutir eru í rauninni að togast á um bréfið: Greiðan togar upp á við með rafkrafti en jörðin togar í bréfið niður á við með þyngdarkrafti. Meginástæðan til þess að greiðan verður yfirsterkari er sú að rafkraftar eru svo miklu sterkari en þyngdarkrafturinn þegar þeirra fyrrenfndu nýtur við á annað borð, það er að segja þegar hlutur hefur annaðhvort einhverja heildarhleðslu (eins og greiðan) eða þegar rafeindirnar hafa færst verulega til innan hlutarins þannig að hluti hans er plúshlaðinn en annar partur mínuslaðinn. Þetta síðastnefnda fyrirbæri nefnist skautun eða pólun og er einmitt að verki þegar greiðan dregur bréfsnifsi að sér þó að það sé óhlaðið sem heild.

### Raf og rafmagn

Fyrirbæri svipuð þessu með greiðuna og hárið hafa verið þekkt frá alda öldi. Forn-Grikkir komust til dæmis að því að undarlegir hlutir gerðust þegar þeir neru stangir úr rafi með loðskinni. Rafstöngin gat þá til dæmis dregið að sér létta hluti eins og fuglsfjadrir. Raf heitir á grísku elektron og íslenska orðið rafmagn er því í rauninni býsna bein þýðing á alþjóðborðinu sem á ensku er electricity.

### Verðmæt orka

Rafstraumurinn eða rafmagnið í rafveitum okkar er býsna verðmæt og fjölbreytt orkuform frá sjónarmiði eðlisfræðinnar og það er mjög hagkvæmt að flytja orku á milli staða með raflium. Við getum breytt raforkunni til baka í ýmsar aðrar orkutegundir, eins og til dæmis ljós í ljósaperum, snúning í hvers konar hreyflum eða mótörum, mynd í sjónvarpstæki eða tölvu, hita í eldavelum, orbylgjuofnum og húshitunarofnum, og svo framvegis. Í mörgum þessum dæmum er ekki hægt að nota neitt annað en rafmagn. Til húshitunar getum við hins vegar notað ýmislegt annað og á hinn bóginn þarf mikla raforku til hitunar. Þannig getum við séð í hendi okkar að það getur ekki verið sérlega hagkvæmt að nota rafmagnið til rafhitunar.

Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði

Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hvað er tígla í erfðafraði, eru renninbi og yvan sami gjaldmiðillinn, af hverju hafa vetur undanfarið ára verið svona snjólitir, getið þið sagt mér frá baráttunni um El Alamein, og hvaða lífvera var á toppi fæðukeðjunnar á undan manningum? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á síðinni [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).



## Sýning í skemmtilegu dótubúðinni



### Sea-doo sæþotur

Leiktæki sem eiga engan sinn líka! **Sea-doo RXP** er kraftmesta sæþotan sem völ er á og hefur 215 hÓ vél. Nýjasti kostagripur Sea-doo er svo **3-D**. Byttingarkennt leiktæki og ótrúlega fjölbæft. Bæði tækin hafa hlotið viðurkenningar í Bandaríkjunum sem sæþotur ársins í sínum flokkum.

### Hörkutólið

Outlander var kosið fjórhjól ársins í Bandaríkjunum enda hlaðið kostum og var m.a. fyrsta fjórhjólið sem hægt var að fá fyrir ökumann og farþega.

„Aldrei fyrr hefur fjórhjól haft slíka yfirburði í prófunum okkar. **Outlander 400 4x4** er sigurvegari á öllum sviðum. Sameinar fullkomlega sport-fjórhjólið og vinnuhestinn.“  
ATV Magazine



### Sterkir bátar

**Steady** eru nýir norskir plastbátar sem sameina kosti hefðbundinna plastbáta og slöngubáta. Léttir, liprir og stöðugir. Gerðir úr niðsterku plastefni. Margar stærðir og gott verð!




### Fjölbreytt úrval utanborðsmótora

Við bjóðum upp á **Johnson-Evinrude** utanborðsmótora sem hafa um áratugaskeið verið í fremstu röð.

**Evinrude E-Tec** fær hver verðlaunin á fætur öðrum fyrir hönnun og gæði tvígangsmótorsins. Allar stærðir og gerðir og pottþétt þjónustudeild.

Opíð laugardag 10-16 og sunnudag 13-16

**ATHUGIÐ! GÍSLI JÓNSSON HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA AÐ KLETTHÁLSI 13.**



**GÍSLI JÓNSSON**

WWW.GISLI.IS // S. 587 6644



# Hlustað á tímann

Rafstuð í æsku opnaði vitund Finnboga Péturssonar myndlistarmanns fyrir ókönnuðum brautum listarinnar en allar götur síðar var drengurinn staðráðinn í að gerast listamaður að ævistarfi.

**Pórdís Lilja Gunnarsdóttir** átti samtalið við Finnboga undir eldhnetti himins.

Finnbogi Pétursson var ekki nema átta ára þegar hann fór að fíkta með rafmagn bak við luktur dyr heima í Nökkvavogi. Hann tengdi nagla við straumbreyti, straumbreyti við hátalara, og úr hátalaranum kom ægífagur hljóð sem Finnbogi kallar hjartslátt rafmagnsins. Drengurinn fékk vitanlega rafstuð við fíkið og sjokk í kjölfarið. Kom ekki nálægt rafmagnni fyrir en mörgum árum síðar.

„Allt sem ég geri í listinni er afleiðing þessarar lífsreynslu og ég skynjaði að þarna lágu ókannaðar og spennandi brautir. Stuðnið gerði að verkum að ég beið með frekari tilraunir þar til ég hafði hugrekki til en mörgum árum síðar hafði ég skilið hvaða fagri tónn þetta var: sem sagt fimmtíu ríða tónn rafmagnsins,“ segir Finnbogi dreyminni röddu, enda enn að kynnst tófrum frumkraftanna.

## Tími tækifæra

Það er margt að gerast í lífi Finnboga þessa dagana. Verk hans Hringur var vígt í húsakynnum Orkuveitu Reykavíkur nú í maí og í tengslum við Listahátíð sýnir Finnbogi nýtt verk í vatnstönkunum við Háteigsveg til 5. júní. Þann 18. júní verður svo afhjúpuð innsetning Finnboga við Vatnsfellsvirkjun og sjálfur hefur hann verið tilnefndur til Carnegie-listverðlaunanna 2006, sem afhent verða í Noregi í lok september, auk þess sem hann var valinn til að taka þátt í Carnegie-sýningunni sem ferðast milli höfuðborga Norðurlanda í heilt ár og endar í Lundúnum.

„Hlutir hafa tilhneingingu til að hladað upp á ákveðin mómment og slíkt mómment er núna hjá mér,“ segir Finnbogi sem vinnur verk

sín einkum úr tónum sem hann varpar úr hátölurum á fleti sem mynda teikningar eða skúlptúra úr lofti.


„Ég hef alltaf kallað mig myndlistarmann í stað hljóðlistamanns, enda ekkert sem mælir mót því að þessi tegund listar eigi heima í myndlist. Ég er ekki heldur að finna þetta upp. Vatn hefur verið notað öldum saman til að sýna hljóðbylgjur; hringgáru myndast þegar steinn er látinn detta ofan í vatn og þannig haga hljóðbylgjur sér líka, eins og menn fyrri alda uppgötvuðu fyrir löngu,“ segir Finnbogi sem sjálfur byrjaði að gera tilraunir með vatn og vatnsgáru þegar hann frumsýndi Hringinn í Nýlistasafninu árið 1991, verk sem þótti nýstárlegt og íslenska þjóðin fjölmennti til að sjá.

## Dagdraumabylgjur

Finnbogi segir vatn og rafmagn vinna fallega saman og að listaverkin snúist líka um tímann.

„Eftir að ég var sleginn út af rafmagnspúkanum, svo lítill búkur og brá auðvitað mikið, greiptist þessi fallegi raftónn í vitund mína. Eftir nám í myndlist var því eðlilegt framhald að byrja að vinna með þennan grunntón, en í dag tefli ég einnig saman lægri tónum og fæ frá hverju pari sterkari millibylgju. Þá tækni nota ég í verkinu sem í haust keppir til Carnegie-listverðlaunanna,“ segir Finnbogi en sú innsetning tilheyrir sömu fjölskyldu og innsetningin sem hann setti upp í Ásmundarsal árið 1993 og var keypt af austurrískri barónessu.

„Verkið nú verður minna í sniðum og í stað eins tóns nota ég tvo fimm til átta ríða millitóna sem í raun eru pheta-bylgjur, þær sömu



MYNDLISTARMAÐUR MED MARGT Í GANGI Finnbogi Pétursson kallar sig myndlistarmann þótt mestmegnis vinni hann listaverk sín með tónum á mismunandi tíðnisviði, ásamt frumkröftunum eldi og vatni.

og finnast í svefnstigum mannsins. Pheta-bylgjur eru fyrsta stig dáleislu, stundum kallað dagdraumaástand, eins og á við um þorra bílstjóra í umferðinni þegar þeir keyra vanabundna leið annars hugar og vita ekki af tíma sínum fyrr en á áfangastað.“

## Líf listamannsins

Á uppvaxtarárum Finnboga kom ekki til greina annað en að verða listamaður.

„Ég fullyrði við kennara mína í barnaskóla, þegar þeir reyndu að beina mér á þær brautir að vera duglegur að læra, að ég hefði lítil not fyrir námið þar sem ég ætlaði í myndlistarskóla,“ segir Finnbogi sem alltaf hefur haft lifandi ímyndunarafli.

„Ég á auðvelt með að fá hugmyndir, en maður þarf að gera meira en að hugsa. Það þarf að hrinda hlutunum í framkvæmd. Verk sem þessi eru dýr í uppsetningu, en nú í fyrsta sinn fékk ég Burðarás til að styrkja mig fjárhagslega til verksins við tankana og Orkuveitan lánaði mér vatnstankana. Fyrir vikið gat ég ráðið fólk til að vinna fyrir mig vissa hluti sem annars hefðu kannski verið ófullkomnari, tekið mun lengri tíma og sett fjölskylduna á hausinn,“ segir Finnbogi, en síðustu tvö ár hefur hlutskipti hans verið fátæki hugsjónalistamaðurinn, þar sem honum var ekki úthlutað listamannslaunum á því tímabili.

„Það væri brjálæðislega skemmtilegt að selja verkin, en hefði maður gróðasjónarmiðin eingöngu að leiðarljósi hefði ég aldrei farið þá leið að gera verk mín eins og raun ber vitni, því þau eru nánast vonlaus í sölu. Hins vegar hafa augu og eyru æ fleiri beinst að mér að undanförunu og í útlöndum er heill heimur listunnda sem safna innsetningum af ástríðu. Því er margt spennandi í farvatninu og margir sem fylgjast grannt með, en reynslan hefur kennt mér að halda logninu og ýfa ekki upp áhugann fyrr en eitthvað fast er í hendi,“ segir Finnbogi

sem síðastliðin tvö ár hefur margsinnis fundið sig knúinn til að bláa í atvinnuauðgýsingum dagblaðanna.

„Frá 1997 hef ég eingöngu unnið við myndlistina, en hafði áður unnið fulla vinnu meðfram listsköpun minni. Það er auðvitað frábært að hafa tækifæri til að sinna listinni áhyggjulaust, en líf listamanna er ekkert auðvelt þótt oftast sé það ótrúleg upplifun. Inn á milli koma tímabil streitu og svefnleysis vegna fjárhagsáhyggna og listaverk sem þessi hafa lítið að segja við kassann í Bónus eða fataverslunum barnanna. Sem betur fer sýnist mér þessir óvissuþættir á góðri leið með að hverfa með fyrirtækjum eins og Burðarási sem kemur svo myndarlega að þessum styrk, og er vonandi það sem koma skal því ég er viss um að fyrirtæki sem leggja listamönnum lið og listviðburðum fjármagn, fá það margfalt til baka.“

## Tilraunamennska

List Finnboga má gjarnan líkja við

tilraunamennsku, enda prófar hann oft en ekki splunkunýjar leiðir og úrræði, eins og í vatnstönkunum við Háteigsveg núna.

„Þar nota ég eld í fyrsta skipti og hef lært að ætli maður að storka eðlisfræði þarf maður að beita ákveðnum aðferðum. Ég vil hafa stjórnina, láta vatn og eld haga sér samkvæmt mínum skipunum, en í vatnstönkunum tók eldurinn yfir höndina og sló út margra mánaða vinnu, rétt viku fyrir opnunina. Í ljós kom að verkið varð betra með þessari óvæntu beitingu og miklu nær því konsepti sem ég hafði reynt að ná í áföngum, en tankarnir eru tveir og verkin tvö, þótt þau spili saman. Maður horfir á eldinn og heyrir í loftinu. Horfir á vatnið og heyrir í jörðinni. Ég varð því að setta mig við vopnin slegin úr höndum mínum og taka gjöfinni fagnandi því það gerist ekki á hverjum degi að maður fái heila innsetningu gefins frá eldinum,“ segir Finnbogi brosmildur, sáttur við samvinnu frumkraftanna.

## HJARTSLÁTTUR RAFMAGNS

Þann 18. júní verða afhjúpuð ný verk Finnboga Péturssonar og Gjörninga-klúbbsins við Vatnsfellsvirkjun í Þjórsárdal, en verkin sigruðu í samkeppni Landsvirkjunar. Í gegnum virkjunina rennur vatn sem býr til rafmagn á 50 ríða tíðni, sem Finnbogi kallar hjartslátt rafmagns.

Í verðlaunaverki Finnboga notar hann 20 metra löng göng sem vísa frá norðri til suðurs. Göngin eru manngeng í fjögurra metra lofthæð sem lækkar smám saman niður í tvo og hálfan metra, en aftast mjókkar rörið niður í hálf metra breiðan gang, þar sem norðanvindurinn mun blása í gegnum göngin og senda 50 ríða gnaud í gegnum orgelpípu. Það

er sama tíðni og heyrir í spennum virkjunarinnar, en 50 ríða tónn er lágstemmdur og inngreiptur í vitund Íslendinga þar sem öll rafmagnstæki í umhverfinu ganga á þeirri tíðni. Verkið virkar aðeins á Íslandi vegna spennutíðnar og er hugsað sem ljóð frá norðanvindinum til sunnanvindsins í hliðinu á milli átta.



GÖNGIN við Vatnsfellsvirkjun í vinnslu

## BARA GRÍN Í BT!

TAKTU ÞÁTT!

Eintak á 199kr?  
Sendu SMS skeytið  
BTL FML á númerið  
1900 og þú gætir unnið!  
11. hver vinnur.



HA HA HA  
HA HA!

Taktu þátt þú gætir unnið: Meet the fockers  
Lemony Snicket's A Series Of Unfortunate Events

- Meet the parents SE • Aðrar DVD myndir
- Kippur af Coke og margt fleira!

MOBILE

Vinnningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 199 kr/skeytið



# Vertu grillkóngur sumarsins

## Focus

-Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir



### KAUPAUKI

Yfirbreiðsla fylgir hverju keyptu Focus grilli



**Vaxtalaus verðsprengja!**  
aðeins

**5.799** kr

á mán. í 12 mánuði

Verð nú **69.588,-**

Upph. verð **98.999,-**

### FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING

á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

**50%**  
afsláttur



Mikið úrval af grill aukahlutum



Frábær grillpensill úr silicone sem dregur vel í sig olíur og grillpenslunin verður allt önnur!

Gott verð  
**599** kr

Westmark gæða grillpensill -þolir allt að 300°C



TILBOÐ  
**1.899** kr

Verð áður 2.499,-

Tölvukjötsteikarmælir fyrir rétta steikingu



TILBOÐ  
**1.999** kr

Verð áður 3.999,-

Vandað grillaukahlutasett í áltösku

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



# Alltaf svolítill larfur í sér

Söngkonan **Birgitta Haukdal** er komin aftur fram á sjónarsviðið með hljómsveit sinni, Írafár, eftir hálfis árs pásu. Hún heldur því áfram að vinna hjörta Íslendinga í sumar með einstakri útgeislun sinni og bjartri söngrodd. **Borghildur Gunnarsdóttir** spjallaði við poppprinsessuna um lífið og tilveruna.

**B**irgitta segist alltaf hafa dreymt um að vera söngkona og því sé starfið hennar í raun draumur sem rættist. „Ég ætlaði reyndar að verða söngkona eða prinsessa og ég bý því bara eftir að fá seinni óskina uppfyllta líka,“ segir hún og skellihlær dillandi hlátri og blaðamaður er ekki efins um að hægt væri að krýna stúlkuna sem poppprinsessu Íslands.

„Það er ótrúlegt tækifæri að fá að vinna við þetta og ég á eiginlega bág með að trú því sjálf. Mér finnst svo stutt síðan ég var heima á Húsavík að gera alla brjálada með sönglinu í mér. Ég man að á ferðalögum með fjölskyldunni þá sat ég aftur í með bróður mínum og hann var oft mjög fúll þegar ég gaulaði alla leiðina í marga klukkutíma. En þetta hefur greinilega virkað vel, verið góð æfing,“ segir Birgitta ánægð með lífið.

„Ég er rosalega hamingjusöm í dag og mér líður vel. Sumarið leggst vel í mig, ég hlakka til að gefa út nýja plötu, við í Ávaxtakörfunni förum til Kína í júlí sem er alveg yndislegt og ég get ekki annað sagt en að lífið sé gott,“ segir hún kát.

## Gott að kíkja í sveitina

Eins og margir vita er Birgitta Húsavíkingur í húð og hár og hefur sterkar taugar til staðarins. „Ég finn það oft að ég er stundum svolítið saklausari í hugsun en aðrir hér í Reykjavík en það var samt aðallega svona fyrstu árin eftir að

ég flutti. Ég mun samt alltaf vera svolítill larfur í mér og finnst alltaf jafn yndislegt að koma út á land og kíkja í heimsókn á Húsavík. Það er svo yndislegt, eins og að vera kominn í annan heim og stórkostlega gott að geta kúplað sig út úr fjörinu,“ segir hún dreymin.

„Mér finnst stundum sorglegt hvað Íslendingar fara mikið til útlanda en þekja kannski landið sitt ekki neitt. Við eigum svo mikið af frábærum stöðum sem yndislegt er að heimsækja. Við erum voðalega þjóðernissinnuð í kjaftinum og dásömum landið við útlanda en svo grípum við fyrsta tækifæri sem gefst og ferðumst til útlanda.“

## Forréttindi felast í starfinu

Aðspurð um tilfinninguna að vera jafn þekkt á Íslandi og raunin er og að sjá slúður fyrirsgnir í blöðunum um einkalíf sitt segir hún: „Þetta er bara eitthvað sem venst og hefur í rauninni aldrei haft sérlega vond áhrif á mig. Maður veit þá bara af því að það er slúður í gangi og veit að það er tímabundið. Mér finnst þetta aðallega fyndið og þegar ég er stödd í búð og sé allt í einu mynd af sjálfri mér með fáránlegri fyrirsögn þá er erfitt að bregðast öðruvísi við en að fara að hlæja,“ segir hún og bætur við að kostir frægðarinnar séu mun fleiri.

„Það eru forréttindi að fá að vinna við það sem ég hef unun af og að það skuli vera til fólk sem er tilbúið að hlusta á tónlistina mína.



**BIRGITTA HAUKDAL** Hljómsveitin Írafár hefur tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið eftir hálfis árs pásu og að sjálfsgöðu með glæsistúlkuna Birgittu í framlinunni. Þau eru búin að hvíla sig vel og snúa aftur endumærð og til í tuskið. Birgitta samdi eitt lag á síðustu plötu Írafárs og því forvitnilegt að vita hvort hún muni endurtaka leikinn. „Ég hef alveg verið að semja eitthvað en Viggí er bara svo góður lagasmiður að það er erfitt að keppa við hann,“ segir hún og hlær. „En það er ekkert ákveðið með það. Ég hef alltaf verið þannig að ég vil ekki senda neitt frá mér nema ég sé hundrað prósent ánægð með það. Þetta gengur voðalega vel hjá okkur þannig að hann semur lögin og ég textana en það er aldrei að vita nema ég geti laumað einu af mínum lögum inn á plötuna.“

Ég gæti ekki beðið um meira. En það er nauðsynlegt að hafa gaman af því að gefa af sér ef fólk er á annað borð í svona starfi.

Við tókum okkur frí í hálf ár og gerðum ekki neitt. Í millitíðinni gaf ég út plötu því það er nú bara þannig að maður getur ekki bara hætt að vinna vinnuna sína.

## Ánægð með nýliðana

Poppheimurinn er alltaf að breytast og nýtt fólk að bætast í hópinn. Birgitta er þó bara ánægð með samkeppnina og list vel á áhuga-verða nýliða. „Það er alltaf gaman að fá fleira tónlistarfólk í bransann og gaman hvað flóran er orðin fjölbreytt. Hildur Vala er mjúk og skemmtileg ballöðu-söngkona, Nylon er í poppinu fyrir unga fólk og mér finnst þetta ekkert nema gott.“

Aðspurð hvort hún eigi einhverja íslenska uppáhaldstónlistarmenn segir hún: „Frá því að ég var unglingur hefur Sálín alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Gummi og Stebbi eru alveg briliant teymi í laga- og textagerð og ég hef alltaf lítið mikið upp til þeirra. Sérstaklega er ég hrifin af gömlu tónlistinni. Einnig hafði ég rosalega gaman af Todmobile og Nýdanskri en annars er ég algjör alæta á tónlist og að mínu mati er mikilvægt að hafa breiðan tónlistarsmekk. Ég get ekki ímyndað mér að það sé gott að vera mjög litadur af einhverju Idoli og fara ósjálfrátt að apa eftir og ná þarfleiðandi ekki að vera maður sjálfur í tónlistinni.“

## Nýr trommari slær taktinn

Eins og flestir vita hefur Írafár skipt um trommara og því mun

Jóhann Bachmann ekki tromma lengur með sveitinni en Arnar Gíslason tekur við. „Skítamóral er að gefa út plötu í sumar og Hanni er náttúrulega að tromma með þeim líka. Það gekk ekki alveg upp því við erum að fara út til að taka upp plötuna okkar. En Addi er alveg briliant trommari og svolítill rokkari í sér sem er mjög skemmtilegt.“

Það er gaman að fá svona ferskar hugmyndir inn í hljómsveitina en Addi hefur verið að tromma með Ensími og Súrefni.

Sumarið er fullskipað hjá Írafári og þau ætla að spila hér og þar en aðalatriðið er þó að vinna næstu plötu. „Strax eftir Verslunarmannahelgina förum við út og klárum plötuna. Í haust byrja svo lætin, stefnan er að gefa plötuna út um mánaðamótin október og nóvember og þá förum við í heljarinnar tónleikaferð um allt landið.“

Nú þegar er eitt lag komið í spilun á útvarpsstöðvum en það er lagið Leyndarmál. Þetta er fyrsta lagið af væntanlegri plötu og í sumar mun Írafár eiga tvö ný lög á plötunni Svona er sumarið 2005. Þetta eru þó einu lögin sem fólk fær að heyrna af plötunni áður en hún kemur út.

## Írafársstíllinn breytist ekki

Aðspurð hvort tilfinningin í hljómsveitinni eða tónlistinni sé ólík nú þegar nýr trommari er kominn í sveitina segir Birgitta að munurinn sé ekki mikill. „Hann Addi er svo hress og jákvæður og fellur svo vel inn í hópinn að þetta er bara mjög skemmtilegt. Auðvitað er ekki gaman að þurfa að skipta um trommara en þó svo að

Addi og Hanni séu mjög ólíkir trommarar þá mun Írafársstíllinn halda. Eflaust mun þó verða hægt að greina einhverjar breytingar á hljómmum en það er bara skemmtilegt því engin hljómsveit vill standa í stað.“

Þegar Birgitta lítur yfir farinn veg og feril þeirra í Írafári minnst hún sérstaklega á hversu skemmtilegt hafi verið að taka upp plötu númer tvö.

„Þá gátum við leyft okkur að taka músíkina einu skrefi lengra. Við förum yfir í meira rokk en það eru að mínu mati algjör forréttindi að fá að leika sér svolítið með tónlistina. Mér finnst tónlistin okkar hafa þróast vel og mér finnst hún rosalega lík okkur. Við höfum aldrei reynt að gera eitthvað sem er vinsælt eða reynt að herma eftir öðrum heldur gerum við bara það sem við filum. Svo er það einungis heppni að fólk virðist vera að fíla það,“ segir Birgitta ánægð með að vera aftur komin á skrið með sveitinni.

„Það er ótrúlegt hvað maður saknar þessa og æðislegt að vera aftur farin að spila með strákunum. Við tókum nú þessa hálfisárs pásu aðallega til þess að hvíla okkur sjálf. Útkoman er sú að við erum betur í stakk búin til að byrja aftur af fullum krafti og getum sungið áfram fyrir fólk af því að okkur langar til þess. Við erum ekkert þreytt og komum tvíeðld til baka.“ segir þessi lífsglaða og duglega söngkona sem mun í dag skemmta á fjölskyldudegi Sjóvárs ásamt Vigni félaga sínum úr Írafár. Þau spila nokkur lög fyrir utan íþróttahúsið á Strandgötu í Hafnarfirði klukkan hálfjögur í dag. ■

## SMS leikur

Sendu SMS skeytið **JA MMF** á númerið **1900** og þú gætir unnið. **12.** hver vinnur.

# Mr. & Mrs. Smith

Vinningar eru:  
Miðar f. 2 Mr & Mrs Smith  
Glæsilegur varningur tengdur myndinni t.d. úr og bolir  
DVD myndir  
Margt fleira.

99 kr/skeytið.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu komin í SMS klubb.





## ÓMISSANDI

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL  
OG GUÐMUNDUR JÓNSSON

### Flygill og pítsa



Ragnheiður Gröndal söngkona og gítaristinn í Hjálmmum, Guðmundur Kristinn Jónsson, völdu þrjá ómissandi hluti.

Ragnheiður Gröndal heillaði alla upp úr skónum á frumsýningu verksins *Móðir mín, dóttir mín* í Hafnarfjarðarleikhúsinu 1. júní, en hún sér um tónlistina í leiksýningunni. Næsta verkefni Ragnheiðar er djasshátíð í Kaupmannahöfn þar sem hún kemurfram með átta manna hljómsveit.

**Geisladiskasafnið** náttúrulega, ég get ekki verið án þess. Ég hlusta alltaf á diska í bílnum og alltaf þegar ég er ekki að gera eitt-hvað annað.



**Flygillinn minn** er mjög mikilvægur. Ég spila á hann á hverjum degi og sem á hann og æfi mig. Ég gæti ekki verið án hans.

**Laptop-tölvun,** þar hef ég allar upplýsingar, email, skjöl og nótur. Svo er ég með mikilvæg upptökuforrit á tölvunni og önnur tónlistarforrit.



**Kiddi í Hjálmmum,** eða Guðmundur Kristinn Jónsson eins og hann heitir fullu nafni, er að spila með hljómsveitinni á Nasa í kvöld og svo er stefnan tekin á G-festival í Færeyjum í júlí. Kiddi vinnur nú að kántríplötu í samstarfi við Baggalút sem á að koma út fyrir verslunarmannahelgina. Fyrsta lagið, *Settu brennivínið í mjólkurglasíð vina*, er komið í spilun og lofar góðu.



**Pítsa í kassa.** Ég fæ mér alltaf eina pítsu á dag. Ég reyni að gera það á hverjum degi, það tekst nú ekki alltaf. Ég

fékk til dæmis enga pítsu í Rússlandi þó að ég hafi leitað mikið. **Derhúfan mín.** Það er af því að ég er að verða sköllóttur, þá verð ég að vera með derhúfu.



**Geislaspilarinn minn** Ég er búinn að prufa að kaupa Ipod og svona ný-tiskudót en það gengur ekki. Ég sef með eyrnatólin í eyrunum og spilarann við hliðina á mér. Þá get ég hlustað á tvö lög í morgunsárið.



ÁHRIFAVALDAR HARALDUR ÓLAFSSON VEÐURFRÆÐINGUR

## Finnur vísaði vísindavegin

Minn góði æskuvinnur, Finnur Lárusson stærðfræðingur í Kanada, hafði bein áhrif þegar hann átti þátt í því að ég valdi vísindin fram yfir viðskipti. Við Finnur kynntumst í upphafi skólagöngu við Melaskólann og urðum bestu vinir. Sjálfur tók hann mjög ákveðna stefnu á vísindi í barnaskóla og ætlaði sér að verða líffræðingur, en tók stefnuna á stærðfræði eftir tólf ára aldurinn og hefur stundað síðan. Finnur lagði mikið upp úr bóklegu námi og taldi rétt að kunna skil á því sem ætlast var til, og þá alveg upp á tíu, en ekki 9,5. Sú einkunn þýddi ekki að 95 prósent væru rétt, heldur að fimm prósent væru vitlaus, sem var al-



**FINNUR LÁRUS-  
SON** stærðfræðingur

varlegt mál. Finnur minnti mig því reglulega á að við-eigandi væri að kunna skil á því sem maður tæki sér fyrir hendur að læra.

Trúlega höfum við nú spanað þetta hvor upp í öðrum og Finnur segði sjálf sagt það sama um mig, en þessi mótun fór fram strax í fyrstu bekkjum grunnskólans. Við tókum upp á ýmsu saman, þar á meðal skrifuðum við greinar í Moggann um trúarbrögð og þróunarkenninguna, sem voru hvorki

uppfullar af hógværd né umburðarlyndi gagnvart trúarbrögðum og sögðum nánast umbúðalaust að trúarbrögð væru birtingarmynd fáfræði, sem ýms-um þótti ekki sniðugt. Ég hef alltaf verið veikur fyrir viðskiptum, ekki síst þegar ég var yngri, en Finnur sannfærði mig um að vísindi væru verðugri viðfangsefni, sem ég er ekki endilega viss um að sé rétt. Hann taldi aðra geta sinnt viðskiptum, og stuðlaði að því að ég valdi vísindin. Reyndar þurfti ekki mikinn sannfæringakraft til, ég var veikur fyrir vísindum og hafði frá barnæsku haft gríðarlegan áhuga á veðrinu. Það kitlaði valdið að lyfta stóra steininum: að



geta náð tökum á lofthjúpnunum. Hins vegar hefur heimurinn breyst síðan þá. Standi maður sæmilega sterkur í fræðum eins og lofthjúpsfræðum spretta upp viðskiptatækifæri. Þau tækifæri fá farveg í Reiknistofu í veðurfræði sem ég á hlut í og reyndar er það svo að Reiknistofan styður við vísindin ekki síður en vísindin við hana, þannig að á endanum komu viðskiptin og fræðin saman.

SONY

# Sumartilboð í Sony Center

## 512 MB minniskort fylgir!



512 MB minniskort  
að verðmæti 10.995,-  
fylgir með!



DSC-S90 & 512 MB minniskort  
**Stafræn myndavél**  
• 3x optical Carl Zeiss linsa  
• 4,1 milljón pixlar  
• 2,5" skjár

**3.495 krónur á mánuði vaxtalaust\***  
41.940 krónur staðgreitt



DSC-T7 & 512 MB minniskort  
**Stafræn myndavél**  
• 3x optical Carl Zeiss linsa  
• 5,1 milljón pixlar  
• 2,5" skjár

**4.995 krónur á mánuði vaxtalaust\***  
59.940 krónur staðgreitt



DSC-P200 & 512MB minniskort  
**Stafræn myndavél**  
• 3x optical Carl Zeiss linsa  
• 7,2 milljón pixlar  
• 2" skjár

**4.495 krónur á mánuði vaxtalaust\***  
53.940 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

Sony Center



# Rík verðsamkeppni í miðbænum



LÍF EFTIR VETRADVALANN Skólum er nú flestum lokið og þúsundir komnar í sumarfrí. Þá eykst til muna aðsókn á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur, verðlag er víðast hvar skaplegt og ljóst að samkeppnin er rík.

Færa má rök fyrir því í flestum tilfellum að verðsamkeppni sé ríkjandi í miðbæ Reykjavíkur, sé tekið mið af verðkönnun Fréttablaðsins sem gerð var í vikunni. Kemur þar í ljós að verð á kaffidrykkjum er áþekkt meðal þeirra rúmlega 30 staða sem kannaðir voru en munurinn jókst þegar kom að heitum réttum eins og samlokum og súpum.

Kannað var verð á ellefu vörutegundum. Þar á meðal voru fimm tegundir kaffidrykkja en úrval slíkra drykkja fer vaxandi á kaffistöðum borgarinnar og reyndar víða um land. Enn fremur var kannað verð á einfaldri samloku sem flestir staðirnir buðu upp á, sem og súpu dagsins sem einnig er víða í boði.

## Hellingur á útleið

Fyrst er til þess að taka að hið gamla – og ekki svo mjög góða – könnukaffi eða uppáhellingur er víðast hvar á útleið og mjög misjafnt er þessa dagana hvað neytandinn fær í bollann þegar beðið er um venjulegt kaffi. Margir þeirra staða sem þátt tóku bjóða sínar eigin blöndur, sem geta verið breytilegar dag frá degi. Eins er munur á hvernig kaffið er framreitt. Bollastærð getur verið misjöfn og á stöku stað fær viðkomandi sinn eigin brúsa sem dugar auðveldlega í tvo til þrjá bolla. Algengast er að ein ábót fylgi með hverjum bolla en á því eru þó undantekningar.

Séu kaffi- og tetrykkir teknir sér reyndist kaffihús Súfistans á efri hæð Máls og menningar dýrast í öllum flokkum nema einum. Reyndist það eini staðurinn sem seldi kaffibolla dýrar en 300 krónur og munaði þannig 110 krónum á Súfistanum og þeim þremur stöðum sem seldu bollann á 200 krónur. Almennt verð yfir línuna var 250 krónur.

Verð var einnig svipað víðast þegar kom að cappuccino, latte, espresso eða mocca. Einfaldur espresso var 150 krónum ódýrari á Cafe Rosenberg en á Galileo, þar sem verðið var 300 krónur. Cappuccino fékkst á verði frá 250 til 340 og latte frá 250 til 350. Swiss mocca var dýrast á Súfistanum á 370 en ódýrast á Angelo aðeins ofar á Laugaveginum á 280 krónur.

## Ekki er kálið sopið

Langflestir staðirnir í könnuninni buðu gestum sínum upp á léttmeti

með kaffinu og var þá algengast að í boði væri súpa, samlokur eða í einhverjum tilfellum vel útiláttnir hamborgarar. Var í könnuninni litið til þess að um snarl eða léttan hádegisverð væri að ræða og bjóða margir staðanna mun meira úrval af slíkum réttum og öðrum sem ekki eru teknir fyrir hér.

Sex aðilar bjóða súpu á 490 krónur og fylgdi í öllum tilfellum brauð með. Dýrast reyndist súpan vera á 900 krónur á Svarta kaffinu.

## „Séu kaffi- og tetrykkir teknir sér reyndist kaffihús Súfistans á efri hæð Máls og menningar dýrast í öllum flokkum nema einum.“

Samlokur voru víða fánlegar og miðaðist könnunin við hina klassisku með skinku og osti. Hún fékkst víða en munur var á hvort hún var framreidd köld, ristud eða grilluð. Á stöku stað fylgdi salat og jafnvel skammtur af frönskum kartöflum með og

minnst þrjár staðir buðu þannig samlokur á tveimur eða þremur hæðum. Í þeim tilvikum sem margar tegundir af samlokum voru á matseðli miðast verðið við þá ódýrustu hverju sinni.

Kaffihúsið Cultura í Alþjóðahúsinu reyndist bjóða dýrustu samlokuna, á 1.250 krónur, meðan Ömmukaffi á Lækjargötu bauð sams konar samloku á 250. Þó er stór munur á enda samloka Ömmukaffis köld og án meðlætis meðan samlokun á Cultura getur sannarlega kallast máltíð. Einna mest frávik reyndust þannig vera á verðlagningu á samlokum og eru aðrir staðir alls staðar þarna á milli.

Aðeins tæpur helmingur staðanna bauð upp á hamborgara og reyndust þeir ódýrastir á Prikinu á 700 krónur en tæpar 1.500 á Thorvaldsen.

## Sex staðir banna reykingar alfarið

Reykingar reyndust alfarið bannaðar á alls sex stöðum af þeim 33 sem kannaðir voru. Á öllum öðrum var skýr skipting milli reyk-svæða og reyklausra. Hið reyklausu Segafredo á Lækjartorgi

býður reykingafólki borð úti undir beru lofti og fylgir þá hlýtt teppi með kjósi menn að nota það.

## „Reykingar reyndust alfarið bannaðar á alls sex stöðum af þeim 33 sem kannaðir voru.“

Höfðu nokkrir veitingamenn á orði að hugmyndir þingmanna um að banna alfarið allar reykingar á samkomustöðum væru út í hött enda væru nú þegar nokkrir reyklausir veitingastaðir til staðar. Þeim færi eðlilega fjölgandi í takt við eftirspurn en hún hefur ekki verið til staðar í þeim mæli sem þingmenn víðast halda að mati veitingamannanna.

## Sama verð úti og inni

Lofsvert er að enginn þeirra staða sem könnunin tók til og bjóða gestum sínum aðstöðu undir beru lofti hefur hækkað verðskrá sína vegna þess, eins og algengt er erlendis. Þar er venjan að greitt sé aukagjald fyrir þau forréttindi að sitja úti í sól og hita. Tveir veit-

ingamenn sem rætt var við sögðu hugmyndina góðra gjalda verða en sökum þess hve fáa daga sé um að ræða þar sem slíkt sé mögulegt vegna veðurs ár hvert sé það ekki á dagskránni.

## Virk samkeppni

Gróflega má segja að niðurstaðan bendi til að virk verðsamkeppni sé milli kaffi- og veitingahúsa í miðbæ Reykjavíkur. Að Súfistanum undanskildum sker enginn einn staður sig úr hvað verð varðar. Þó ber að taka tillit til að Súfistinn er einnig í ýmsu tilliti bókasafn enda geta gestir þess blaðað í bókum og blöðum Máls og menningar meðan kaffið er sötrað.

Samanburður milli kaffi- og veitingastaða verður aldrei með þeim hætti að allir sætti sig við. Hver og einn staður notar sérstakt hráefni. Allmargir staðanna flytja til að mynda inn sínar eigin kaffibaunir eða kaffiblöndur og er úrvalið eðlilega mun meira á þeim stöðum en öðrum. Aðstaða og áherslur eru einnig mismunandi og hver og einn staður hefur sína sérstöðu.

albert@frettabladid.is

	Kaffi	Cappuccino	Espresso	Latte	Swiss Mocca	Te	Súpa dagsins	Samloka	Gos	Bjór	Hamborgari	Reykingar leyfðar
Cultura	240	270	220	300	320	220	550	1250	220	600	1150	Já
Kofi Tómasar frænda	250	280	220	280	300	250	490	450	250	550		Já
Prikið	250	290	200	250	300		490	690	300	600	700	Já
Ari í Ögri	250	300	250		350	250	890	490	250	600	1190	Já
Kaffi Sólon	250	300	250	300	300	250	550	890	300	600	1150	Já
Kaffitár	250	280	240	300	340	250		300				Nei
Kaffihús Kökumeistarans	250	300	250	300	350	220	650	590	250	600		Nei
Cafe Rosenberg	250	300	150	300	350	250		400		500		Já
Hressó	250	290	250	290	350	250		1190	350	600	990	Já
Ömmukaffi	220	260	250	300	300		600	250	190			Nei
Apótekið	250	300	240	260	310	250	670	890	270	630		Já
Kaffibrennslan	250	260	220	280	300	220	750	690	300	600	950	Já
Póstbarinn	270	300	270	300	350	270	550		270	600	1190	Já
Café Paris	250	300	250	300	320	250	580	550	250	650		Já
Thorvaldsen	250	300	250	300		250	690	790		700	1490	Já
Cozy	270	300	220	300	340	270	490	490	270	500		Já
Cafe Victor	250	300	250	300		250	590	900	250		990	Já
Galileo	270	320	300	320	320		650		270	700		Já
Segafredo		290	220	310	340	270		290	250	600		Nei
Kaffi Vín	250	280	200	280	330	250	550	350	250	500	890	Já
Svarta Kaffið	250	300	250	300	350	250	900	800	250	500		Já
Cafe 17	200	250	200	200		150			150			Nei
Café Bakhúsið	200	300	200	330	300	200	590	350	200	600		Já
Dillon	200	300	300	250		200		200	200	550		Já
Tíu dropar	250	300	200	200	330	250	490	450	250			Já
Te & Kaffi	250	260	200	270	320	250	650	490		650		Nei
Angelo	250	270	240	290	280	250	650	1190		600	1190	Já
Tuttugu og tveir	250	280		280	320	250	490	850	250	500	950	Já
Pasta Basta	250	300	250	300		250		770	250	600	750	Já
Kaffi Oliver	250	280	250	280	300	280	490	790	300	550	990	Já
Kaffi Hljómalið	250	280	250	290	320	250		650				Nei
Vegamót	220	270	240	280	300	200	490	690	250	600	1190	Já
Súfistinn	310	340	290	350	370	310	510	480	280			Nei



# Opnumar tilboð



Opnum nýja og glæsilega verslun í Firði, Hafnarfirði  
**kl. 11**  
á laugardaginn

**Fartölva**

**TOSHIBA Satellite**  
PSL10E-00M01RED  
**TOSHIBA SATELLITE L10-132**

- Intel® Celeron M 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024x768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari

• **69.999**  
• ~~119.999~~

• aðeins **10** STK  
• **42% afsláttur**



Mætið tímanlega

**Ofurtölva**

**MEDION® XXL<sup>2</sup>**  
**MEDION V6 XXL TV**

- Intel Pentium 4 3.0GHz
- ATI RADEON 9800XXL 128MB DDR
- TVOUT, DVI, DSUB
- 160GB 7200 rpm
- 512MB DDR vinnsluminni
- DVD drif
- DVD skrifari

• **49.999**  
• ~~109.999~~

• aðeins **10** STK  
• **55% afsláttur**

**Playstation 2**

• aðeins **30** STK

• **4.999**  
• ~~12.999~~

• **62% afsláttur**

**Heimabíókerfi**

**Panasonic**  
Heimabíókerfi m/DVD  
SCHTS20

- Magnari 500W RMS
- Útvarp FM/AM RDS
- 5 hátalarar + Bassahátalari

• **19.999**  
• ~~49.999~~

• aðeins **15** STK

## Opnum kl. 11 í dag

**DVD myndir**

• aðeins **50** STK  
• aðeins **50** STK  
• aðeins **50** STK  
• aðeins **50** STK  
• aðeins **50** STK

• **499**  
• ~~799~~

• Frábært verð

**PS2 leikir**

• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK

• **799**  
• ~~2.999~~

**Tónlist**

• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK

• **499**  
• ~~799~~

• **75% afsláttur**

**PC leikir**

• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK  
• aðeins **30** STK

• **799**  
• ~~2.999~~

• **Ofur tilboð**

**Forsala á PSP**  
Tveir leikir fylgja!

• **24.999**

# BT

Tilboðin gilda aðeins í BT Hafnarfirði

• aðeins **50** STK

• **99**  
• ~~1.999~~

• **1stk. á mann**

• Hvert spil

Sony PSP leikjatölva í tilefni af opnum BT í Firði Hafnarfirði verður forsala á PSP leikjavélinni. Tveir leikir að eigin vali fylgja hverri vél. Þú færð vélina afhenta í september.

Aðeins í BT Hafnarfirði





### Heyrst hefur ...

... að úrvalsdeildarfélag West Ham sé á eftir Íslendingunum Heiðari Helgusyni og Ívar Ingimarssyni, sem báðir gerðu frábæra hluti í ensku 1. deildinni í vetur. West Ham er talið ætla að bjóða eina og hálf milljón punda í Heiðar, sem skoraði 20 mörk fyrir Watford. Ívar fer á eitthvað minna.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### HANDKNATTLEIKSKAPPINN SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON: FRÁBÆR ENDIR Á TÍMABILINU

## Í liði ársins í þýsku úrvalsdeildinni

Handboltamaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson átti frábæran seinni hluta á nýliðnu tímabili með þýsku liðinu Grosswallstadt, sem sést best á því að hann hefur verið valinn í lið ársins í þýsku deildinni en það er hið virta tímarið Handball Woche sem sér um valið á liðinu. Þrátt fyrir hvern stórleikinn á fætur öðrum eftir áramót ákvað nýr þjálfari Grosswallstadt að láta Snorra fara og taldi sig ekki hafa not fyrir hann og hann er nú genginn til liðs við Minden.

„Þetta er virkilega gaman og mér er sýndur mikill heiður með þessu. Þetta gefur mér kannski ekkert mikið meira en það en samt er ekki leiðinlegt að fá svona viðurkenningu fyrir góða frammistöðu.“ sagði Snorri Steinn.

„Kannski ýtir þetta eitthvað við þeim hjá Grosswallstadt en ég lít samt ekki þannig á það. Það besta var að ég stóð mig vel eftir áramót og gat kvatt liðið á þann hátt eftir erfiða tími fyrir jól. Mér leið vel hjá liðinu og eignaðist góða vini, það voru margir sem reyndust mér vel. Þjálfarinn sem vildi ekki hafa mig hugsar sig kannski tvisvar um núna.“

Auk Snorra eru í liði ársins Jan Holpert, Lars Christiansen, Kyung-Shin Yoon, Johan Pettersson, Marcus Ahlm og Björn Navar-



in. „Það er óneitanlega gaman að sjá nafnið sitt kringum þessa menn og það eykur sjálfstraustið og gefur mér til kynna að ég er á réttri leið.“


Það vantar náttúrulega ekki úrvalið af góðum miðjumönnum og bara leikmönnum almennt í þessari deild og fyrir mig, ungan mann á öðru ári í deildinni, kemur þetta nokkuð á óvart. Þetta eykur kannski pressuna á mig frá stuðningsmönnum Minden en ég er ákveðinn í að standa mig enn betur á næsta tímabili.“ sagði Snorri.

### > Við mælum með ...

... að fólk fjölmenni í Laugardalinn í dag og taki þátt í að styðja íslenska knattspyrnulandsliðið til sigurs gegn Ungverjum. Spáin er góð, miðaverð í sögulegu lágmarki og því engin ástæða til annars en að skella sér á völlinn og hafa gaman af. Áfram Ísland!

### > Við hrósum ...

... Snorra Steini Guðjónssyni fyrir að sýna einstakan karakter þegar á móti blés. Í stað þess að leggjast niður og væla reif hann sig upp og spilaði frábæran handbolta. Hann uppskar landsliðssæti á ný, sem og sæti í liði ársins í þýsku úrvalsdeildinni, sem er einstakur árangur.



### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7

### Laugardagur

#### LEIKIR

- 18.05 Ísland og Ungverjaland mætast á Laugardalsvelli í undankeppni HM.
- 18.05 HK og Völsungur mætast á Kópavogsvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.

#### SJÓNVARP

- 14.50 Heimslíðið – Ciudad Real á RÚV.
- 17.55 Ísland-Ungverjaland á RÚV. Bein útsending frá undankeppni HM.
- 19.05 Ísland-Ungverjaland á RÚV. Bein útsending frá undankeppni HM.
- 22.00 Hnefaleikar á Sýn. Viðureign Tszu og Hatton í beinni útsendingu.

## Vorum arfaslakir í fyrri hálfleik

Íslenska 21 árs landsliðið olli miklum vonbrigðum í 0-1 tapi fyrir Ungverjum á Víkingsvöllum í gær.

**FÓTBOLTI** Íslenska 21 árs-liðið tapaði 0-1 fyrir Ungverjum í undankeppni Evrópumótsins í gær og olli leikur liðsins miklum vonbrigðum. Ungverjar skoruðu sigurmarkið á 13. mínútu og hélt á þessu eina marki út leikinn og þar með eru allir möguleikar íslenska liðsins úr sögunni.

Eftir frábæra frammistöðu í heimaleikjum sínum síðasta haust var allt annað uppi á teningnum á Víkingsvöllum í gær, íslenska liðið virkaði stemningslaust og spilið gekk mjög illa enda allir leikmenn liðsins óruggir með boltann og lítið sjálfstraust var í öllum aðgerðum. Ungverjar gáfu eftir svæðin í kjölfar marksins og íslenska liðið hafði völdin á völlum í seinni hálfleik, sem var betri

en sá fyrri en langt frá því að vera ásættanlegur. Ungverjar fögnuðu vel í leiklok enda eiga þeir enn möguleika á að komast áfram en vonandi lagði íslenska liðið ekki línurnar fyrir A-landsliðið, sem mætti og horfði á leikinn en þarf að gefa miklu meira af sér í dag ef Ísland ætlar sér einhver stig út úr þessari heimsókn Ungverja.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska liðsins, gat ekki verið sáttur með leikinn. „Við vorum ekki að ná eins og í fyrri að spila okkar besta leik. Við vorum alveg arfaslakir í fyrri hálfleik og strákarnir voru alls ekki nægilega stemmdir. Við vorum langt frá okkar mönnum og þeir hirtu alla lausa bolta. Seinni hálfleikurinn var hins vegar virkilega góður og þá var miklu meiri

kraftur í okkar leik og allt annað að sjá til liðsins. Með heppni hefðum við getað jafnað leikinn. Þeir voru ekki að skapa sér nein færi og við vorum að setja pressu á þá.“ sagði Eyjólfur en úrslitin hljóta að vera svekkjandi því ekki er þetta ungverska lið sterkt.

Eyjólfur segir þessa leiki vera mikinn skóla. „Þetta eru strákar sem eru að læra og taka framförum og þeir eiga eftir að læra af þessum leik að það gengur ekki að mæta til leiks á 80% hraða. Menn verða að mæta af 100% krafti ef árangur á að nást.“

ooj@frettabladid.is

**EMIL SÁST EKKI** Emil Hallfredsson fann sig ekki í gær og var einn margra leikmanna liðsins sem spiluðu langt undir getu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



## Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a.: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggríps-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins

**kr. 1.699.000** beinskiptur

kr. 1.899.000 sjálfskiptur

Nýtið ykkur hagstætt gengi!

Kalos SE  
kr. 1.199.000,-

Lacetti Sport  
kr. 1.499.000,-

Lacetti CDX  
kr. 1.599.000,-

Lacetti CDX Station  
kr. 1.699.000,-

Tacuma CDX  
kr. 1.689.000,-

Evanda Executive  
kr. 2.395.000,-

Bílabúð  
**Benna**

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

**CHEVROLET**



# Ný andlit í byrjunarliði Íslands gegn Ungverjum

Landsliðsþjálfararnir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson stilla upp nokkuð sóknjörfu liði gegn Ungverjum í dag og eru þrír leikmenn með mjög litla reynslu í byrjunarliði íslenska liðsins.

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Stefán Gíslason munu í fyrsta sinn verða í byrjunarliði landsliðsins þegar liðið tekur á móti Ungverjalandi í undankeppni HM á Laugardalsvelli í dag. Gunnar Heiðar mun leysa af Heiðar Helguson sem fremsti maður, en Heiðar er í leikbanni, og Stefán tekur stöðu Jóhannesar Karls Guðjónssonar sem djúpur miðjumaður en Jóhannes ákvað fyrir skemmstu að gefa ekki lengur kost á sér í landsliði.

Tilvera Gunnars í liðinu kemur nokkuð á óvart þar sem hann er einn reynsluminnsti leikmaður liðsins og á alls að baki ekki nema tvær mínútur með ís-

lenska liðinu frá því að hann kom inn á í lok leiksins gegn Ítalíu í lok mars á þessu ári. Stefán á að baki fjóra landsleiki, alla sem varamaður.

Annars er ekki svo marga sem kemur á óvart í liðsvali Ásgeirs og Loga og stilla þeir upp í eins konar 4-4-1-1 leikkerfi. Eiður Smári Guðjohnsen mun leika fyrir aftan Gunnar Heiðar og sinna svipuðu hlutverki og hann gerði síðari hluta nýafstáðinnar leiktíðar með Chelsea. Hann mun vera í hlutverki arkitektsins hjá íslenska liðinu og sjá um að byggja upp sóknaraðgerðir þess. Stefán verður við hlið Brynjars Björnssonar og eiga

þeir að sjá um að riðla miðjuspili Ungverja og stöðva þeirra aðalmann, leikstjórnandann Zoltan Gera hjá WBA. Þá tekur Pétur Marteinson stöðu Hermanns Hreiðarssonar við hlið Ólafs Arnar Bjarnasonar í miðri vörninni en Hermann á við meidli að stríða. Á milli stanganna fyrir aftan þá stendur að sjálf-sögðu Árni Gautur Arason.

Fróðlegt verður að sjá hvernig öðrum reynslulitlum leikmanni, Grétari Rafni Steinssyni, vegnar af í hægri bakverðinum, en hann er mun sóknjörfari leikmaður



en Kristján Örn Sigurðsson, sem leikið hefur þá stöðu í síðustu leikjum Íslands en þarf nú að sætta sig við sæti á bekknum. Indriði Sigurðsson verður að venju í vinstri bakverðinum en á

vængjunum er síðan að finna þá Arnar Þór Víðarsson og Gylfa Einarsson, leikmenn sem báðir eru vanir að spila inni á miðjunni með sínum félagslíðum og eru því ekki í sinni kjörstöðu.



**SJÓ SINNUM UPP Á PALL**  
Sundmaðurinn Jakob Jóhann Sveinsson fór oftast upp á verðlaunapalla af íslenska sundfólkinu á Smábjóðaleikunum í Andorra. Jakob Jóhann vann alls sjö verðlaun, 1 gull, 5 silfur og 1 brons.

FRÉTTABLAÐID/TEITUR

Íslenska sundfólkið gerði frábæra hluti í Andorra:

## Allir fengu verðlaun

**SUND** Íslenska sundfólkið lauk keppni á Smábjóðaleikunum í gær og uppskeran er glæsileg. Ísland vann alls 34 verðlaun, tvöfalt fleira en næsta þjóð, Kýpur, og einum verðlaunum meira en á síðustu leikum sem fram fóru á Möltu.

Ísland fór út með mjög ungt lið að þessu sinni en þessir krakkar stefna öll á að komast inn á Ólympíuleikana í Peking eftir þrjú ár og fengu þetta framtíðarsundfólk Íslands dýrmæta keppnisreynslu á þessum elleftu Smábjóðaleikum. Íslensku krakkarnir unnu 11 gull, 11 silfur og 12 brons að þessu sinni en fyrir þremur árum vann Ísland 11 gull, 14 silfur og 8 brons eða alls 33 verðlaun. Það sem gladdi kannski hópinn mest var þó það að allir sundfólkið vann sér inn verðlaun. Hilmar Pétur Sigurðsson var sá síðasti til að næla sér í verðlaunapening þegar hann vann brons í 1500 metra skriðsundi.

Anja Ríkey Jakobsdóttir vann flest gull í íslenska sundliðinu auk þess sem hún kom að báðum Íslandsmetunum sem voru sett á leikum. Anja Ríkey sem syndir fyrir Ægi vann fjögur gull og eitt

silfur þar af tvö gull í einstaklingsgreinum. Anja setti sjálf Íslandsmet í 100 metra baksundi á fyrsta spretti í 4x100 metra fjórundi í fyrradag og var síðan í boðsundsveitinni sem setti glæsilegt Íslandsmet í 4x100 metra skriðsundi á síðasta deginum í gær.

Jakob Jóhann vann flest verðlaun í íslenska sundliðinu eða alls sjö, eitt gull, fimm silfur og eitt brons. Jakob Jóhann vann 4 af þessum verðlaunum í einstaklingsgreinum og þrjú með boðsundsveitunum.

Hin 15 ára Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni í Grafarvogi vann flest verðlaun hjá stelpunum en hún vann til sex verðlauna á sínum fyrstu leikum, 3 gull, 1 silfur og 2 brons en fjögur af verðlaunum hennar komu í einstaklingsgreinum.

Ragnheiður Ragnarsdóttir og Erla Dögg Haraldsdóttir unnu báðar þrjú gull og fjögur verðlaun alls en Erla Dögg ásamt Sigrúnu Brá og Önju Ríkey voru þær einu í íslenska hópnum sem náðu að vinna tvær einstaklingsgreinar í sundkeppninni í Andorra.

ooj@frettabladid.is

Smábjóðaleikarnir í Andorra í gær:

## Tvö gull í hús í tækvondó

**SMÁBJÓÐALEIKAR** Björn Þorleifsson og Auður Anna Jónsdóttir unnu bæði gull í tækvondókeppni Smábjóðaleikanna í gær og það með miklum glæsibrag.

Björn vann báða bardaga sína með yfirburðum. Úrslitabardaginn var á móti Christos Pilavakis frá Kýpur og hann vann Björn 13-8.

Það sama var uppi á teningnum hjá Auði Önnu, sem einnig vann báða sína bardaga með

yfirburðum. Í úrslitabardaganum mætti hún Angelica Medina De Diego frá Andorra. Auður Anna var komin yfir með 8-0 í fyrstu lotunni þegar handklæðinu var hent inn í hringinn frá þjálfara Angelicu.

Annað gull kom í hús í borðtennis í gær. Þá tryggðu þeir Guðmundur Stephensen og Adam Harðarson gull í tvíliðaleik.

-ooj

**Er vinningur í lokinu?**

# Engjabykkni Sumarleikur

**10** iPod mini  
Apple IMC á Íslandi  
[www.apple.is](http://www.apple.is)

**2** Ferðavinningar að upphæð  
**100.000 kr.**  
**SUMAR FERÐIR**

**10** Stafrænar myndavélar  
**Canon IXUS 40 / 4.0 MEGA PIXELS**

**20** iPod shuffle 512  
Apple IMC á Íslandi  
[www.apple.is](http://www.apple.is)

**314** VINNINGAR

Meira Engjabykkni og þú gætir unnið aftur!

## Fjöldinn allur af vinningum

Tveir ferðavinningar að verðmæti 100.000 kr. frá Sumarferðum  
Canon stafrænar myndavélar • iPod mini • iPod shuffle  
Fjölskylduspil • Bakpokar • Kælitæki í bíl (rafmagn)  
Leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið • Bíómiðar í Smárabíó og Regnbogann • Subway-máltíðir • Engjabykkni í kassavís

Vinninga skal vitja hjá MS/MBF, Bitruhálsi 1, fyrir 1. október 2005, sími 569 2200.

www.ms.is



# KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!



ÁÐEINS  
**395 kr.**

**Hér & nú**

## STUÐ MILLI STRÍÐA · Klofið sjálf

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR REYNIR AÐ LOSA SIG VIÐ BANDARÍSKA SJÁLFIÐ

MYND: HELGI SIGURSSON



Ljóstráð upp um bandarískar taugar mínar. Fljótlega sá ég að þetta yrði erfiðara en ég hélt. Vinnufélagarnir gerðu grín að kaneltýggjóinu mínu. Á skemmtistöðum bæjarins er dansstíllinn minn farinn að líkjast ískyggilega mikið bump nígrind dansi Bandaríkjamanna. Ég ætlaði að hreinsa af mér BNA-slikjuna með

því að kaupa mér harðfisk og skyr – en harðfiskurinn er drulludýr (eins og reyndar flest annað) og gamla góða skyrið er svo súrt að það er ekki étandi.

Nú vandaðist málið. Það er ekki gott afsagnar að vera matvönd dekurdrós með Bandaríkin á heilanum. (Sérstaklega ekki á alvarlegri fréttastofu þar sem aðaltískan er að gagnrýna Bandaríkjamenn sem mest). Í fyrstu reyndi ég að útskýra málið. Sko það er til sykurlaust jógúrt úti sem er ekki nærri því jafnsúrt og sykurlausa skyrið.

En auðvitað gerði þetta illt verra. Vinir, vinnufélagar og vandamenn eru nú orðnir langþreyttir á samamburði mínum á þessu og hinu í BNA og á Íslandi. Þegar ég er í Bandarík-

junum lendi ég í því sama: íslenska vatnið er miklu betra, íslensk tíska er meira kúl...

Ég er sem sagt að uppgötva hið fræga divæded self. Sjálfið greyðir klofið og helmingarnir lentu í röngum heimshluta. Þegar ég er á Íslandi er ég amerísk og í Ameríkunni er ég rammíslensk. En að pírtingi vina og vandamanna undanskildum – hvað er svona slæmt við að hafa eitt stykki divæded self? Helmingarnir eru nefnilega í góðum tengslum hvor við annan, eins og heilahvelin tvö. Einhvers staðar í sjálfinu er corpus callosum sem gerir samskipti helminganna auðveldari. Nú býð ég bara spennt eftir að geta skipt sjálfinu að eins meira. Næst á stefnuskránni er að gerast 1/3 Frakki. ■

## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





# SUMMAR OG SÓL



SETTIÐ:

**990,-**

Net og stangir fylgir settinu

**BADMINTÓN SETT**

Fullkomið sett til að selja upp allt miagnað mót í garðinum með allri fjölskyldunni. Settið samanstendur af: 4 spaðar, 2 fjáðurboltar, net og stangir

Jutlandia  
Harbviður



BORÐ + 4 STÓLAR

**48.000,-**

„DAKAR“ BORÐ + 4 „OREGON“ STÓLAR

Stórt og gott borð með stærkkunarplötu ásamt fjórum mjög vönduðum stólum. Glæsilegt sett úr gegnheilum harbviði.

Borð: 24.900,- Stóll: 6.990,-

Jutlandia  
Harbviður



BORÐ + 4 STÓLAR

**19.900,-**

„BRADFORD“ BORÐ + 4 „MARINE“ STÓLAR

Falleg gæðasmíði úr gegnheilum harbviði, sem þalir íslenska veðráttu. Settið samanstendur af fjórum háum stólum, sem hægt er að leggja saman og áttíyrnda borði. Borðið er 110 sm í þvm. Borðið er einnig hægt að leggja saman. Borð 8.990,- Stóll 3.990,-



**990,-**

**KRIKKET SETT**

Með kyllum, boltum, staurum og hlíðum. Núna getur öll fjölskyldan farið út að leika sér.



2 STK.

**889,-**

**GÖNGUSTAFIR**

Virkilega vandáðir og góðir göngustafir með handföngum ásamt öryggisbandi.



VERÐ FRÁ:

**99,-**

**VATNSBYSSUR**

Nú verður þú tilbúin í alvöru vatnsstríð með vatnsbyssunum okkar. Nokkrar stærðir og gerðir fánlegar.



**2.490,-**

„DISNEY“ SVEFNPOKAR

Frábærir barnasvefnpokar fyrir krökkana. Stærð 171x60 sm. Þyngd 980 gr. Mú þvo í vél. Þaki fylgir með.

SPARIÐ  
**10.000,-**



SÓFASETT 3 + 2 ÁÐUR 99.900,-

**89.900,-**

„TORINO“ 3 + 2 SÓFASETT

Þetta glæsilega leðursófa-sett er loksins fánlegt aftur í Rúmfatalagernum á frábæru verði. Komið og gerð góð kaup!

-góð kaup



**RÚMFATA  
LAGERINN**

HERBERGID • BADID • HEIMILID

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



# menning

menning@frettabladid.is



## Kl. 20.00

Víólutónleikar verða í Salnum í Kópavogi í kvöld. Þar flytja **Lars Anders Tomter** víóluleikari, **Gunilla Süßmann** pianóleikari og **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari verk eftir **Robert Schumann**, **Isang Yun**, **Henry Vieuxtemps**, **Bjarne Brustad** og **César Franck**.

Sumardjasstónleikar í bakgarði Jómfrúarinnar:

## Gestir komnir hálf leið til Köben

Það varður óneitanlega heimsborgaralegt andrúmsloft sem einkenir Lækjargötuna í dag, þegar röð sumardjasstónleika hefst í bakgarði Jómfrúarinnar, nú tíunda árið í röð.

„Í upphafi vildum við skapa dönsk áhrif því að djasstónleikar utanhúss eru algengir í Kaupmannahöfn á sumrin,“ segir Jakob Jakobsson smörrebródsjomfru, sem í sumar stendur fyrir tónleikum alla laugardaga á milli fjögur til sex.

„Fyrsta árið sá Magnús Scheving trommuleikari um tónleikaröðina, en allar götur síðan hefur Sigurður Flosason tónlistarmaður haft veg og vanda af skipulagningunni, en einmitt Sigurður og hans kvartett opna tónleikaröðina í dag,“ segir Jakob sem með djasinum vill lífga upp á miðbæinn. „Fólk gengur að því visu ár eftir ár að heyrja hér djass á laugardögum og fær sér hina heilögu þrenningu: öl, snafs og smurbrauð. Reyndar segja margir: „Nú þarf maður ekki lengur að fara til Kaupmannahafnar. Maður er kominn hálf leið.““

Og að sögn Jakobs þykir tónlistarmönnum skemmtilegt að spila í bakgarði Jómfrúarinnar. „Það eru alltaf að aukast fyrirspurnir erlendra djassbanda sem vilja hafa viðkomu hér á leið sinni til frekari tónleikahalds um heiminn og nú þegar eru skráðar þrjár erlendar sveitir í sumar.“



**JAKOB SMÖRREBRÓDSJOMFRU OG SIGURÐUR FLOSASON TÓNLISTARMAÐUR** Sigurður ríður á vaðið síðdegis í dag og spilar eðaldjass með kvartett sínum í bakgarði Jómfrúarinnar í Lækjargötu.

## EKKI MISSA AF...

... sýningu **Önnu Hallin** í gall-erínu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Sýningin ber nafnið **Lending/Landing**. Henni lýkur um helgina.



... menningarhátíðinni á **Grand Rokk** núna um helgina með tónleikum, málþingum, stuttmyndakeppni og leiksýningu.

... **Tilfinningatorginu** í garðinum á bak við Kaffi Hressó, sem stendur frá klukkan 14 til 18 í dag.

## ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ!



### Stóra sviðið kl. 20.00

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur í kvöld lau. 4/6 **örfa sæti laus**, fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 5/6 kl. 14:00. **Síðasta sýning í vor.**

**DÍNAMÍT** - Birgir Sigurðsson

10. sýn. lau. 11/6 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**RAMBÓ 7** - Jón Atli Jónasson

Í kvöld lau. 4/6 **örfa sæti laus**, fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.**

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is) Vefvang: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.

Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**Avaxtakarfan**  
I AUSTURBÆ  
**Selma**  
Eva Appeltina  
Ef spegilinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurast flottast og finnst. Það myndi hann segja við mig.

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Midasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 [www.avaxtakarfan.is](http://www.avaxtakarfan.is)  
Síðustu sýningar fyrir sumarfrí Laugardagur 4. Júní kl. 11:30 Laugardagur 11. Júní kl. 13:30 [www.midi.is](http://www.midi.is)

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

### STÓRA SVIÐ

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**  
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ  
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20,  
Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

**25 TÍMAR**  
Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON. Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-  
**Einstakur viðburður**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**  
- gildir ekki á barnsýningar

Miðasölusími 568 8000 [midasala@borgarleikhus.is](mailto:midasala@borgarleikhus.is)  
Midasala á netinu [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)  
Midasalan í Borgarleikhúsinu er opin:  
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudag

### KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren  
Í samstarfi við Á þakinu  
Í dag kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**,  
Su 12/6 kl 14 **UPPS.**, Su 12/6 kl 17,  
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS.**,  
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,  
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

### NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIDJA HÆÐIN

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Í kvöld kl 20, Su 5/6 kl 20, Fi 9/6 kl 20,  
Fö 10/6 - **UPPS.**, kl 20, Lau 11/6 kl 20,  
Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Lau 17/6 kl 20,  
Su 18/6 kl 20  
**Síðustu sýningar**

# Ólgandi hátíð alla helgina

Hátíð hafsins hefst þegar fjöldi skipa í Reykjavíkurhöfn flautar inn hátíðina á slaginu 10 í dag. Hátíðin er haldin í tilefni af sjómannaárinu, sem er farinn að breiða svolítið úr sér því hátíðin verður bæði á laugardegi og sunnudegi.

Margt verður til gamans gert, meðal annars verður haldin dorgveidiþekkingu á hafsöguprammanum í Suðurbugt, áhafnir skipa fara í knattspyrnukeppni og reiptog á Þróttarvellinum í Laugardal, siglingakeppni Brokeyjar verður ræst með fallbyssuskoti og sett verður á laggirnar flöskuskeyta-smíðja í tjaldi á hafnarbakkanum þar sem myndlistarkonan Helga Katrín Hjálmarisdóttir aðstoðar fólk við að búa til flöskuskeyti.

Þegar skeytin eru tilbúin verður siglt með þau út á Sundin og flöskunum kastað út í hafsauga.

Sjóminjasafn Íslands verður einnig opnað í dag að Grandagarði 8. Fyrsta sýning safnsins er helguð hundrað ára afmæli togaraveiða á Íslandi því nú í ár eru liðin hundrað ár frá því fyrsti togarinn, Coot, kom til landsins. Togarar höfðu geysimikil áhrif á atvinnulíf og hagkerfi landsins og verður þeirri sögu gerð góð skil á sýningunni.

Á Miðbakknum í Reykjavík verða ennfremur opnaðar fjórar sýningar. Ein þeirra er skrautlegt safn fiska sem Hafrannsóknarstofnun hefur safnað undanfarnar vikur. Hinar þrjár eru ljósmyndasýningar.

„Höfnin og hernámið“ nefnist sýning á ljósmyndum sem sýna hlutverk Reykjavíkurhafnar á hernámsárinum. „Fiskisagan flýgur“ er sýning á svarthvítum ljósmyndum Kristins Benediktssonar, sem hann tók bæði úti á sjó og í sjávarplássum víða um land á áttunda áratug síðustu aldar.

Loks verður opnuð sýningin „Ljósmyndir við sjóinn“ sem er sérstæð og falleg sýning á ljósmyndum sem grunnskólabörn hafa tekið. Fjölmargt fleira verður í boði bæði í dag og á morgun, en í kvöld verður haldið glæsilegt sjómannahóf á Broadway þar sem um þúsund manns mæta í mat og skemmta sér á dansleik við undirleik Milljónamæringanna. ■



FRÁ HÁTÍÐINI Í FYRRA Hátíð hafsins verður haldin í Reykjavík núna um helgina í tilefni af sjómannaárinu á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7

### Laugardagur

#### ■ KVIKMYNDIR

16.00 Stuttmyndakeppni verður haldin á Grand Rokk.

#### ■ TÓNLEIKAR

15.00 **Big Kahuna** leikur í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

20.00 **Lars Anders Tomter** víóluleikari, **Gunilla Süßmann** pianóleikari og **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari halda tónleika í Salnum í Kópavogi.

20.30 **Bob** og **Johnny Po** spila á Kaffi Hljómalind ásamt Hljómsveitinni **Jakobinarína**.

23.00 Tónleikar með **Trabant** á menningarhátíð Grand Rokk.

#### ■ LEIKLIST

15.00 Leikfélag **Grand Rokk** frumsýnir leikritið **Lamb fyrir tvo** eftir **Jón Benjamín** í leikstjórn **Lísu Pálsdóttur** á menningarhátíð Grand Rokk.

#### ■ OPNANIR

14.00 **Kristín Blöndal** opnar myndlistarsýninguna **Metamorphosis** í gallerí Sævars Karls.

17.00 **Steinunn Harðardóttir** og **Sæmundur Þór Helgason** opna sýningu í Gallerí Tukt í Hínu Húsinu, Pósthússtræti 3-5.

17.00 **Vilhelm Anton Jónsson, Víli naglbítur**, opnar sína fyrstu opinberu málverkasýningu á Kaffi Sólon, Bankastræti 7.

#### ■ SKEMMTANIR

22.00 **Harmonikuball/Sjómanna-dagsball** verður í Glæsibæ við Álfheima.

22.00 Dúettinn **Sessý og Sjonni** leikur á Hótel Barbró, Akranesi.

**Dj Nonni 900** og **Áki pain** á Pravda.

Hljómsveitin **Karma** skemmtir á Oddvitanum á Akureyri með söngvarann **Labba** úr Mánunum í farabroddi.

**Atli skemmtanalögga** á Traffic í Keflavík.

Hljómsveitin **Logar** frá Vestmannaeyjum verður með stórdansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.

Hljómsveitin **Tilþrif** skemmtir í Vélsmíðjunni á Akureyri.

**Skítamóral** skemmtir á Sjallanum, Akureyri.

#### ■ ÚTIVIST

13.00 **Menningarganga Birnu Þórðardóttur** og Blómadegi Skólavörðustígsgins hefst frá Skólavörðuholti.

#### ■ SAMKOMUR

14.00 **Tilfinningatorgið** verður í garðinum á bak við Hressó til klukkan 18.

20.30 **Hjörleifur Hjartarson** og **Íris Ólöf Sigurjónsdóttir** efna til söngvöku í Minjasafninu á Akureyri.

**Blómadegurinn** verður haldinn í annað sinn á **Skólavörðustígnum** og mun þessi gata blóma, menningar, handverks, hönnunar, sælkeru og heilsufæðis skarta sínu fegursta í sumarbyrjun. Dyr verða opnar fyrir gestum og gangandi til kl. 17.

#### ■ FÉLAGSLÍF

11.30 Áhugamannafélagið **Paris** verður með félagsfund á Kringlukránni.

#### ■ LISTAHÁTÍÐ

17.00 **Pacifica** kvartettinn leikur í Hömrum, Ísafirði.

20.00 Söngkonan **Anne Sofie von Otter** kemur fram í Háskólabíói ásamt **Bengt Forsberg** pianóleikara.

#### ■ BJARTIR DAGAR

12.30 **Dagur lúðrasveitanna** í Hafnarfirði hefst á því að lúðrasveitir leika á ýmsum stöðum í miðbæ Hafnarfjarðar.

14.00 Skógrækt í Undirhlöðum í boði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Mæting við Kaldársel. Leiðsögumaður er **Jónatan Garðarsson**.



# Peningahávaði

## MYNDLIST

GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON

### Listahátíð í Reykjavík

#### Listasafn ASÍ

Ólafur Árni Ólafsson  
Líbia Pérez de Siles de Castro

**Niðurstaða:** „Hér er gengið rösklega til verks og skemmtilegt að sjá alvörufólk fást við alvöruefni og leggja allt í það – og skila sannfærandi árangri.“

Eitt af göfugustu hlutverkum listarinnar er að segja okkur njótendum eitthvað sem við höfum ekki enn komið auga á. Eitthvað sem við vitum í hjarta okkar að er til og er satt – en svari þó hver fyrir sig. Það er sagt að sannleikurinn sé fegurð og að fegurðin sé sannleikur. Þetta getur verið óþægilegt stundum þegar sannleikurinn er ekki fallegur og þá væntanlega góð spurning hvort það ljóta geti verið fallegt bara af því að það er satt? Ég svara þessu hiklaust játandi því því lík upplifun getur vakið mig upp af svefngöngu og fyllt vilja til þess að gera heiminn betri. Og það finnst mér svolítið fallegt.

Þvílík er sýningin í gamla Ás-mundarsal uppá Skólavörðuholti nú á listahátíð. Ólafur og Líbia hafa sett saman verk sem er einn allsherjar hljóðskúlptúr með safni af viðtölum við innflytjendur sem sumir lifa í þeim raunveruleika sem við kærum okkur ekki lengur um. Það er nefnilega svolítið merkileg

staðreynd sem ég veit að er sönn að við gömlu Íslendingarnir sem þekktum peningalyktina erum að fjarlægjast bein tengsl við undirstöðuáttvinnuvegina og innflutt vinnuafli er tekið við í auknum mæli – vinnuafli sem þiggur störfin sem við viljum ekki lengur vinna við. Við erum meira að segja ótrúlega mörg hætt að þekkja fisk nema nánast tilreiddan í vinalægum neytendumbúðum. Sumir þessara innflytjenda ræða um raunveruleika sem okkur er hulinn og frá sjónarhóli sem kemur stundum illa við okkur – nú erum við virkilega svona eftir allt. Til viðbótar viðtölunum eru óþægilegar hljóðupptökur úr fiskvinnslusölum sem byggja þetta hljóðalandslag sem hér er sett fram sem hljóðskúlptúr. Þetta ótrúlega súð peningahávaðans

